**JÚLÍA SIGURÐARDÓTTIR**

*Kennslufræðin er persónulegt nám*

Nám Heilsa Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**HLJÓMSVEITIN BAGGALÚTUR**

*Fékk óvænta innsýn í heilbrigðiskerfið*

Komin heim frá Rússlandi

FÓLK 46









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. apríl 2006 — 104. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Djasshátíð í Garðabæ



Sigurður Flosason og félagar standa fyrir veglegri djassdagskrá í Garðabænum. Sex fjölbreyttir tónleikar verða næstu þrjá daga.

MENNING 50

### Leitin að Sigurskáldinu

Í dag birtast næstu tvö ljóðin í Sigurskáldinu 2006, ljóðakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu, og lýkur þar með annarri umferð. Úrslitaslagurinn fer svo fram um helgina og sjálft Sigurskáldið krýnt í lok Viku bókarinnar.



FÓLK 36

### Fjármál flokkanna

„Stórskuldugur stjórnmálaflokkur er stórháskalegur lýðræðinu því að hann verður háður þeim sem hann skuldar," skrifar Ólafur Hannibalsson.



Í DAG 26

### Bárður í Breiðholtið

Bárður Eyþórsson er hættur að þjálfa körfuboltalið Snæfells eftir fimm ára veru í Stykkishólmi og hann verður kynntur sem nýr þjálfari ÍR í vikunni.



ÍÞRÓTTIR 40

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMA AUSTAN TIL** - Í dag verður yfirleitt hæg austlæg eða breytileg átt. Éljagangur austan til og skúrir suðaustan til annars yfirleitt úrkomulítið. Hiti 0-5 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4




# Gæti kostað Landsbankann milljarð

**Lífeyrissjóður bankamanna er dauðadæmdur að mati sjóðstjórnarinnar komi ekki til leiðréttingar á skertum framlögum sem leiddu af hlutafélagavæðingu Landsbankans. Málsaðilar leita leiða til að komast hjá löngum málaferlum.**

**LÍFEYRISMÁL** Landsbankinn og fleiri aðildarfélög að Lífeyrissjóði bankamanna semja hugsanlega um að greiða sjóðnum samtals um tvo milljarða króna til leiðréttingar á vanreiknuðum lífeyrisgreiðslum. Komi ekki til þess neyðist sjóðurinn til þess að skerða lífeyrisréttindi félagsmanna verulega til að afstýra gjaldþroti.

Dómsmeðferð í máli Lífeyrissjóðs bankamanna gegn Landsbanka Íslands, og fjármála- og viðskiptaráðherra fyrir hönd ríkisins vegna þessa máls, hefur verið frestað að minnsta kosti einu sinni í Héraðsdómi Reykjavíkur meðan reynt er að semja um kröfur sjóðsins, en stefnan var birt í lok júní í fyrra. Lífeyrissjóðurinn krefst þess að bakábyrgð Landsbankans gagnvart sjóðsfélögum verði áfram í fullu gildi en ábyrgðin falli ella á ríkissjóð allt aftur til ársbyrjunar 1998. Heildarskaðabótakrafan á hendur Landsbanka og ríkissjóði nemur 2,6 milljörðum króna vegna rangra forsendna sem stefnandi telur að stuðst hafi verið við þegar Landsbankanum var breytt í hlutafélag.

Í raun telja stjórnendur sjóðsins, að eina leiðin til þess að hann geti starfað sé sú að aðildarfélögin, Landsbankinn, Seðlabankinn, Visa, Reiknistofa bankanna og Fjármálaeftirlitið, verði áfram með bakábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. „Svona geti sjóðurinn alls ekki starfað og sé nú þegar dauðadæmdur," eins og segir í stefnu lífeyrissjóðsins.

Meginkrafa bankamanna er að viðurkennt verði að laun hafi hækkað langt umfram áætlanir eftir að bankarnir voru einkavæddir en það hækkar lífeyrisgreiðslur. Það þyngir skuldbindingar sjóðsins úr takti við það sem greitt var í sjóðinn af mun lægri launum. Eftir því sem næst verður komist gætu frjálsir samningar málsaðila kostað Landsbankann um einn milljarð króna en önnur eins upphæð félli á önnur áðurgreind aðildarfélög. Líklegt er að Landsbankinn geti gert endurkröfu á hendur ríkinu þar sem kaupendur bankans þurftu ekki lögum samkvæmt að gera ráð fyrir bakreikningi af þessum toga.

Mál Lífeyrissjóðsins verður tekið fyrir 9. maí í Héraðsdómi Reykjavíkur fari samningar út um þúfur, en bankamönnum verður gerð grein fyrir stöðu málsins á aðalfundi Lífeyrissjóðs bankamanna 27. apríl næstkomandi.

johannh@frettabladid.is



**BÝSNA STÓRT HÖFUÐ** Þessum hundi varð starsýnt á líkan af höfði risaeðlunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mapusaurus rosaee:

## Var lengsta kjötæta heims

**NEW YORK, AP** Risaeðla, sem hlotið hefur nafnið Mapusaurus roseae, hefur að öllum líkindum verið meira en tólf metra löng og því ein stærsta kjötæta sem vitað er um.

Vísindamenn telja að eðlurnar hafi lifað í hópum og verið býsna ógnvekjandi skepnur.

Steingervingar af beinum úr eðlunni fundust fyrir nokkrum árum í Patagoníu, héraði syðst í Argentínu þar sem mikið er um steingervinga. Beinagrindin er þó ekki heil, þannig að aldrei verður vitað með vissu hve löng hún var. -gb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BJARGAÐ FRÁ DÓNÁ.** Hjón í Smederevo í Serbíu bjarga ungu barni sínu undan flóðunum í Dóná. Fjölmörg héruð í Serbíu eru umflotin.

Flóð í Dóná veldur usla:

## Þúsundir flýja heimili sín

**RÚMENÍA, AP** Flóð í Dóná hefur síðustu dægrin flæmt þúsundir íbúa þorpa í nágrenni árinnar í Rúmeníu, Búlgaríu og Serbíu frá heimilum sínum. Vatnsmagnið í ánni er nú tvöfalt meira en meðalrennsli á þessum slóðum. Það náði í gær 15.800 rúmmetrum á sekúndu, sem er met að sögn yfirvalda í Rúmeníu.

Fjölmennt lið hermanna og sjálfboðaliða vinnur hörðum höndum við að styrkja varnargarða. Á sunnudag þurfti að bjarga 3.000 íbúum bæjarins Rast í Suður-Rúmeníu eftir að varnargarður brast.

Í gær gáfu stjórnvöld út viðvörun um að 10 þúsund manns að auki væru í hættu stödd.

Leysingar hafa valdið miklum flóðum um alla Suðaustur-Evrópu að undanförnu. - aa

The New York Times fjallar um íslensk efnahagsmál:

# Ísland sagt vera víti til varnaðar

**EFNAHAGSMÁL** Bandaríska stórblaðið The New York Times fjallaði í gær ítarlega um íslensk efnahagsmál. Segir þar meðal annars að fjármálasviptingarnar á Íslandi geti reynst öðrum svonefndum „nýmarkaðslöndum" víti til varnaðar, en einnig löndum á borð við Ástralíu og jafnvel Bandaríkin, stærsta hagkerfi heims.

Burðargrein viðskiptafréttahluta blaðsins er helguð umfjöllun um nýjustu sviptingarnar í íslensku efnahagslífi en auk þess er fjallað bæði um þær og boðaða brottför bandaríska varnarliðsins frá Íslandi í skoðanadálki blaðsins.

Í greininni um efnahagslífið segir að á síðustu mánuðum hafi sjóðstjórar alþjóðlegra verðbréfasjóða kippt að sér höndum í fjárfestingum í íslenskum verðbréfum vegna ótta við ofhitnun efnahagslífins, í kjölfar þess að sérfræðingar ýmissa erlendra mats- og fjármálastofnana tóku að vara við því að í slíka ofhitnun og niðursveiflu kynni að stefna hérlendis.



**NÝMARKAÐSLAND** Íslenskt efnahagslíf og brottför varnarliðsins voru til umfjöllunar í New York Times í gær.

Haft er eftir Nicolas Bouzou, aðalhagfræðingi Institut Xerfi, virtrar hagmálastofnunar í París, að þróunin á Íslandi geti reynst vera það „fiðrildisvængjatak" sem sett gæti af stað alvarlega niðursveiflu á fjármálamörkuðum víða um heim. Í mestri hættu séu lönd með „svipaða efnahagssamsetningu", en meðal einkenna hennar nefnir hann fasteignabólu, mikinn vöxt útlána og mjög mikinn viðskiptahalla. Þetta eigi til dæmis við um Nýja-Sjáland, Ástralíu og jafnvel Bandaríkin. - aa

Landhelgisgæslan:

## Tvær þyrlur verða leigðar

**LANDHELGISGÆSLAN** Tvær þyrlur verða leigðar til að styrkja þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslu Íslands. Ríkisstjórnin fjallaði í gær um tillögu Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, þessa efnis. Þyrlurnar eru væntanlegar til landsins fyrir lok september næstkomandi.

Starfsfólki gæslunnar verður fjölgað um rúmlega tíu svo að unnt verði að halda úti tveimur þyrluvöktum allan sólarhringinn allan ársins hring. Einnig verður keyptur búnaður til þeirrar eldsneytis fyrir þyrlur um borð í tvö varðskip.

- shá / sjá síðu 16



## SPURNING DAGSINS?

*Jóhann Ágúst, opnið þið ekki bara 12 Dóna á Istedgade?*

Nei, ég held við látum súlukarlana um það.

Ný verslun 12 Tóna mun opna í Kaupmannahöfn í maí. Jóhann Ágúst Jóhannsson er útgáfustjóri 12 Tóna. Það orð fer af Istedgade að nokkuð sé um vændi og slíka starfsemi þar.

Fastaveldin fimm og Þýskaland ræða Íransmálið í Moskvu:

# Rússar andvígir refsiaðgerðum

**MOSKVA, AP** Rússar eru enn andvígir refsiaðgerðum gegn Íran, en Bretar og Bandaríkjamenn ítreka að þeir ætli að fara fram á að Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki ályktun um að refsiaðgerðir verði óhjákvæmilegar fari Íranar ekki að kröfum Öryggisráðsins um að hætta auðgun úrans eigi síðar en 28. apríl næstkomandi.

Fulltrúar fastaveldanna fimm í Öryggisráðinu, það er Rússlands, Bretlands, Bandaríkjanna, Frakklands og Kína, hittust í Moskvu í gær ásamt fulltrúa Þýskalands. Þeir snæddu saman kvöldverð og ræddu um kjarnorkuáform Írana og hvaða leiðir væru færar til þess að fá þá ofan af þeim.

„Allir kostir eru á borðinu,“ sagði George W. Bush Bandaríkjaforseti í Washington í gær, þegar blaðamenn spurðu hann hvort til greina kæmi að gera árás með kjarnorkuvopnum á kjarnorkumannvirki í Íran.

Gholamreza Ansari, sendiherra Írans í Rússlandi, sagði aftur á móti að Íranar myndu búa sig undir stríð ef þörf krefði.

„Við reynum að gera allt sem hægt er til að leysa málið með friðsamlegum hætti en ein leiðin til að gera það er að búa sig undir alla möguleika, þar á meðal hernaðarmöguleika,“ sagði hann. -gb



**REIÐUBÚNIR AÐ FÓRNA SÉR** Þessir írönsku menn undirrituðu í gær í Teheran skráningarpappíra um að þeir væru reiðubúnir til þess að fórna lífi sínu í árásum gegn Ísrael. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjársvikamál fyrir dómi:

# Ákærðir fyrir falsanir og svik

**DÓMSMÁL** Mál tveggja Nígeríumanna sem grunaðir eru um stórfelld fjársvik, var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Þeir eru grunaðir um að selja Íslendingum á miðjum aldri falsaða peninga. Íslendingarnir eru einnig ákærðir í málinu.

Mennirnir voru með tæki til peningafölsunar við komu til landsins frá Kaupmannahöfn. Tollgæslan grunaði þá í fyrstu um fíkniefnamisferli en engin fíkniefni fundust.

Mennirnir voru á leið af landi brott eftir sólarhringsdvöl þegar 100 þúsund evrur fundust í förum þeirra. Íslendingar höfðu þá keypt falsaða peninga fyrir evrurnar. -mh

Gengi krónunnar veikist enn:

# Lækkanir eftir páskahelgina

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf lækkuðu um tvö prósent á fyrsta viðskiptadegi eftir páska. Úrvalsvísitalan endaði í 5.535 stigum. Mest lækkuðu bréf í FL Group, um 4,8 prósent, og í Landsbankanum, eða um -4,2 prósent.

Þá hélt krónan áfram að gefa eftir og veiktist um 1,77 prósent. Í dagslok stóð vísitala hennar í 131,1 stigi. Greiningardeild Landsbankans segir að líta þurfi aftur til ársins 2002 til að sjá vísitöluna í sama gildi. Þá er í Vegvísi deildarinnar bent á að veiking krónunnar auki virði 98 prósenta hlutabréfa sem skráð séu í Kauphöll Íslands. - eþa /- óká

Halldór Ásgrímsson:

# Draga mun úr hækkunum

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að búast megi við verðhækkunum í nokkra mánuði en ekkert bendi til annars en að á seinni hluta ársins og næsta ári dragi úr verðbólgu á ný.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**

„Ástæðan fyrir verðbólgunni að undanförnu er fyrst og fremst hækkun á húsnæðismarkaði,“ segir Halldór. „Það munu verða einhverjar verðhækkanir í kjölfar gengisbreytinganna en við það batnar staða útflutningsgreina og dregur úr eftirspurn þannig að þenslan minnkar. Það er gert ráð fyrir að húsnæðisverð hætti að hækka.“

## VIÐHORFSKÖNNUN

**Ungt fólk jákvætt** Mikill meirihluti 18 til 19 ára ungmenna telja að Ísland verði meðal tíu samkeppnishæfustu hagkerfa heims næstu tíu árin og eru bjartsýn á framtíðina. Þetta er meðal niðurstaða könnunar sem framkvæmd var fyrir Samtök atvinnulífsins á viðhorfum ungs fólks fyrr í þessum mánuði.

# Kaupmáttur hefur aukist undanfarna mánuði

**Ef marka má launavísitölu hefur kaupmáttur aukist mikið undanfarna mánuði. Horfur á áframhaldandi launaskriði. Kaupmáttaraukningin skilar sér ekki til stórra hópa. Hagvöxtur meiri hér en í öðrum löndum.**

**EFNAHAGSMÁL** Almennur kaupmáttur hefur aukist mjög mikið, mest þó síðustu mánuði ef marka má launavísitöluna sem hefur hækkað úr 273,9 í desember í fyrra í 284,4 í febrúar í ár, eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti.

Búist er við að kaupmáttur aukist enn frekar þegar launavísitalan verður birt í dag og sýni þá launabreytingar milli febrúar og mars. Talið er líklegt að launavísitalan haldi áfram að hækka næstu mánuði.

„Hagvöxtur hefur verið meiri hér en í öðrum löndum. Í síðustu mælingu hafði launaskrið verið þó nokkuð og þá var kaupmáttur að vaxa að meðaltali um fjögur prósent sem er nokkuð mikið í alþjóðlegum samanburði. Það er hætta á því að það fari að draga úr kaupmætti vegna verðbólgunnar eða að kaupmátturinn verði neikvæður,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, og telur að kaupmáttaraukningunni sé misskipt.

Þegar tekið er tillit til kaupmáttar kjarasamninga þá er ljóst að þeir sem hafa bara fengið almennar kauphækkanir, 2,5 prósent um síðustu áramót, og ekkert meira en það, bera minnst úr býtum þegar kaupmáttaraukningin er annars vegar. Þetta eru þeir sem eru í hópi þeirra lægst launuðu, með kannski 120-160 þúsund krónur á mánuði.

Ekki er ljóst hversu stór sá hópur það er sem fær minnstan hlut af kaupmáttaraukningunni en Ólafur Darri telur að um mjög stóran hóp sé að ræða. Ekki er vitað jafn vel um það hvaða hópar þetta eru og oftast áður eða hversu stóran skerf af kaupmáttaraukningunni þeir hafa fengið til sín þar sem Kjararannsóknarnefnd hefur ekki getað sent frá sér hefðbundin gögn fyrir árið 2005 vegna tæknilegra vandamála.

Horfurnar næstu mánuði benda til þess að líkur séu á áframhaldandi launaskriði, til dæmis í byggingageiranum og útflutningsgeiranum, og jafnvel að launabreytingar og verðbólga verði á víxl.

Ef forsendur kjarasamninga bresta á þessu ári þá hefur verkalýðshreyfingin frest til miðnættis 15. nóvember til að ná samkomulagi. Ef samkomulag næst í forsendunefnd verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda þá gilda samningar á almennum vinnumarkaði út árið 2007. Ef samkomulag næst ekki þá hafa félögin frest til 10. desember til að segja upp samningum og eru laus allra mála frá 1. janúar 2007. ghs@frettabladid.is



**KAUPMÁTTARAUKNINGUNNI MISSKIPT** Hagvöxtur hefur verið meiri hér en í öðrum löndum. Kaupmáttur hefur vaxið að meðaltali um fjögur prósent en hætta er á að það dragi úr kaupmætti vegna verðbólgu á þessu ári. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BREYTINGAR LAUNAVÍSITÖLU**

Janúar 2004 til febrúar 2006




Launavísitala er reiknuð og birt skv. lögum nr. 89/1989. Vísitalan miðast við meðallaun í hverjum mánuði og er reiknuð og birt um miðjan næsta mánuð. Desember 1988=100.

Hagstofa Íslands:

## Launakjaravísitala í sumar

Hagstofa Íslands byrjar að mæla launakjaravísitölu í sumar að ósk Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins og verða vísitölurnar tvær, launavísitala og launakjaravísitala, þá gefnar út reglulega.

Launakjaravísitalan mælir laun og allan launakostnað launagreiðandans meðan launavísitalan mælir bara launin sjálf og hækkun þeirra. Víða erlendis er aðeins launakjaravísitalan gefin út.

### ÓX UM 4,3 PRÓSENT

Laun hækkuðu að meðaltali um 0,6 prósent í febrúar. Þá höfðu laun hækkað um 8,6 prósent á einu ári séu þau mæld með breytingu á launavísitölunni. Á sama tíma hækkaði verðlag um 4,1 prósent. Kaupmátturinn óx því að meðaltali um 4,3 prósent á þessu ári. Þetta kom fram á fréttavef ASÍ.


KOSNINGAKAFFI F-LISTANS
á Sumardaginn fyrsta kl. 14-17
í Aðalstræti 9.
HLJÓMSVEITIN AMPOP TEKUR LAGIÐ





Ísraelar bregðast við sjálfsmorðssprengjuárás á mánudag:

# Kenna Hamas-stjórninni um

**ÍSRAEL, AP** Ísraelsk stjórnvöld kenna palestínsku heimastjórninni, undir forystu Hamas-samtakanna, um mannskæðustu sjálfsmorðssprengjuárás sem gerð hefur verið þar í landi í 20 mánuði, og afturkölluðu í gær búsetuleyfi þriggja þingmanna Hamas sem búa í Jerúsalem.

Á mánudag sprengdi ungur Palestínumaður úr samtökunum Heilagt stríð sjálfan sig í loft upp fyrir utan skyndibitastað í Tel Avív með þeim afleiðingum að níu óbreyttir borgarar fórust og fjöldi slasaðist.

Talsmenn Hamas-hreyfingarinnar sögðu árásina réttlætanlega í ljósi hernaðarárása Ísraela á Palestínumenn. Fyrst Palestínustjórn fordæmdi ekki árásina, þá ber hún ábyrgð á henni, að sögn Gideons Meir, talsmanns utanríkisráðuneytis Ísraels, eftir tveggja tíma fund með forsætisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, og öðrum ráðamönnum í gær.

Fastafulltrúi Ísraels hjá Sameinuðu þjóðunum, Dan Gillerman, tilkynnti Öryggisráði SÞ í gær að Palestína, Sýrland og Íran væru „öxull hryðjuverka“, og sagði stjórnir landanna vera að undirbúa jarðveginn fyrir fyrstu heimstyrjöld 21. aldarinnar. Fréttaskýrendur segja orð hans lýsa vaxandi ótta Ísraela við andúð ríkisstjórna landanna þriggja í garð Ísraels.

Fastafulltrúi Palestínu hjá SÞ, Riyad Mansour, fordæmdi árásina, en benti á að árásir Ísraelshers urðu nítján Palestínubúum að bana í byrjun apríl, og minnti á að Ísraelar brytu alþjóðalög með hersetu sinni í Palestínu. Rúmlega helmingur Palestínumanna eru flóttamenn vegna hersetu Ísraela. - smk



**MÓÐIR KVÖDD** Þessi Ísraeli grét við útför móður sinnar sem var ein þeirra sem fórust í sjálfsmorðssprengju í Tel Avív á mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VIKA BÓKARINNAR

# Notaðu þína ávísun!




Þú færð þína ávísun með póstinum í dag.
Notaðu hana til bókakaupa, því lestur er líkamsrækt hugans!

# Hvaða bók langar þig í?

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

LESTUR ER LÍKAMSRÆKT HUGANS
GLITNIR

Þjóðargjöfin er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. Í Viku bókarinnar fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur, þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. Ávísunin gildir dagana 19. apríl – 3. maí 2006.

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,57 | 75,93 |
| Sterlingspund | 133,93 | 134,59 |
| Evra | 92,63 | 93,15 |
| Dönsk króna | 12,413 | 12,485 |
| Norsk króna | 11,795 | 11,865 |
| Sænsk króna | 9,944 | 10,002 |
| Japanskt jen | 0,6402 | 0,644 |
| SDR | 109,57 | 110,23 |

*Gengisvísitala krónunnar*

129,2191

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Orð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í Fréttablaðinu í gær gagnrýnd:

# Sundabrautin veldur titringi

**STJÓRNMÁL** Efstu menn á listum Framsóknarflokks og Samfylkingar fyrir komandi borgarstjórnarkosningar gagnrýna harðlega orð Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar oddvita Sjálfstæðisflokksins sem birtust í Fréttablaðinu í gær. Vilhjálmur var spurður álits á því hvort rétt væri að fresta lagningu Sundabrautar vegna þenslu í þjóðfélaginu. Þar segir Vilhjálmur ljóst að framkvæmdir við Sundabraut verði ekki á dagskrá fyrr en í fyrsta lagi síðla árs 2008 eða 2009 vegna seinagangs R-listans og að þeim sé því sjálfhætt fram að þeim tíma.

Björn Ingi Hrafnsson, Framsóknarflokki, lýsir furðu sinni á ummælum Vilhjálms. „Það sætir undrun að oddviti Sjálfstæðismanna skuli ekki meta þessa mikilvægu samgöngubót meira en raun ber vitni. Það er áleitin spurning hvort hann telji virkilega að engar aðrar framkvæmdir á vegum ríkisins ættu frekar að bíða.“



BJÖRN INGI HRAFNSSON



DAGUR B. EGGERTSSON

Dagur B. Eggertsson, Samfylkingunni, segir að flokkurinn vilji Sundabraut alla leið, án tafar. „Mér finnst algerlega fráleitt af oddvita Sjálfstæðisflokksins að slá Sundabraut út af borðinu þegar okkur hefur loksins tekist að fá fjármagn frá ríkinu til fyrsta áfanga verkefnisins. Það væri því miklu nær að hann legðist á árarnar með okkur til að tryggja fjármagn fyrir Sundabraut alla leið í stað þess að gefast upp á miðri leið.“ **- shá**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson:

# Segir orð sín rangtúlkuð

**STJÓRNMÁL** Borgarstjórnarflokkur sjálfstæðismanna sendi frá sér tilkynningu í gærkvöldi vegna gagnrýni B-listans í Reykjavík á orð oddvita flokksins um Sundabraut í Fréttablaðinu í gær.

Þar segir að dapurlegt sé þegar frambjóðendur kjósi að rangtúlka orð pólitískra andstæðinga sinna í leit að athygli. Ljóst sé að Sjálfstæðisflokkurinn hafi stutt lagningu Sundabrautar og að hún verði lögð í einum áfanga upp á Kjalarnes. Það sé Framsóknarflokkurinn sem beri megin ábyrgð á þessum silagangi ásamt meðreiðarflokknum, R-listanum fyrrverandi. **- shá**

Keflavíkurprestakall:

# Séra Skúli skipaður í embætti

**ÞJÓÐKIRKJAN** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, skipaði í gær séra Skúla Sigurð Ólafsson í embætti sóknarprests í Keflavíkurprestakalli.



SR. SKÚLI S. ÓLAFSSON

Ekki var samstaða í valnefnd um skipun séra Skúla en meirihlutinn mælti með honum. Þar sem ekki náðist samstaða var málinu vísað til biskups Íslands sem mælti upphaflega með séra Skúla við ráðherra, en hann skipar í embættið til fimm ára í senn. Valnefnd skipuðu fimm fulltrúar úr prestakallinu auk vígslubiskupsins í Skálholti. Tíu umsækjendur voru um embættið. **- shá**

Samningar hjá OR:

# Skýrist fyrir næstu helgi

**VINNUMARKAÐUR** Búist er við tíðindum af samningaviðræðum Eflingar stéttarfélags vegna starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur á næstu dögum, tilboð verði lagt fram en ella verði málinu vísað til ríkissáttasemjara.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segir að fulltrúar viðsemjendanna hafi tilkynnt að þeir hygðust boða til fundar og leggja fram tilboð fyrir helgi.

Lítið hafi gengið í samningaviðræðunum hingað til en vonandi skýrist staðan fyrir helgi. **- ghs**

## ÍTALÍA

**Sækist ekki eftir endurkjöri**

Carlo Azeglio Cimapi Ítalíuforseti lét svo um mælt í blaðaviðtali í gær að hann hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri, en sjö ára kjörtímabili hans lýkur nú í maí. Þetta kann að valda frekari töfum á því að ný ríkisstjórn verði mynduð eftir þingkosningarnar nýafstöðnu.

# Fíkniefnasmyglari á reynslulausn í tvö ár

**Lögreglan handtók í gær tvo menn til viðbótar vegna eins stærsta fíkniefnamáls sem upp hefur komið á Íslandi. Þrír menn eru í gæsluvarðhaldi. Einn þeirra hlaut níu ára fangelsisdóm árið 2000 fyrir þátt sinn í stóra fíkniefnamálinu.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Þrír Íslendingar um og yfir fertugt, Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason og Hörður Hilmarsson, hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 5. maí í tengslum við eitt stærsta fíkniefnamál sem upp hefur komið á Íslandi. Auk þeirra situr Hollendingur, Johan Handrick, í gæsluvarðhaldi en hann tók þátt í smyglinu og var handtekinn með tveimur mannanna.



HÖRÐUR JÓHANNESSON

Lögreglan í Reykjavík handtók tvo menn til viðbótar í gærkvöldi sem taldir eru tengjast smyglinu.

Tólf kíló af amfetamíni og tíu kíló af hassi fundust í bensíntanki notaðrar bifreiðar fyrir um þremur vikum. Starfsmaður Tollgæslunnar í Reykjavík fann efnin við hefðbundið eftirlit.

Tollgæslan gerði lögreglunni í Reykjavík viðvart um fíkniefnafundinn og hóf hún strax að rannsaka málið. Bifreiðin var tollafgreidd 11. apríl og afhent þeim sem flutti hana til landsins. Að kvöldi skírdags, þremur dögum eftir að bifreiðin var tollafgreidd, handtók lögreglan mennina þrjá sem voru að losa fíkniefnin úr bílnum í iðnaðarhúsnæði við Krókháls.

Sérsveit Ríkislögreglustjóra aðstoðaði lögregluna í Reykjavík við handtökuna. Mennirnir þrír voru ekki samvinnuþýðir á vettvangi og streittust harkalega á móti þegar lögreglan handtók þá í iðnaðarhúsnæðinu.



**SÉRSVEITIN AÐ STÖRFUM** Sérsveit ríkislögreglustjóra aðstoðaði lögregluna í Reykjavík þegar þrír menn voru handteknir við að losa fíkniefnin úr bifreið við Krókháls. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Rannsókn málsins er á lokastigi en Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, og Snorri Olsen, tollstjóri, vildu ekki tjá sig um framgang rannsóknarinnar. „Við gefum ekki upplýsingar um rannsókn málsins að svo stöddu. Hvorki Tollgæslan í Reykjavík eða lögreglan geta gefið upp hvaða starfsaðferðir eru viðhafðar við rannsóknir,“ sagði Hörður.

Ólafur Ágúst var dæmdur í níu ára fangelsi árið 2000 fyrir þátt sinn í stóra fíkniefnamálinu svokallaða en hefur verið á reynslulausn síðan 16. febrúar 2004 af heilsufarsástæðum, samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun. Reynslutími Ólafs Ágústs var þrjú ár. Það sem eftir er af fangelsisdómi bætist við refsinguna, verði hann sakfelldur um stórfellt fíkniefnasmygl.

Einn mannanna, Ársæll Snorrason, sem nú situr í gæsluvarðhaldi, var framseldur hingað til lands frá Hollandi árið 2002 vegna gruns um aðild að hvarfi Valgeirs Víðissonar. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 22. maí til 4. júní 2002. Hann var sýknaður af aðild að hvarfi Valgeirs.



**Í GEYMSLU LÖGREGLU** Rúmlega 22 kíló af fíkniefnum fundust við hefðbundið eftirlit. hjá Tollgæslunni fyrir þremur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lögreglan í Reykjavík sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem segir að „ótímabær fréttaflutningur“ af málinu hafi þegar komið sér illa fyrir rannsóknina.“ Lögreglan varðist frekari frétta af rannsókn þessa umfangsmikla máls.

**magnush@frettabladid.is**





**DONALD H. RUMSFELD** Segir að Bush forseti ráði því hvort hann hætti.

Rumsfeld fastur fyrir:

# Ætlar ekki að segja af sér

**WASHINGTON, AP** Donald H. Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, sagðist í gær ekki hafa hugleitt að segja af sér þrátt fyrir að sex fyrrverandi herforingjar hafi krafist þess. Hann sagði það alfarið í höndum George W. Bush forseta hvort hann sæti áfram í ráðherraembættinu.

Fyrr um daginn hafði Bush ítrekað stuðning sinn við Rumsfeld. „Ég er sá sem ákveð, og ég ákveð hvað er best, og það sem er best fyrir Don Rumsfeld er að vera áfram varnarmálaráðherra.“ **-gb**

Ránið í Happdrætti Háskólans:

# Enn leitað að ræningjanum

**RÁN** Maðurinn sem framdi vopnað rán í Happdrætti Háskóla Íslands fyrir í vetur er enn ófundinn.

Maðurinn komst undan með um hundrað þúsund krónur í peningum.

Hann ógnaði starfsfólki í móttöku höfuðstöðva Happdrættis Háskóla Íslands með skotvopni og hljóp inn í Grjótaþorpið þar sem hann losaði sig við samfesting sem hann klæddist þegar hann framdi ránið.

Lögreglan í Reykjavík er enn að rannsaka ránið en þeir sem telja sig geta veitt upplýsingar eru beðnir um að snúa sér til rannsóknardeildar lögreglunnar í Reykjavík. **-mh**


BÍLL DAGSINS

NISSAN 350Z

Nýskr 03.05 - Beinskiptur - Ekinn 6 þús km. - Allt að 100% lán.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**RIGNINGARTÍÐ Á FÖSTUDAG**

Fari sem horfir eigum við von á alvöru vatnsveðri er nær dregur helginni, að líkindum á föstudag um sunnan- og vestanvert landið. Fyrir norðan og austan hangir hann e.t.v. þurr en þó gæti dropað þar einnig. Á morgun er hins vegar, líkt og í dag, horfur á hægviðri með einhverri úrkomu fyrir austan.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Hæg breytileg átt og hálfskýjað eða skýjað. Hiti 3-5 stig.

*um hádegi »*





*» á morgun*





| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C hálfskýjað | Manchester | 10°C skýjað | Torrevieja | 22°C léttskýjað |
| Osló | 8°C skýjað | París | 17°C hálfskýjað | Mílano | 17°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 11°C hálfskýjað | Frankfurt | 16°C hálfskýjað | New York | 21°C léttskýjað |
| Helsinki | 4°C alskýjað | Madríd | 22°C hálfskýjað | San Francisco | 20°C léttskýjað |
| London | 13°C hálfskýjað | Barcelona | 20°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 31°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

10ÁRA AFMÆLISBOÐ



+ 10 ára afmæli Lyfju - einstök tilboð í dag:










Fjölmörg tilboð og kaupaukar í boði alla afmælisvikuna



Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 32271 04/2006



## KJÖRKASSINN

*Förstu á skíði um páskana?*

| | |
|---|---|
| Já | 8% |
| Nei | 92% |

SPURNING DAGSINS Í DAG
*Er rétt hjá ríkinu að styrkja fiskeldi?*
vísir

Fyrsti sáttafundur í kjaradeilu ófaglærðra á dvalar- og hjúkrunarheimilum:

# Samanburður á næsta fundi

**VINNUMARKAÐUR** Sáttafundur í kjaradeilu ófaglærðs starfsfólk á dvalar- og hjúkrunarheimilum var haldinn í gær. Á sáttafundinum var ákveðið að fara í samanburð á samningum ófaglærðra við Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar.

„Það eru engin stórtíðindi af þessum fundi. Menn reyndu að átta sig á því hvernig þeir ættu að standa að þessum málum og hvaða tölur þyrfti að skoða,“ sagði Sigurður Bessason, formaður Eflingar, eftir fundinn. „Það voru engar stórar ákvarðanir teknar en menn lýstu yfir vilja til að finna lausn á þessu máli.“



**Á SAMNINGAFUNDINUM** Ákveðið var að bera saman störf á næsta fundi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ófaglærðir starfsmenn á hjúkrunarheimilum lögðu niður störf í tvo daga í byrjun apríl til að undirstrika kröfur um launahækkanir til jafns við starfsfólk í sambærilegum störfum hjá sveitarfélögum. Á næsta fundi sem hefur verið boðaður á föstudag verður reynt að bera saman laun í sams konar störfum.

Rúmlega þúsund félagsmenn Eflingar starfa hjá fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu. Áður höfðu samninganefndirnar hist á óformlegum fundi fyrir páska. - ghs

Slys í Mexíkó:

## 57 fórust þegar rúta ók út af

**MEXÍKÓ, AP** Fimmtíu og sjö fórust þegar ökumaður rútu missti stjórn á henni á þjóðvegi í Mexíkó á mánudag með þeim afleiðingum að rútan féll ofan í 200 metra djúpt gil. Slysið varð nærri Maltrata, í um 200 kílómetra fjarlægð frá Mexíkóborg. Líklegt þykir að ökumaðurinn hafi ekið of hratt og að bíllinn hafi þarfnast viðgerðar. einnig voru farþegar of margir.

Eingöngu þrír farþeganna lifðu slysið af og liggja þeir allir þungt haldnir á sjúkrahúsi. Líkin voru flutt í nálægan leikfimisal, og í gær mættu harmi slegnir aðstandendur þangað og reyndu að bera kennsl á ástvini sína. - smk

Landlæknisembættið:

## Sýking tengd linsuvökva

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur nú til athugunar mögulega vaxandi tíðni sýkinga í hornhimnu augna af völdum tiltekins svepps, fusarium. Er það í framhaldi af fyrirspurn frá lækningatækjadeild skrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins þessa efnis.

Talinn er möguleiki á að sveppasýkinguna megi rekja til notkunar á augnlinsuvökva frá fyrirtækinu Bausch and Lomb af tegundinni ReNu. Linsuvökvi þessi mun vera mikið seldur hér á landi.

Hér á landi eru engin tilvik þekkt um hornhimnubólgu af völdum þessa svepps á undanförnum vikum og mánuðum. Landlæknisembættið mun fylgjast áfram með málinu og grípa til frekari aðgerða ef nauðsyn krefur. - jss

### REYKJAVÍKURBORG

**Hröð fjölgun könnuð** Hröð fjölgun íbúa af erlendum uppruna í fellunum í Efra-Breiðholti og barna í Fellaskóla var tekin til umræðu í velferðarráði Reykjavíkurborgar fyrir páska. Ákveðið var að láta kanna málið og taka málið svo aftur fyrir á fundi ráðsins.

### INDÓNESÍA

**Ferja sökk** Ferja með sextíu manns innanborðs sökk í aftakaveðri undan ströndum Indónesíu í gærmorgun. Allir nema einn farþeganna komust lífs af, að sögn yfirvalda. Fólkinu var ýmist bjargað í björgunarbáta eða því tókst að synda til lands.

**Mannskæð lestarslys** Hraðskreið lest lenti í árekstri við litla rútu í Jakarta höfuðborg Indónesíu í gær með þeim afleiðingum að átta farþegar rútunnar fórust. Að sögn yfirvalda hafði ökumaður rútunnar ekki sinnt stöðvunarskyldu við lestarteinana. Þetta var annað lestarslysið þar í landi á einni viku, en á laugardag fórust 13 manns og yfir 25 slösuðust þegar tvær lestir skullu saman á Jövu.



**BLAÐAMANNAFUNDUR UM FISKELDI** Forsvarsmenn þorskeldis fagna ákaft ákvörðun stjórnvalda um fjárstuðning til kynbóta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ríkið styrkir fiskeldi um tugi milljóna

**Forsvarsmenn fiskeldis í landinu fagna stuðningi stjórnvalda við kynbætur og sölustarf í fiskeldi. Þeir telja að ákvarðanir um aukið fé til kynbóta geti ráðið úrslitum um þorskeldi í framtíðinni. Fiskeldi Sæsilfurs í Mjóafirði heldur velli.**

**FISKELDI** Samherji hefur ákveðið að flytja þorskeldi sitt á Norðfirði yfir í Mjóafjörð. Fyrirtækið hyggst, á vegum Sæsilfurs, setja laxaseiði á ný í kvíar í firðinum á næsta ári. Jafnframt hefur Samherji ákveðið að byggja upp lúðu-, sandhverfu- og bleikjueldi í Öxarfirði og ætlar í því skyni að reisa þar 4.000 fermetra nýbyggingu.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, segir afar mikilvægt að fá staðfestingu á því að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir því að stærstu fiskeldisfyrirtækin, sem háð eru raforku allan sólarhringinn, njóti áfram þeirra raforkutaxta sem gilda í dag.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum fyrir páska að veita árlega 25 milljónum króna til kynbóta á eldisþorski. Þetta er talið afar mikilvægt og forsenda þess að gera þorskeldi arðbært í framtíðinni.

Jafnframt samþykkti ríkisstjórnin 10 milljóna króna stuðning á ári næstu þrjú árin til markaðs- og sölustarfs fyrir eldisbleikju sem þykir jafnvel fýsilegri kostur í fiskeldi hér á landi en laxeldi. Rannsóknarfé til kynbóta og sölustarfs í þágu fiskeldis verður úthlutað í gegn um AVS-sjóðinn sem miðar að því að auka verðmæti sjávarfangs.



ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON



GUÐBERGUR RÚNARSSON

„Fiskeldi er þekkingar- og tækniiðnaður. Sá peningur sem í þetta fer gagnast vísindasamfélaginu og svo aftur okkur framleiðendum þannig að þetta er afar jákvætt,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson. Undir þetta tekur Guðbergur Rúnarsson hjá Landssambandi fiskeldisstöðva. „Þetta stappar stálinu í fiskeldismenn. Varðandi þorskeldi er þetta það sem menn hafa verið að bíða eftir í mörg ár, að fá góðan stuðning til nokkurra ára. Svo eru þarna fyrirheit um að hemja raforkuverðið til stórra eldisfyrirtækja og það er ein af grunnforsendunum fyrir áframhaldandi rekstri.“

„Þetta áréttar að við höfum mikla trú á framtíð þessarar atvinnugreinar, sem er enn á þróunar- og rannsóknastigi. Því viljum við styðja rannsóknir og kynbætur,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sem kynnti aðgerðir ríkisstjórnarinnar í fiskeldismálum í gær ásamt Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra, sem hét áframhaldandi stuðningi við kynbætur á bleikju á Hólum í Hjaltadal. johannh@frettabladid.is

Lík tveggja kvenna finnast í Bretlandi:

## Látnar í tvö og þrjú ár

**BRETLAND** Bretar reyna þessa dagana að átta sig á tveimur líkfundum, og hvernig á því stendur að líkin hafi ekki fundist fyrr.

Lík Joyce Vincent, 40 ára gamallar konu sem bjó í London í húsnæði fyrir konur sem beittar hafa verið ofbeldi, fannst í janúar á þessu ári, en lögregla telur líklegt að hún hafi látist af eðlilegum orsökum í desember árið 2003, því óopnaðar jólagjafir fundust við hlið líkamsleyfa konunnar. Kveikt var á sjónvarpinu og hitinn var enn á í íbúðinni, og sögðust nágrannar ekki hafa tekið eftir neinni óeðlilegri lykt en að oft sé vond lykt í húsinu vegna eiturlyfjaneytenda sem stundum dvelja í því. Fjölskylda Vincent, þar með talið systur hennar, mættu í réttarrannsóknina í síðustu viku, en enginn hafði lýst eftir henni.

Lögreglan í Cornwall lýsir nú eftir fólki sem þekkti Sally Shearing, konu á sextugsaldri, sem fannst nýverið í kjallara húss í Liskeard. Óvíst er hvenær Shearing lést, en síðast sást til hennar í janúar 2003. Shearing bjó í húsinu við hliðina á því sem hún fannst í en lögregla telur að lát hennar hafi átt sér eðlilegar orsakir. Húsið sem Shearing fannst í hefur staðið autt um langa hríð. - smk



**BRETLAND** Breska lögreglan rannsakar lát tveggja kvenna sem talið er að hafi látist árið 2003, en lík þeirra fundust nýverið. Málin eru ekki tengd. NORDICPHOTOS/AFP




Samfylkingin | Reykjavik 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. mai

# Í dag kynnum við stórhuga stefnuskrá. Aðalatriðið í henni er að allir fái tækifæri til að njóta sín.

Borgarbúar hafa ólíkar þarfir og drauma. Sumir eiga stórar fjölskyldur, aðrir ekki. Sumir vilja búa í einbýlishúsum, aðrir í risíbúðum í miðbænum. Við viljum skapa forsendur fyrir spennandi borgarlífi þar sem allir borgarbúar, með mismunandi væntingar og kröfur, geta notið sín.

**Við göngum stórhuga og stolt til borgarstjórnarkosninga í vor.**
**Í stefnuskránni okkar tökum við af skarið um brýnustu verkefni næstu ára í blómlegri borg.**

**Gleðilegt sumar!**



**Dagur B. Eggertsson** 33 ára læknir og borgarstjóraefni Samfylkingarinnar og Steinar Gauti Dagsson, 7 mánaða.

Samfylkingin
allir með

Stefnuskrána má lesa í heild sinni á www.xsreykjavik.is.



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hverjir eru Íslandsmeistarar í körfubolta karla?*

2 *Hvað heitir stærsta skemmtiferðaskip í heimi?*

3 *Hvað heitir fyrirtækið sem nýtir heitt vatn við risarækjueldi?*

SVÖR Á BLS. 46

Stór vændishringur upprættur á Spáni:

# Yfir hundrað í varðhaldi

**SPÁNN** Lögregla á Spáni hefur handtekið yfir hundrað einstaklinga sem taldir eru höfuðpaurar í stórum glæpahring sem sagður er hafa haft það markmið að smygla konum til landsins og neyða þær í vændi.

Eru handtökurnar afleiðing margra mánaða rannsóknarvinnu en angar glæpahringsins teygðu sig víða um stærstu borgir landsins. Skipta stúlkurnar hundruðum sem mennirnir fengu til landsins undir fölsku yfirskini. Var þeim lofað góðum þjónustustörfum og allar ferðir og uppihald greitt en stúlkurnar uppgötvuðu við komuna til Spánar að skuld þeirra vegna greiðvikni mannanna hafði vaxið stórum og krafist var greiðslu strax. Var þeim mörgum því nauðugur einn kostur að selja sig ellegar hætta á limlestingar eða eitthvað þaðan af verra. Voru þær flestar frá Rússlandi og engin þeirra með peninga til að koma sér heim á ný eða tungumálakunnáttu til að leita aðstoðar eða hjálpar spænskra yfirvalda. - aöe



**VÆNDI** Lögregla á Spáni hefur upprætt rússneskan glæpaflokk sem neyddi hundruðir stúlkna til vændis víðs vegar í landinu. AFP.NORDICPHOTOS

19 milljarðar í ellilífeyri 2006:

# Hækkanir seinustu tíu árin

**KJARAMÁL** Greiðslur Tryggingastofnunar til ellilífeyrisþega hækkuðu um tæp 80 prósent á tímabilinu 1995 til 2005 á sama tíma og neysluverðsvísitalan hækkaði um 41 prósent.

Þessi þróun á sér stað þrátt fyrir auknar greiðslur til ellilífeyrisþega úr lífeyrissjóðum sem eiga að koma til lækkunar á lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunar.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2006 nema lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar til ellilífeyrisþega alls um nítján milljörðum króna. - sdg


MBA

## Þekkingarstjórnun hjá alþjóðafyrirtækjum

MBA námið í Háskóla Íslands heldur ráðstefnu 27. apríl kl. 13 - 17 í Salnum, Kópavogi


Pétur


Hilmar


Guðrún


Hrönn


Runólfur Smári

**Pétur Guðjónsson**, framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá Marel
Heimurinn undir! Hvernig kemur þekkingarstjórnun að gagni hjá slíku fyrirtæki?

**Hilmar B. Janusson**, framkvæmdastjóri vöruþróunarsviðs Össurar
Handföst þekking - þekkingarstjórnun við vöruþróun og uppbygging verðmæta tengd henni

**Guðrún S. Eyjólfsdóttir**, framkvæmdastjóri gæðasviðs Actavis
Þekkingarstjórnun í alþjóðlegu fyrirtæki

**Hrönn Pétursdóttir**, framkvæmdastjóri mannauðs- og samfélagsmála hjá Alcoa Fjarðaáli
Þekkingarstjórnun hjá lærdómsfyrirtækinu Alcoa

Ráðstefnustjóri er **Runólfur Smári Steinþórsson**, prófessor

**Skráning fer fram á heimasíðu MBA námsins, www.mba.is.**

Ráðstefnugjald er 5.900 krónur, en nemendur greiða 2.400 krónur.

Nánari upplýsingar veitir Harpa Björg Guðfinnsdóttir, verkefnastjóri MBA náms. Sendið póst á harpagud@hi.is eða hringið í síma 525 4500.

www.mba.is




H2 hönnun

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands









**STAÐINN AÐ VERKI** Varðskip Gæslunnar siglir fram á sjóræningjaskipið Dolphin sem var að ólöglegum karfaveiðum rétt utan landhelginnar. MYND/LANDHELGISGÆSLAN/GUÐMUNDUR ST. VALDIMARSSON

Karfaveiðar komnar í fullan gang á Reykjaneshrygg:

# Níu erlend skip við ólöglegar veiðar

**FISKVEIÐAR** Níu erlend skip voru á ólöglegum karfaveiðum á Reykjaneshrygg við eftirlitsflug Landhelgisgæslunnar í gær.

Er þetta í þriðja sinn á skömmum tíma sem flugvél Gæslunnar finnur leyfislaus skip á þessum slóðum og hefur í flestum tilfellum verið um skip sem gerð eru út frá Georgíu að ræða. Umrætt svæði er við 200 sjómílna mörk landhelgi Íslands en Landhelgisgæslan sinnir einnig eftirliti á svæði utan landhelginnar enda Ísland meðlimur í Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni sem fer með fiskveiðistjórnun á stærstum hluta Reykjaneshryggsins.

Eru allar veiðar þar án tilskilinna leyfa bannaðar og er tilkynnt um öll þau skip sem staðin eru þar að ólöglegum veiðum til allra landa sem aðild eiga. Eiga viðkomandi skip ekki að fá þjónustu af neinu tagi í neinu þeirra landa. Sé um skip annars staðar frá eins og Georgíu er send tilkynning til viðkomandi yfirvalda um að koma í veg fyrir slíkt en ekki er um aðrar aðgerðir að ræða. - aöe


LEGACY SUBARU

## Með kröftugt drif á öllum hjólum og veit hvert á að beina þeim




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**STAÐALBÚNAÐUR:** 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17” ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRÐ LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Sjálfskiptur Sedan **2.440.000,-** Beinskiptur Sedan **2.310.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.590.000,-** Beinskiptur Wagon **2.490.000,-**

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00 |
|---|---|---|

| Umboðmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

**TILBOÐ:**

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Legacy

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-



# Ekki missa af endurgreiðslu!

## Með því að skrá fjölskylduna sem fyrst gætirðu tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs!



Fjölskyldan

Fjölskyldan hjá SPRON er sérstök þjónustuleið ætluð fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum, jafnt sem einstaklingum.

Fjölskylduþjónustan er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda. Þeir sem eru skráðir í fjölskylduþjónustu SPRON geta bætt kjör sín enn frekar.

**Endurgreiðslan samanstendur af:**

- hluta af greiddum vöxtum vegna íbúðalána, skuldabréfa, yfirdráttar eða víxla
- 50% af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- 5% af öllum tryggingaiðgjöldum hjá Verði Íslandstryggingu*

*m.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum

Himinn og haf / SÍA

Má bjóða þér að slást í hópinn?

spron
– fyrir allt sem þú ert

Skráðu þig og þína í síma 550 1400, á www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON.

# Þjóðargjöf

og 10% afsláttur að auki
í Bóksölu stúdenta




**GOTT ÚRVAL, GOTT VERÐ**

Við tökum þér og ávísuninni þinni fagnandi dagana 19. apríl - 3. maí.
Auk þess að veita 1000 króna afslátt samkvæmt skilmálum Þjóðargjafarinnar
bjóðum við nú, sem fyrr, 10% afslátt af öllum íslenskum bókum.
Kynntu þér úrvalið í versluninni eða á www.boksala.is.

**bóksala stúdenta**

Stúdentaheimilinu v/Hringbraut – sími: 5 700 777 – **www.boksala.is**


Eldfjall á Indónesíu:

# Eldgos talið yfirvofandi

**INDÓNESÍA, AP** Íbúar í hlíðum eldfjallsins Merapi sem er á eyjunni Jövu í Indónesíu kippa sér lítið upp við jarðhræringar sem færast í aukana þar þessa dagana, og segjast ekki telja líklegt að fjallið fari að gjósa.

En eldfjallafræðingar segja það eingöngu tímaspursmál hvenær fjallið gjósi, því Merapi er tekið að spýta úr sér miklum reyk og bendir fleira til að stórt eldgos sé í uppsiglingu. Því eru yfirvöld farin að undirbúa brottflutning íbúa af svæðinu.

Íbúarnir telja að andar framliðinna ættingja þeirra vaki yfir gígnum og muni láta þá vita áður en fjallið gýs. Síðast þegar fjallið gaus árið 1992 fórust 60 manns og um 1300 manns fórust árið 1930 þegar Merapi gaus. **- smk**



**ELDFJALL** Þorpsbúi fylgist með Merapi eldfjallinu á Jövu á Indónesíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ AKUREYRI** Samkvæmt skoðunakönnun Félagsvísindastofnunar verða kosningar í vor spennandi en mesta athygli vekur mikil fylgisaukning Vinstri grænna og lítið fylgi Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Fylgishrun Framsóknar

**Fylgi við Framsóknarflokkinn á Akureyri fellur úr 24,1 prósenti frá því í síðustu sveitastjórnarkosningum niður í 14,3 prósent samkvæmt nýrri skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.**

**KOSNINGAR** Framsóknarflokkurinn fengi kjörinn bæjarfulltrúa á Akureyri ef gengið yrði til kosninga nú. Vinstri hreyfingin - grænt framboð ríflega tvöfalda fylgi sitt frá síðustu bæjarstjórnarkosningum. Þetta kemur fram í skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Fréttablaðið og NFS á dögunum.

Samkvæmt könnunni heldur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks ekki, vegna mikils fylgistaps Framsóknarflokks.

Sjálfstæðisflokkurinn héldi sínum fjórum bæjarfulltrúum en Samfylkingin bætir við sig umtalsverðu fylgi og fengi þrjá bæjarfulltrúa í stað eins í síðustu kosningum.

Vinstri hreyfingin - grænt framboð fengi tvo bæjarfulltrúa samkvæmt könnuninni, á meðan Listi fólksins fengi einn fulltrúa í stað tveggja nú.

**FYLGI FLOKKA Í KÖNNUN SAMANBORIÐ VIÐ ÚRSLIT KOSNINGA 2002**




Samkvæmt könnunni nýtur Sjálfstæðisflokkurinn svipaðs fylgis meðal karla og kvenna á öllum aldri.

Fleiri konur styðja Samfylkinguna en karlar og er stuðningurinn við flokkinn mestur með elsta aldurshópsins.

Hlutfallslega eru fleiri karlar en konur sem ætla að kjósa Framsóknarflokkinn samkvæmt könnunni en flokkurinn þarf að efla fylgi sitt hjá yngstu kjósendunum.

Konur eru kjarni fylgismanna Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs samkvæmt könnunni, en meirihluti fylgismanna flokksins er ungt fólk.

Listi fólksins nýtur mest fylgis meðal karla en fylgið er svipað meðal allra aldurshópa.

Gerður Jónsdóttir, sem er í öðru sæti á framboðslista Framsóknarflokksins, hefur trú á því að fylgið við flokkinn eigi eftir að aukast eftir því sem nær dregur kosningum. „Niðurstaða þessarar könnunar sýnir svipaða stöðu og við vorum í fyrir síðustu kosningar. Þá sýndu kannanir að við værum með einn bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkurinn fær alltaf meira fylgi í kosningum heldur en í könnunum og þess vegna er ég ekki hrædd við þessa niðurstöðu. Hún hins vegar minnir okkur á að við þurfum að kynna vel þau góðu verk sem við höfum unnið að.“

Stuðst var við 800 manna úrtak Akureyringa, á kosningaaldri. Svarhlutfall í könnuninni var 68 prósent.

**magnush@frettabladid.is**


www.icelandexpress.is/alicante





**BÍLALEIGUBÍLL á Alicante**

Bókaðu bílaleigubíl frá Budget á **www.icelandexpress.is** og tryggðu þér bestu verð Budget.

Budget Car Rental

**MEÐ EXPRESS FERÐUM:**

**Maí – september**

Sumarhús á Spáni. Strendur, afþreying fyrir alla fjölskylduna, þægileg aðstaða og ótrúlegt verð!

Nánar á **www.expressferdir.is**

Express Ferðir Sími: 5 900 100

# ALICANTE



## Iceland Express heldur á suðrænar slóðir!

**Alicante á Spáni er vinsæll viðkomustaður ferðalanga. Borgin á sér langa sögu og er því athyglisverðari og glæsilegri en margir af þeim stöðum sem sóldýrkendur stunda.**



**Loftslagið er alveg fullkomið enda liggur Alicante að sjó á miðri Costa Blanca ströndinni sem teygir sig 200 km meðfram Miðjarðarhafinu. Það er aðeins 20 mínútna ferðalag til Benidorm og fyrir þá sem vilja komast úr strandmenningunni er stutt til Valencia og aðeins lengra til Barcelona.**

Strandbærinn Torrevieja sem er rétt hjá Alicante er algjör paradís. Þar er allt til alls, ströndin, vatnagarðar, skemmtigarðar, golfvellir og iðandi skemmtanalíf.

Verð frá: **7.995 kr.***

Barnaverð: **5.995 kr.****

Iceland Express

www.icelandexpress.is, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

*Aðra leið með sköttum.
**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.


NÝTT
Ummmm ...
BAGUETTE
Nýtt og brakandi ferskt!
BURGER KING
ÞITT ER VALIÐ
SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI
ENNEMM / SÍA / NM21335



**REGNDANSARAR** Þessar glæsilegu stúlkur sýndu dans í Búddahofi í Bandaríkjunum á sunnudag, á hátíð sem haldin var til að marka upphaf nýs árs samkvæmt tímatali búddista. Dansinn er jafnframt beiðni til máttarvaldanna um regn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erfitt reynist að finna land sem er tilbúið til að hafa í haldi fyrrverandi Afríkuleiðtoga:

# Engin þjóð vill hýsa Taylor

**SAMEINUÐU ÞJÓÐRINAR, AP** Erfitt reynist að finna land sem vill taka við Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu, verði hann fundinn sekur um stríðsglæpi fyrir stríðsglæpadómstól í Hollandi, að sögn talsmanna Bandaríkjanna og Bretlands innan Sameinuðu þjóðanna fyrir helgi.

Verið er að rétta yfir Taylor í Síerra Leóne, en beðið hefur verið um flutning réttarhaldanna til Evrópu í því skyni að koma í veg fyrir hugsanlegar óeirðir í Afríkuríkjum. Hollandsstjórn hefur sagst tilbúin til að heimila að réttarhöldin fari fram í Haag, svo lengi sem einhver önnur þjóð sé tilbúin til að fangelsa Taylor, verði hann sakfelldur.

Stjórnvöld í Austurríki og Svíþjóð voru beðin um að taka við Taylor en færðust undan því, að sögn talsmanns Bandaríkjanna innan SÞ.

Taylor er sakaður um stríðsglæpi svo sem kynlífsþrælkun, limlestingar og að hafa sent börn í bardaga. Hann lét af embætti forseta árið 2003 og fór í útlegð til Nígeríu, en með því lauk fjórtán ára borgarastyrjöld í Líberíu. Taylor er fyrsti Afríkuleiðtoginn sem alþjóðlegir dómstólar rétta yfir vegna stríðsglæpa.

- smk



**CHARLES TAYLOR** Fyrrverandi forseti Líberíu, sem ákærður er fyrir stríðsglæpi.

Banvænar reykingar:

# Sjúklingur brann til bana

**BRETLAND** Sextugur maður sem lá á bresku sjúkrahúsi vegna húðsjúkdóms brann til bana á mánudag, kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Búið var að bera eldfimt hlaup á húð mannsins þegar hann laumaðist fram í neyðarútgang Doncaster Royal Infirmary-sjúkrahússins til að kveikja sér í sígarettu, með þeim afleiðingum að það kviknaði í honum. Maðurinn var fluttur í skyndi á sjúkrahús í Sheffield, en lést af brunasárum sínum skömmu síðar. Að sögn yfirvalda gerði starfsfólk sjúkrahússins ekkert rangt og málið er höndlað sem sorglegt slys.

- smk

Uppbygging Bílddælings:

# Byggðarstofnun líklega með

**ATVINNUMÁL** „Ég er vongóður um það að Byggðastofnun ætli að koma að uppbyggingu Bílddælings," segir Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar. Nýlega fundaði hann með fulltrúum Byggðastofnunar og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða ásamt forsvarsmönnum Bílddælings.

Í næstu viku mun Atvinnuþróunarfélagið ljúka við viðskiptaáætlun sem rekstur Bílddælings mun byggja á og þá mun framtíð fyrirtækisins skýrast segir Guðmundur.

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, gagnrýnir sjávarútvegsráðherra harðlega fyrir að hafa ekki brugðist við en um fimmtíu manns hafa verið atvinnulausir á Bíldudal frá því Bílddælingur lokaði í júní á síðasta ári.

- jse

Evrópskt rannsóknageimfar komið á sporbaug um Venus:

# Mistök Venusar víti til varnaðar fyrir jörðina

**GEIMRANNSÓKNIR, AP** Vísindamenn í stjórnstöð Evrópsku geimferðastofnunarinnar (ESA) í Darmstadt í Þýskalandi fögnuðu í síðustu viku er könnunarfarið Venus Express komst klakklaust á sporbaug um Venus eftir fimm mánaða ferðalag um geiminn.

Markmið leiðangursins er að safna betri upplýsingum en hægt hefur verið til þessa um þá reikistjörnu sólkerfisins sem næst er jörðinni.

Strax á fimmtudag, skírdag, voru fyrstu nærmyndirnar af Venusi farnar að berast til jarðar. Myndirnar eru af suðurpól reikistjörnunnar og gáfu óvænta mynd af gormlaga skýjamyndunum, sem vísindamenn höfðu ekki vitað af.

Á næstu vikum verða starfsmenn stjórnstöðvarinnar uppteknir við að prófa þann búnað sem er um borð í könnunarfarinu. Þegar komið verður fram í júní er gert ráð fyrir að hægt verði, með hjálp þessa búnaðar, að byrja að safna upplýsingum um það hvernig Venus endaði uppi með svo brennheitan og brennisteinssýrumettaðan lofthjúp og raun ber vitni, þrátt fyrir að vera svipuð að stærð og jarðfræðilegri samsetningu og jörðin.„Við viljum læra af mistökum Venusar sem víti til varnaðar jörðinni," sagði David Southwood, sem stýrir verkefninu fyrir hönd Evrópsku geimferðastofnunarinnar.

- aa



**SUÐURSKAUT VENUSAR** Þessi samsetta mynd af suðurskauti Venusar er meðal fyrstu myndanna sem bárust frá könnunarfarinu eftir að það komst á sporbaug í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP/ESA








**Ferðalangur á heimaslóð á morgun, sumardaginn fyrsta, er tileinkaður ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Dagskrá, sem dreift er í öll hús á höfuðborgarsvæðinu, er fjölbreytt, fjölskylduvæn og mjög skemmtileg þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.** *Athugið, rétt dagskrá í Fjölskyldu- og húsdýragarði á sumardaginn fyrsta er að finna á www.ferdalangur.is.*

HÖFUÐBORGARSTOFA

**www.ferdalangur.is**

Reykjavíkurborg · SAF · FERÐAMÁLASAMTÖK HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS · Síminn



Virk Sam-keppni
KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
30% Afsláttur
Gourmet rauðvínslegið lambalæri 1.312 kr./kg.
698 kr./pk.
Móa kjúklingapíta
25% Afsláttur
Goða lamba- og nautahakk 798 kr./kg.
30% Afsláttur
Móa Gordon bleu 965 kr./kg.
Myllan sjónvarpskaka
299 kr./stk.
Myllan kryddkaka
249 kr./stk.
Fögnum sumrinu í Krónunni
Oreo Nabisco hjúpað 2 teg.
199 kr./pk.
Oreo Nabisco
119 kr./pk.
Myllan Brallarabrauð
99 kr./stk.
Kostar minna
Dvergbítur / zuccini
199 kr./kg.
Greip hvítt / rautt
99 kr./kg.
Konfektepli 1,36 kg
123 kr./pk.
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

NÓATÚN

# Sumarið byrjar í Nóatúni!



## Lambafillet með fituröndd

LAMBAFILLET MEÐ FITURÖND ÚR KJÖTBORÐI
Kveðjum vetur konung með stæl og grillum gómsætt lambakjöt sem bráðnar í munni.

**2.998** kr. kg

## Fáðu faglegar ráðleggingar og uppskriftir hjá



**20%** afsláttur
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
**1.838** kr. kg




**Beint á grillið!**
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
RAUÐVÍNSLEGNAR
**1.198** kr. kg




**20%** afsláttur
OLD WEST GRÍSARIF
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
**1.298** kr. kg




**25%** afsláttur
MÓA BBQ KJÚKLINGALÆRI
GOTT Á GRILLIÐ
**742** kr. kg




**25%** afsláttur
MÓA PIRI PIRI KJÚKLINGUR
GOTT Á GRILLIÐ
**449** kr. kg



**34%** afsláttur
4 STK. NÓATÚNS UNGNAUTA-HAMBORGARAR 90 g
**398** kr. pk



Úr Kjötborði Nóatúns

FYLLTUR LAMBAGEIRI
MEÐ SÓLÞURRKUÐUM TÓMÖTUM OG FETA OSTI



Úr Kjötborði Nóatúns

GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

**kjötmeisturum Nóatúns og njóttu þess besta í sumar!**

# Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN



FERSKUR ANANAS
169 kr. kg.



GULAR MELÓNUR
129 kr. kg.



STJÖRNUÁVÖXTUR
149 kr. kg.



SÍTRÓNUR
129 kr. kg.



GUL EPLI
99 kr. kg.

= 5 á dag

NÓATÚN

*er með opið á Sumardaginn fyrsta!*

Opið frá 10:00 - 21:00
í öllum verslunum*

*Smáralind er opin frá 11:00 - 21:00




PERRIER
SÓDAVATN
SÍTRÓNU/VENJULEGT
129 kr. stk




Tilboð!

HAPPY DAY
100% SAFI
149 kr. 1 l

Mundu Chester Fried

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA



**RIDDARAHÁTÍÐ** Þessir fræknu riddarar sýndu sig og sáu aðra á riddarahátíð sem haldin var í Pétursborg í Rússlandi á páskadag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íbúar völdu sjálfsafgreiðslustöðvar í hverfið sitt:

# Helmingur kaus Atlantsolíu

**KÖNNUN** Alls vildu 69 prósent Hafnarfirðinga sem svöruðu spurningunni um hvaða olíufyrirtæki það vildi að ræki ómannaða sjálfsafgreiðslustöð í hverfi þess að fyrirtækið Atlantsolía sæi um reksturinn.

Á landsvísu völdu rúm 47 prósent Atlantsolíu en gömlu olíufélögin sem reka Ego, Orkuna og ÓB völdu frá tæplega fimmtán og upp í rétt rúm tuttugu prósent aðspurðra. Þetta eru niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands fyrir Atlantsolíu.



**HUGI VIÐ SPRENGISAND** Markaðsstjóri Atlantsolíu segir fólk hlynntara fyrirtækinu eftir því sem það er nær afgreiðslustöðum þess.

Marktækur munur var milli starfstétta. Alls 65 prósent iðnaðarmanna vildu helst fá starfsstöð Atlantsolíu í hverfið sitt en 26 prósent sjómanna og bænda. Meirihluti þeirra kaus Ego, stöð olíufélagsins Esso, eða 33 prósent þeirra. Fáir iðnaðarmenn vildu Orkuna, sem Skeljungur rekur, í hverfið sitt eða fjögur prósent. Marktækur munur var á menntunarstigi og við hvaða olíufélag menn vildu skipta. 38 prósent grunnskólagenginna vildu helst Atlantsolíu en 60 prósent háskólagenginna.

Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, segir forsvarsmenn Atlantsolíu vilja fræða fólk um eignarhaldið á sjálfsafgreiðslustöðunum. Þeir ætli einnig að kynna bæjarstjórnum niðurstöðuna.

Könnunin var gerð dagana 8. til 22. mars. Hringt var í 1.400 manns og var svarhlutfallið 67 prósent á öllu landinu. **- gag**

Stjórn FÍH ályktar:

# Tryggið viðeigandi hjúkrun

**KJARAMÁL** Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hvetur stjórnvöld og stjórnendur öldrunarstofnana til að gera nú þegar sérstaka þjónustusamninga um rekstur stofnananna þar sem skýrt verði kveðið á um gæði og magn þjónustunnar, og þann mannafla sem krafist er til að tryggja viðeigandi þjónustu.

Í ályktun frá stjórn félagsins segir að starfsemi öldrunarstofnana sé ein mikilvægasta þjónusta samfélagsins og stjórnvöldum beri siðferðileg skylda til að tryggja fullnægjandi og viðeigandi hjúkrun þeirra sem þar búa hverju sinni. **- shá**

Lyf á internetinu:

# Tveir menn fundnir sekir

**BANDARÍKIN, AP** Tveir karlmenn voru á mánudag sakfelldir í Fíladelfíu í Bandaríkjunum fyrir að hafa notað internetið til ólöglegrar dreifingar á lyfseðilsskyldum lyfjum.

Bandarísk yfirvöld segja fólkið hafa náð í lyfin á Indlandi og sent þau til Bandaríkjanna þar sem þau voru seld í gegnum fleiri en tuttugu vefsíður. Þúsundir manna notfærðu sér þjónustu mannanna, en vinsælustu lyfin voru stinningarlyf. Faðir annars mannsins, sem er læknir á Indlandi, hefur jafnframt verið handtekinn á Indlandi vegna þessa máls, en auk þeirra þriggja hafa fjórtán aðrir verið ákærðir vegna málsins. **- smk**

Tryggingastofnun:

# Um 19 milljarðar í lífeyri

**LÍFEYRISMÁL** Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar til ellilífeyrisþega nema um 19 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum 2006.

Í frétt frá fjármálaráðuneytinu kemur fram að greiðslur TR á hvern lífeyrisþega hafi hækkað um 80 prósent frá árinu 1995 til 2006 en á sama tímabili hafi neysluverðsvísitalan hækkað um 41 prósent. Nú fá um 7.700 ellilífeyrisþegar hlutdeild í tekjutryggingarauka. **- jss**

# Ákveðið að leigja tvær þyrlur fyrir lok september

**Ríkisstjórnin fjallaði um tillögu að bráðabirgðalausn um eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar í gær. Tvær þyrlur koma fyrir lok september og fjölga þarf um rúmlega tíu starfsmenn í starfsliði Gæslunnar.**

**LANDHELGISGÆSLAN** Ríkisstjórnin fjallaði í gærmorgun um tillögu Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, að bráðabirgðalausn um eflingu þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands. Björn segir að tvær nýjar björgunarþyrlur verði leigðar en ekki sé búið að ákveða af hvaða tegund. Þær verða þó af sambærilegri gerð og þyrlurnar TF-LIF og TF-SIF sem nú eru þegar í rekstri hjá landhelgisgæslunni. „Tillaga mín gerir ekki upp á milli þeirra, þar er rætt um sambærilegar þyrlur. Það fer eftir því, sem í boði er hvaða tegund verður leigð," segir Björn. Hann telur þetta skynsamlega leið en kostnaður við leiguna verði ekki nefndur fyrr en leigusamningur hefur náðst. Þá verður búnaði til töku eldsneytis fyrir þyrlur komið fyrir um borð í varðskipunum Tý og Ægi. Fyrst í Tý á komandi sumri og næsta haust eða vetur í Ægi. Búnaðurinn kostar 25 milljónir fyrir bæði skipin.



**BJÖRN BJARNASON**



**ÞYRLUR LANDHELGISGÆSLUNNAR** TF-SIF og TF-LIF (á lofti)hafa þjónað Íslendingum dyggilega. Fyrir septemberlok verður tveimur þyrlum, ekki ósvipuðum, bætt við þyrlusveit Landhelgisgæslunnar svo ekki dragi úr flugbjörgunargetu hér við land er þyrlur varnarliðsins fara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Björn segir að vélarnar verði komnar til landsins fyrir lok september og að fjölga þurfi starfsfólki Landhelgisgæslunnar um rúmlega tíu vegna þeirra. Stefnt er að því að unnt verði að halda úti tveimur þyrluvöktum allan sólarhringinn allan ársins hring og tillagan miðar að því að ekki dragi úr þyrlubjörgunargetu hér við land við brotthvarf þyrlna varnarliðsins. Björn segir að leiga á þyrlum nú sé tímabundin lausn á meðan hugað sé að fyrirkomulagi þessara mála til frambúðar sem væntanlega verði kaup á nýjum þyrlum. Það taki langan tíma að finna nýjar þyrlur sem eru til sölu og leiguþyrlurnar verði hér eins lengi og með þarf.

Ein meginástæðan fyrir leigu á þyrlum svipuðum þeim sem nú eru hér í rekstri er að fyrir í landinu er mikil reynsla í meðferð slíkra véla. Með kaupum á sambærilegum þyrlum gefst kostur á að nota starfsmenn þyrlusveitarinnar til að annast kennslu og þjálfun nýrra flugáhafna.

Tillagan var unnin í samráði við forstjóra og starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands undir forystu Stefáns Eiríkssonar, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneyti, með ráðgjöf frá Leifi Magnússyni verkfræðingi. Áfram verður unnið að tillögu um framtíðarskipulag þyrlubjörgunarsveitar hér á landi og að því stefnt að hún liggi fyrir í næsta mánuði. **svavar@frettabladid.is**




Björgunarþyrla landhelgisgæslunnar, TF-SIF, í Noregi:

# TF-SIF skoðuð og verður endurbætt

TF-SIF, minni björgunarþyrla Landhelgisgæslu Íslands, er nú í Stavanger í Noregi þar sem hún verður skoðuð- og endurbætt. Verið er að fullgilda og bæta við ýmsum búnaði sem á að gera hana hæfari til að gegna björgunarhlutverki sínu. Þar má nefna endurbætur á fjarskipta- og tölvubúnaði vélarinnar og aðstöðu fyrir áhöfn. Verkið tekur einn mánuð.

Oddur Garðarsson, tæknistjóri Landhelgisgæslunnar, segir að vegna nýs lagaumhverfis þurfi allur búnaður sem settur er í þyrlurnar að fá verkfræðiúttekt. Ástæðan fyrir að vélin fór út núna sé að tímabært er að fá fullgildingu á ýmsum búnaði sem settur hefur verið í vélina í gegnum árin. „Við notum jafnframt tækifærið og bætum við ýmsum búnaði sem gerir hana enn hæfari í þá starfsemi sem hún er ætluð. Þar á meðal er gervihnattasími og ný sæti fyrir áhafnarmeðlimi. Þetta breytir ekki afkastagetu vélarinnar en fyrr í vetur var sett ljós fyrir nætursjónauka í þyrluna og það margfaldaði notagildi hennar."



**TF-SIF** Minni björgunarþyrla landhelgisgæslunnar kom til landsins 1985. Síðan þá hefur miklum tækjakosti verið bætt í vélina sem lög krefjast að fái verkfræðiúttekt. Í þeim tilgangi verður hún í Noregi næsta mánuðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á meðan TF-SIF er í skoðun í Noregi verður notast við stóru björgunarþyrluna TF-LIF. Landhelgisgæslan er einnig með samning við varnarliðið og danska sjóherinn um gagnkvæma aðstoð við leit og björgun ef nauðsyn krefur.

# Vaxtalaus tilboð

## grill, hitarar og garðhúsgögn

TILBOÐ
9.999 kr
Verð áður 12.999,-

### Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 1.799* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 17.990,-
Fullt verð 25.995,-

### Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 3.699* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 36.990,-
Fullt verð 42.993,-

### Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 5.499* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 54.990,-
Fullt verð 60.995,-

### Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.





Vaxtalaust tilboð!
aðeins 4.999* kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 59.988,-
Verð áður 69.990,-

Ferðagasgrill fylgir öllum gasgrillum

Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

### BBQ Master gasgrill
- 4 brennarar úr ryðfríu stáli, hver með sér stillingum, 40000BTU
- 12000 BTU brass hliðarbrennari
- Eld-temjarar úr ryðfríu stáli
- Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Riotisserie grillteinn
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli
- Elektrónísk kveikja
- Hitamælir
- Útdregið hliðarborð
- Skápur með hurð
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla

**OPIÐ**
á morgun sumar-daginn fyrsta frá kl.10



9.999 kr

### Borðhitari 1000
- Geta: allt að 3,2 kw (11.000BTU)
- Hitasvæði: allt að 9 m²
- Brennari úr ryðfríu stáli
- Hæð: 90 cm
- Stærð á hatti 50 cm



14.999 kr

### Verandarhitari 8300
- 3 hitastillingar
- Elektrónísk kveikja
- Hjól til að auðvelda tilfærslu
- ODS (Oxigen depletion system)



Vaxtalaust tilboð!
aðeins 8.299* kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 82.990,-
Fullt verð 88.993,-

### Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.

Gildir til 25. apríl eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

### Raggeit

**„Þessi skilti hafa ekkert gildi og ég nenni ekki að standa í einhverri pissukeppni við Gunnar Birgisson um hvar landamerki eigi að liggja.“**

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTIR BORGARSTJÓRI UM NÝ SKILTI KÓPAVOGS. FRÉTTABLAÐIÐ.

### Aðilar gera plötur

**„Ég get staðfest að við erum búnir að vera að ræða við þessa tvo aðila og fleiri og erum að íhuga að gera samning við þessa tvo aðila.“**

EINAR BÁRÐARSON UMBOÐSMAÐUR UM SÖNGFUGLANA BRÍETI SUNNU OG INGÓ. DV.

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON

# *Lofaði tengdó að fara ekki í pólitík*



„Ég er hress og kátur núna eins og flestir Eyjamenn enda velheppnuð loðnuvertíð að baki þar sem meira að segja gengi krónunnar vann með okkur,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Eins og flestir muna lækkaði gengi íslensku krónunnar allnokkuð fyrir stuttu með þeim afleiðingum að mun hærra verð fékkst fyrir loðnuna en vertíðinni lauk í síðasta mánuði. „Þetta hefur ekki bara mikla þýðingu fyrir okkur í Vinnslustöðinni heldur einnig fyrir bæjarsjóð þannig að þetta er gott fyrir umsvifin í bænum. Svo er humarvertíðin að hefjast og benda fyrstu túrarnir til þess að hún verði góð.“

En líf framkvæmdastjórans snýst ekki aðeins um fisk. „Ég átti gott páskafrí. Meðan aðrir lögðu land undir fót með öllu því stressi sem því tilheyrir slappaði ég af heima hjá mér. Svona eiga frí að vera. En svo blómstrar bæjarlífið eins og svo oft áður en einnig eru komandi kosningar farnar að setja sinn svip á það. Þá fylgist ég reyndar með af hliðarlínunni en ég lofaði tengdamóður minni Ernu Aradóttur frá Patreksfirði að koma ekki nálægt pólitík og ég stend við það. Ég læt það þó eftir mér að vera í leynifélaginu Akóges en það sem þar fer fram er leyndarmál eins og gefur að skilja.“



**SOPIÐ AF PELA** Blettatígursunginn Taini sem er eins og hálfs mánaðar gamall og býr í Safarígarðinum í Oregon í Bandaríkjunum nýtur aðstoðar mannfólksins við að næra sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Æskan vill jeppa og eigin rekstur

**Jeppi er það farartæki sem tvítugu fólki hugnast best. Þorri ungmenna vill vinna hjá einkafyrirtækjum í framtíðinni.**

Nálega níutíu prósent fólks á tvítugsaldri telja hnattvæðingu og vaxandi alþjóðlega samkeppni hafa góð áhrif á framtíðartækifæri sín. Aðeins fjögur prósent telja áhrifin slæm. Námsmenn í aldurshópnum eru ívið jákvæðari en þeir sem eru á vinnumarkaði.

Ný könnun PSN-samskipta fyrir Samtök atvinnulífsins leiðir þetta í ljós. Könnunin náði til 615 ungmenna sem fæddust 1986.
Mikillar bjartsýni gætir meðal ungmennanna á framtíð lands og þjóðar og telur 81 prósent líklegt að Ísland verði áfram á meðal tíu samkeppnishæfustu hagkerfa heims næsta áratuginn. Aðeins níu prósent telja að Ísland haldi ekki stöðu sinni meðal þeirra efstu.

Takmarkaður áhugi virðist hjá fólki fæddu 1986 á að vinna hjá hinu opinbera því 78 prósent vilja vinna hjá einkafyrirtækjum og um helmingur þess hóps við eigin rekstur. Heldur fleiri stúlkur en piltar vilja vinna hjá hinu opinbera. Þegar kemur að spurningu um hvað sé mikilvægast að leggja áherslu á til að viðhalda eða bæta sterka stöðu Íslands nefna flestir þátttakenda öflugt menntakerfi. Á eftir koma rannsóknir og nýsköpun, stöðugt efnahagsumhverfi og lágir skattar.

Jeppi er svo það farartæki sem unga fólkinu hugnast best en 47 prósent þátttakenda nefndu þá. Næst á eftir komu góðir skór. Einkaþota höfðar hvað best til um tólf prósenta svarenda í könnuninni. ■



**HVE GLÖÐ ER VOR ÆSKA** Ungt fólk er bjartsýnt á framtíð lands og þjóðar samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem gerð var fyrir Samtök atvinnulífsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI






**Jamis Lady Bug**
12”, 2-5 ára
Verð 11.990 kr.



**Jamis Hot Rod**
12”, 2-5 ára
Verð 11.990 kr.



**Jamis Capri 2.0**
20”, 6-9 ára, ástell, 6 gíra
Verð 19.990 kr.



**Jamis Capri 2.4**
24”, 7-12 ára, álstell, 7 gíra
Verð 22.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

# Frá Gljúfrasteini að Gróttu

Í tilefni sumardagsins fyrsta efnir Mannræktin Atorka til ferðar frá Gljúfrasteini í Mosfellssveit að Gróttu á Seltjarnarnesi á morgun. Þátttakendur geta hjólað, hlaupið eða farið á línuskautum, allt eftir því sem hentar hverjum og einum. Fólk getur ýmist farið alla leið, slegist í hópinn eða helst úr lestinni á miðri leið. Það er Gunnlaugur B. Ólafsson í mannræktinni Atorku sem stendur að ferðinni sem áætlað er að taki um fimm klukkustundir. Hefst hún við Gljúfrastein klukkan 10.30 og er stefnt að því að vera við Íþróttasvæðið við Varmá klukkan 11.30, við Korpu klukkan 12.30, í Elliðaárdal klukkan 13.30, í Nauthólsvík klukkan 14.30 og koma að Gróttu um 15.30. Opið verður í vitanum og fræðasetrinu og hægt að kaupa veitingar.

Gunnlaugur starfrækir Atorku þar sem meðal annars fæst leiðsögn í rope-yoga. Hann segir tækjasali vissulega góða til síns brúks en best sé að njóta hreyfingar úti í náttúrunni. Hefur hann merkt fjölda gönguleiða á fellum, fjöllum og heiðum í nágrenni Mosfellsbæjar og stendur að auki fyrir nokkurra daga gönguferðum um hálendið að sumarlagi.







## Boðið upp á kjöt í kirkjunni

Þátttakendur í páskavöku Húsavíkurkirkju fengu ekki einasta andlega næringu þessa páskana heldur var líka gælt við bragðlauka þeirra.

Var fólki boðið að bragða lambakjöt frá Norðlenska að páskavökunni lokinni og var almennt gerður góður rómur að ketinu.

Þekkt er að kirkjugestir gæði sé á veitingum eftir messur en sjaldgæft að lambakjöt sé á borðum

# Bílasali álitsgjafi New York Times

**Skarphéðinn Eiríksson, bílasali í Öskju, er meðal heimildarmanna í úttekt Bandaríska stórblaðsins New York Times á efnahagsástandinu á Íslandi.**

Blaðið birti úttekt sína í gær en í henni er stiklað á stóru á helstu atriðum efnahagsmála landsins. Talsvert hefur verið fjallað um stöðu mála í evrópskum fjölmiðlum síðustu vikur og mánuði en minna borið á umfjöllun í vestur vegi.

Blaðamanni New York Times lék forvitni á að vita hvernig efnahagsástandið í landinu endurspeglaðist í eftirspurn eftir bílum en Askja er með umboð fyrir Mercedes Bens. Blaðakonan leit því við á skrifstofu Skarphéðins og spurði hann spjörunum úr.

„Ég sagði henni að þetta óöryggi sem nú ríkir hafi ekki verulega áhrif á söluna hjá okkur. Ég held að okkar viðskiptavinir hafi vel efni á kaupum sínum. Hins vegar lýsti ég því fyrir henni að það er ekki langt síðan flest réðist af því hvernig fiskaðist en það hefur heldur betur breyst.“

Á meðal heimildarmanna sem leitað var til eru Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Nicolas Bouzou, aðalhagfræðingur Xerfi stofnunarinnar í París og Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands.

Greinin er nokkuð ítarleg og segir frá því að hagkerfi landsins hafi þanist gríðarlega út á síðustu árum og nú séu uppi vangaveltur um að það hafi ofhitnað.

„Ég get alltaf átt von á því að fá inn til mín forstjóra stærstu fyrirtækja og ráðherra svo mér brá ekkert að fá til mín blaðamann frá New York Times,“ segir Skarphéðinn. „Þetta var bara létt spjall hjá okkur,“ bætir hann við og viðurkennir að vissulega hafi þetta kitlað hégómagirndina. En þó virðist hann taka þessu af miklum gáska. „Ég spila körfubolta með nokkrum hagfræðingum og háttsettum bankamönnum og nú get ég sagt þeim að ef þeir vilji einhver ráð þá geti þeir leitað til mín þar sem búið er að skipa mér á bekk með helstu efnahagssérfræðingum þjóðarinnar. Svo hefur Kári bróðir minn sem er arkitekt lengi gortað sig af umfjöllun um teikningar sínar á Hótel Búðum í Times Magazine. Nú er ég búinn að skáka honum,“ segir hann og hlær við.

jse@frettabladid.is



**SKARPHÉÐINN EIRÍKSSON** Bílasalinn tekur því með glensi að vera á meðal heimildarmanna í grein New York Times um efnahagsástandið hér á landi. Þar er hann í hópi innlendra sem erlendra sérfræðinga á efnahagssviðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Jamis Miss Daisy**
*16", 3-6 ára*
*Verð* **12.990 kr.**



**Jamis Laiser 2.0**
*20", 5-9 ára álstell, fótbremsa*
*Verð* **14.990 kr.**

# Hjólaðu út í vorið
# 20% afsláttur

**af öllum barnahjólum og línuskautum á miðvikudag og sumardaginn fyrsta.**

***Verðlaunaframleiðandinn Jamis***

*Þú færð hjólin frá bandaríska verðlaunaframleiðandanum Jamis aðeins í Útilíf. Ár eftir ár hefur Jamis fengið verðlaun fyrir hjól sín, m.a. sæmdarheitið besta hjólið, enda þykir Jamis sameina ótrúleg gæði og hagstætt verð.*

***Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum.***

*Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaflega lág við sætið til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.*



**Jamis Fester 2.0**
*20", 6-9 ára, álstell, 6 gíra*
*Verð* **19.990 kr.**



**Jamis Fester 2.4**
*24", 8-12 ára, álstell, 21 gíra, framdempari*
*Verð* **22.990 kr.**

**ÚTILÍF**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 32279 04/2006




# 3 risa rúllur XL

*Nýtt í Bónus!*

ELDHÚSRÚLLUR

3 XL rúllur **298** KR.




Bónus álegg BETRA VERÐ!

MALAKOFF **719** KR/kg

MALAKOFF




SPÆGIPYLSA

BÓNUS SPÆGIPYLSA **1798** KR.




PEPPERONI

BÓNUS PEPPERONI **1798** KR.

*Nýtt í Bónus!*

# Sumar og

SÁPUKÚLUR SEM HÆGT ER AÐ GRÍPA!




SÁPUKÚLUR **259** KR. MÁ GRÍPA!

Skoðaðu þær á bonus.is

PEYTIRJÓMI **149** KR. 250g




VÖFFLUDUFT **149** KR. 500g




EURO SHOPPER

Frosna grænmetið í kílópokunum




BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA **198** KR. HEILT KÍLÓ!

5 METRA SNÚ SNÚ



SNÚ SNÚ **299** KR. 5m

## *Góðar sumargjafir!*




BLÖÐRUPYRLA **259** KR. MEÐ ÍSKRI

SÉRVÖRU VERSLANIR

ÍSKRANDI HÁFLEYG BLÖÐRUPYRLA FLÝGUR SÝNIFLUG Á bonus.is

BARNASÓLGLERAUGU **499** KR.

LITLU ÞROSKABÆKURNAR




SMÁBARNABÓK **199** KR. VELJIÐ SJÁLF!

BOLTI 6.5" **259** KR.

BOLTI 9" **359** KR.

KRÍTARFATA **159** KR.




TUSKUDÝR

Góð í lítinn faðm

TUSKUDÝR **399** KR. VELJIÐ SJÁLF!

UM 25 sm

**Fylgist með hlutlausum verðkönnunum ASÍ á asi.is**



Bónus álegg - BETRA VERÐ!
SAMLOKUSKINKA 698 kg KR.
REYKT SKINKA
REYKT SKINKA 798 kg KR.
Bónusfeti
BÓNUSFETI 199 KR. 250g
Nýtt í Bónus!
sól í Bónus!
EKKERT BRUÐL
Marineraður og beinlaus lax á grillið
VILLIKRYDDAÐAR LAMBAKÓTELETTUR
45% afsláttur við kassann
LAMBAKÓTELETTUR VILLIKRYDDAÐAR 1485 KR. Merkt verð 2699 KR.
Nýtt í Bónus!
LAX Á GRILLIÐ 998 kg KR. BEINLAUS OG MARINERAÐUR
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
2+1 FRESCHETTUR 599 KR. 1200g
30% afsláttur við kassann
3 Freschetta pitsur á verði 2ja!
1200 gramma PITSUTILBOÐ
SJÁÐU VERÐIÐ!
KF SALAT 98 KR. 350g
LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ 1189 KG KR. MERKT VERÐ 1699 KR.
3 Flöskur á verði 2ja
EKKERT BRUÐL
www.bonus.is

## Svona erum við

> Fjöldi íbúa á við valdar götur í Reykjavík.




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ALÞJÓÐADÓMSTÓLABORGIN HAAG

# *Vettvangur alþjóðasátta í 100 ár*

Haag, hið friðsæla stjórnarsetur Hollands, hefur í meira en heila öld verið vettvangur alþjóðlegrar málamiðlunar og hýsir nú fjöldann allan af alþjóðlegum dómstólum og skyldum fjölþjóðlegum stofnunum. Nú er að bætast við einn dómstólinn enn, þegar stríðsglæparéttarhöldin yfir Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu, verða flutt þangað frá Vestur-Afríkuríkinu Síerra Leóne.




**Hvernig hófst þessi hefð í Haag?**
Þessi vegferð Haag hófst er afvopnunarráðstefna stórvelda Evrópu endaði með því að vera haldin í þessari friðsælu höfuðborg hins hlutlausa Hollands árið 1899. Frumkvæðið að henni átti þáverandi Rússakeisari, enda voru Rússar þá komnir langt aftur úr hinum stórþjóðunum í vígbúnaðarkapphlaupinu.

Þótt afvopnunarráðstefna þessi skilaði engum árangri varð hún upphafið að hefð fyrir því að til Haag væri ráðamönnum heims stefnt til að ræða saman frið.

**Hverjar eru helstu stofnanirnar?**
Auk þings og ríkisstjórnar Hollands eru í borginni nú um 150 alþjóðlegar stofnanir. Þar á meðal eru:

- Stríðsglæpadómstóll Sameinuðu þjóðanna fyrir Júgóslavíu fyrrverandi. Hann er í byggingu þar sem áður voru höfuðstöðvar tryggingafélags. Dómstóllinn hefur starfað frá árinu 1993.
- Alþjóðadómstóllinn hefur í 60 ár haft aðsetur í Friðarhöllinni, glæsibyggingu sem byggð var 1913 í miðborginni fyrir fé frá skoskbandaríska auðkýfingnum Andrew Carnegie, en hann var ásamt Svíanum Alfred Nobel meðal helstu bakhjarla alþjóðlegu friðarhreyfingarinnar á fyrstu árum hennar. Alþjóðadómstóllinn hefur ekki vald til að dæma neinn í fangelsi, en sem aðaldómstóll Sameinuðu þjóðanna hefur hann talsvert vægi. Hlutverk hans er fyrst og fremst að skera úr um þjóðréttarleg álitaefni.
- Alþjóðlegi gerðardómurinn (Permanent Court of Arbitration). Í Haag eru ennfremur höfuðstöðvar Europol, samstarfsstofnunar lögregluyfirvalda Evrópuríkjanna, og Eurojust, sem annast Evrópusamstarf saksóknaraembætta.

## SPURT OG SVARAÐ

VERKTAKASTEFNA RÚV

### *Ömurleg stefna*



ÖGMUNDUR JÓNASSON FORMAÐUR BSRB

Skattstjórinn í Reykjavík hefur fengið RÚV til að hætta að greiða dagskrárgerðarmönnum verktakagreiðslur. RÚV hefur kært úrskurðinn til yfirskattanefndar og vill fá að halda verktakagreiðslunum áfram. Þá er nýtt starfsfólk ekki fastráðið til stofnunarinnar.

**Hvernig hugnast þér þessi verktakastefna?**
Mér finnst hún vægast sagt ömurleg. Þetta hefur um árabil verið ljóður á ráði Ríkisútvarpsins. Að ráða fólk í verktakavinnu verður til þess að réttindi þess eru rýrari en ella. Maður veltir því fyrir sér hvort leikurinn sé til þess gerður, að hafa í starfi fólk sem er léttara á fóðrum að þessu leyti.

**Hvað með það að fastráða ekki nýtt starfsfólk?**
Það tengist áformum um að gera Ríkisútvarpið að hlutafélagi. Það er augljóst, að ég tel. Ég vildi helst sjá að horfið yrði frá þeim áformum og Ríkisútvarpið færi að haga sér eins og aðrar stofnanir og fastráða fólk á fullum réttindum.

**Er erfitt fyrir launafólk að verjast verktakastefnunni?**
Það er mjög erfitt. Fólkinu er stillt upp við þá kosti að annað hvort taki það starfið á þessum kjörum, eða að það verði hreinlega ekki ráðið. BSRB hefur margoft andæft þessari stefnu gegn Ríkisútvarpinu og öðrum aðilum sem hafa haft þennan hátt á. Við höfum litið á þetta sem mjög slæman hlut.

# Greenpeace segir afleiðingarnar af Tsjernóbyl stórlega vanmetnar

**Sameinuðu þjóðirnar héldu því fram í fyrra að á endanum verði hægt að rekja um 4.000 dauðsföll til kjarnorkuslyssins í Tsjernóbyl. Greenpeace segir að talan 90.0000 sé öllu nær lagi.**

Umhverfisverndarsamtökin Greenpeace halda því fram, í nýrri skýrslu, að þegar allt komi til alls muni líklega um 90 þúsund manns hafa látið lífið af völdum geislamengunar frá kjarnorkuslysinu í Tsjernóbyl árið 1986.

Samtökin gagnrýna harðlega skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum, sem Tsjernóbyl-miðstöðin sendi frá sér í fyrra, þar sem því er haldið fram að dauðsföllin verði mun færri, eða rétt um níu þúsund.

Í skýrslu Tsjernobyl-miðstöðvarinnar, sem er á vegum Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar, er því haldið fram að til þessa hafi einungis verið hægt að staðfesta að 50 dauðsföll mætti rekja til Tsjernobyl-slyssins. Jafnframt var því haldið fram að af þeim 600 þúsund manns sem tóku þátt í því að hreinsa til í kjölfar slyssins myndu á endanum um 4.000 manns láta lífið beinlínis af völdum þeirrar geislunar sem þeir urðu fyrir.

Enn fremur segir í skýrslu Tsjernóbyl-miðstöðvarinnar að fjölgun dauðsfalla af völdum krabbameins meðal þeirra fimm milljóna manna, sem urðu fyrir geislamengun í smærri skömmtum, verði svo lítil að erfitt muni reynast að meta hana með aðferðum tölfræðinnar. Þó töldu höfundar skýrslunnar óhætt að giska á töluna 5.000, sem þýðir að samtals verði dauðsföll af völdum slyssins rúmlega níu þúsund.




Greenpeace segir Tsjernóbyl-miðstöðina vísvitandi gefa villandi upplýsingar til þess að gera sem minnst úr afleiðingum Tsjernóbyl-slyssins. Greenpeace vísar máli sínu til stuðnings til upplýsinga frá Rússlandi, Hvíta-Rússlandi og Úkraínu.

„Kjarnorkuiðnaðurinn er hættulegri en allar aðrar iðngreinar, og þeir eru greinilega að reyna að gera eins lítið og hægt er úr afleiðingum Tsjernóbylslyssins,“ sagði Ivan Blokov frá skrifstofu Greenpeace í Rússlandi.

Í skýrslu Greenpeace-samtakanna er að vísu mikil áhersla lögð á hve mikil óvissa ríkir enn um það hvernig meta skal áhrif þessa versta kjarnorkuslyss sögunnar.

Þegar sprenging varð í kjarnaofni í kjarnorkuverinu í Tsjernóbyl í Úkraínu þann 26. apríl árið 1986 barst mikið magn af geislavirkum efnum yfir stóran hluta af Evrópu. Geislamengunin varð hvað alvarlegust í norðanverðri Úkraínu, vesturhluta Rússlands og á stórum svæðum Hvíta-Rússlands.

Engin starfsemi er lengur í kjarnorkuverinu í Tsjernóbyl. Næsta nágrenni kjarnorkuversins er lokaður fyrir allri umferð, en ennþá býr fólk á stórum svæðum þar sem geislamengun varð mikil og hafa íbúarnir þar miklar áhyggjur af heilsufari sínu.

Greenpeace spáir því að geislamengun frá Tsjernóbyl muni einnig valda ýmsum erfðasjúkdómum, þrátt fyrir að í skýrslu Sameinuðu þjóðanna sé því haldið fram að engar staðfestingar hafi fundist á því.

Í skýrslunni er fullyrt að „geislamengun frá slysinu hafi haft gríðarleg áhrif á þá sem eftir lifðu“, og er þá átt við önnur áhrif en krabbamein svo sem „skemmdir á ónæmiskerfi og innkirtlastarfsemi, sem leiðir til hraðari öldrunar, æða- og blóðsjúkdóma, geðsjúkdóma, litningabreytinga og fleiri dæma um vansköpun á fóstrum og börnum.“



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

**Búlgaría - stærsti sólarstaðurinn okkar.**
**Berðu saman verð og gæði.**



apollo

Beint leigflug til stærsta sólarstaðar við Svartahafið.

5 100 300 www.apollo.is

# Síðustu námskeið vetrarins að hefjast



**Skráðu þig strax í síma 544 22 10 eða á www.tsk.is**

## HAGNÝTT TÖLVUNÁM

### Byrjendanámskeið

Vinsælt tölvunámskeið á sérlega hagstæðu verði, ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.
Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 15. maí og lýkur 1. júní.
**Lengd:** 42 kennslustundir. **Verð:** Kr. 32.900,-

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 26. apríl. Kennt er þrisvar í viku.
Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans eða heimasíðu.
**Lengd:** 63 kennslustundir. **Verð:** Kr. 39.900,- **(**Allt kennsluefni innifalið).

### TÖK tölvunám

Þetta námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjólega vottun því til staðfestingar.

TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

**Kennslu og prófagreinar:**

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- Internet og tölvupóstur
- Access gagnagrunnur
- PowerPoint



Morgun- og kvöldnámskeið hefjast 26. apríl.
Kennt er þrisvar í viku.
**Lengd:** 100 kennslustundir.
**Verð kr. 65.000,-** (Allt kennsluefni innifalið).

## VEFSMÍÐI

### Vefsíðugerð fyrir byrjendur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Sérstök áhersla er lögð á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni.
Kennt er á tvö algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Photoshop og FrontPage.

Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar. Jafnframt er námskeiðið góður grunnur undir frekara nám í allri vefhönnun. Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu í samráði við kennara.

**Lengd námskeiðs:** 42 stundir. Hefst 26. apríl og lýkur 15. maí.
**Verð kr. 36.000,-** Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð - framhald

Námskeið ætlað þeim sem vilja halda áfram og bæta við kunnáttu sína og getu við gerð faglegra vefsvæða. Ásamt kennslu á forritið Dreamweaver kynnast nemendur gagnagrunnstengdum vefsvæðum. Farið er stuttlega í gerð gagnagrunnstaflna með Microsoft Access og hvernig tengja má vefsíður við gagnagrunna. Einnig er farið í notkun CSS stíla fyrir vefsíðugerð.
Námskeið þetta hentar vel þeim nemendum sem tekið hafa Vefsíðugerð grunn, grunnnámskeið í Dreamweaver eða hafa sambærilega þekkingu og færni.

**Lengd námskeiðs:** 36 stundir. Hefst 17. maí.
**Verð kr. 39.000,-** Allt kennsluefni innifalið.

## Önnur námskeið að hefjast:

| Námskeið | Hefst | Stundir |
|---|---|---|
| Photoshop grunnur | 26. apríl | 21 |
| FrontPage | 8. maí | 21 |
| Stafrænar myndavélar | 24. apríl | 14 |
| Word grunnur | 29. apríl | 21 |
| Excel grunnur | 10. maí | 21 |
| Outlook, | 19. maí | 10 |
| PowerPoint | 24. maí | 12 |
| Access | 29. maí | 21 |
| Tölvuviðgerðir | 6. maí | 18 |
| Öryggi og vírusvarnir | 13. maí | 9 |
| Tollskýrslugerð | 16. maí | 21 |

## ELDRI BORGARAR 60+

### Byrjendur

Síðasta námskeið vetrarins hefst 24. apríl og lýkur 17. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 13 - 16

### Framhald I

Síðasta námskeið vetrarins hefst 25. apríl og lýkur 16. maí. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 13 - 16



**TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING**

*Skráning á vorönn hafin í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is







**Opnunartími í afgreiðslu**

mán.-mið. 8 -18
fim. og fös. 8 -19
helgar 11 -16

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ vísir

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.535 **-2.09%**

**Fjöldi viðskipta:** 494
**Velta:** 3.202 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Nýherji** | +2,16% | **FL Group** | -4,81% |
| **Grandi** | +1,25% | **Landsbankinn** | -4,26% |
| **Hampiðjan** | +1,19% | **Dagsbrún** | -3,22% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 58,80 -0,17% ... Alfesca 4,03 -0,74%... Atorka 5,60 -1,75% ... Bakkavör 49,40 -1,20% ... Dagsbrún 6,31 -3,22% ... FL Group 19,80 -4,81% ... Flaga 3,29 -1,20% ... Glitnir 16,60 -2,35% ... KB banki 755,00 -1,95% ... Kögun 74,70 +0,00% ... Landsbankinn 22,50 -4,26% ... Marel 73,20 +0,00% ... Mosaic Fashions 18,00 -1,10% ... Straumur-Burðarás 16,40 -2,38% ... Össur 111,50 +0,00%

## MARKAÐSPUNKTAR...

Stjórn Dagsbrúnar hefur ákveðið að nýta heimild til hækkunar hlutafjár vegna kaupréttarskuldbindinga félagsins og vegna kaupa á hlutum í öðrum félögum, samtals kr. 42.437.140. Heildarhlutafé félagsins eftir hækkun er 5.071.698.634.

Heildarafli íslenskra skipa var 132 þúsund tonn í mars síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra var hann 215 þúsund tonn. Ástæðan er að stærstum hluta sú að loðnuveiði var mun minni í nýliðnum mars en í fyrra eða 16 þúsund tonn miðað við 146 þúsund tonn.

Skoðun ehf., sem eignaðist 51 prósent hlutafjár í Kögun þann 22. mars, hefur sett fram yfirtökutilboð til hluthafa í Kögun upp á 75 krónur á hlut. Hlutirnir sem samþykkt verður að selja verða greiddir með reiðufé í íslenskum krónum.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Lánastofnanir finna aukna ásókn í myntkörfulán

**Útlánastofnanir merkja aukna ásókn almennings í húsnæðislán í erlendri mynt, hvort sem það er til endurfjármögnunar eða nýrra kaupa. Bankar ráðlögðu fólki til skamms tíma að taka frekar lán í krónum, en taka nú sumir hverjir hlutlausari afstöðu.**

Veiking á gengi krónunnar hefur leitt til þess að fleiri velta fyrir sér hvort hagkvæmt sé að skuldbreyta húsnæðislánum yfir í erlendar myntkörfur. Slík lán eru óverðtryggð þannig að fólk er laust við verðbólguáhrif sem hækka lán og bera auk þess töluvert lægri vexti. Á móti kemur að myntkörfulánum geta fylgt meiri sveiflur í afborgunum og um þau gilda strangari reglur um veðsetningarhlutfall íbúða.

Í nýlegri úttekt greiningardeildar Landsbankans á efnahagsmálum og skuldabréfamarkaði segir að raungengi krónunnar sé nálægt jafnvægi. Það ýtir undir að hagkvæmt kunni að vera að taka lán í erlendri mynt. Í gær endaði vísitala krónunnar í 131,1 stigi, en í ritinu er talið líklegast að hún sveiflist á bilinu 120 til 130 stig það sem eftir lifir árs og fram á það næsta, áður en gengið styrkist á ný gangi stóriðjuáform eftir. Við styrkingu gengisins græða þeir sem skulda í erlendri mynt.

Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka, segir að eftir veikingu krónunnar hafi aðeins orðið vart við aukinn áhuga á skulbreytingum lána yfir í erlendar myntir. „Hér áður fyrr höfum við ekki hvatt fólk til að gera þetta, en núna þegar krónan hefur leiðrést er þetta kannski orðið betri kostur en var.“ Hann segir bankann þó reyna að vera hlutlausan í ráðleggingum sínum til fólks í þessum efnum. „Við finnum samt vaxandi áhuga, vaxtamunurinn er orðinn það mikill og krónan á stuttum tíma búin að lækka um rúm 15 prósent.“ Friðrik áréttar þó að lánum í erlendri mynt fylgi áhætta. „Kannski ekki síst að vextir erlendis hækki, en þeir hafa hækkað töluvert undanfarið, sérstaklega í Bandaríkjunum. En hér eru líka verðbólguhorfur frekar daprar þannig að fólk veltir fyrir sér þessum kostum.“ Hann segir að bankinn bjóði líka erlend lán þegar verið er að kaupa fasteignir en þeim fylgi þó strangari skilyrði, sérstaklega varðandi veðsetningu. Hlutfall hennar má alla jafna ekki fara yfir 65 prósent. Þá fylgir skuldbreytingum kostnaður í formi uppgreiðslu og stimpilgjalda sem taka þarf tillit til, en í háum lánum geta þau útgjöld orðið töluverð. Þannig nemur lántöku og stimpilgjald að jafnaði um 2,5 prósentum af lánsupphæðinni.


**Í KÓPAVOGI** Veiking krónunnar síðustu daga hefur orðið til þess að fleiri hugleiða nú húsnæðislán í erlendri mynt. Slíkum lánum fylgir gengisáhætta á móti því að þau bera lægri vexti og einstaklingsbundið hvað hentar hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Frjálsi fjárfestingarbankinn var núna í vikunni fyrstur til að auglýsa myntkörfulán sérstaklega. Eiríkur Óli Árnason, forstöðumaður útlánasviðs bankans, segir að viðskiptavinum sé þó ekki ráðlagt að taka myntkörfulán, enda hafi bankinn ekki greiningardeild til að undirbyggja slíka ráðleggingu. „En við bendum fólki á að skoða þetta vel sem valkost og mælum ekki á móti því,“ segir hann og kveður suma starfsmenn bankans hafa breytt sínum lánum yfir í erlenda mynt.

Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri viðskiptabanka Glitnis, segist ekki merkja sérstaka ásókn í myntkörfulán um þessar mundir umfram venjubundnar sveiflur. **olikr@frettabladid.is**

# Hrávöruverð í hæstu hæðum

## Eftirspurn eykst vegna aukinnar verðbólgu og eftirspurnar frá Kína.

Verð á góðmálmum á borð við gull, kopar og silfur heldur áfram að hækka eins og olían. Únsan af gulli fór í 618 dali í gær og af silfri í 13,5 dali. Verð á gulli hefur ekki verið hærra á hrávörumarkaði í New York síðan árið 1980 og leita þarf aftur til ársins 1983 til að finna jafn hátt verð á silfri.

Hækkun þessi er meðal annars rakin til óróleika í alþjóðamálum, eins og stöðunnar í Íran, og mats fjárfesta á að aukin verðbólga vegna hækkandi orkuverðs muni leiða til óvissu um efnahagsþróun í alþjóðahagkerfinu. Góðmálmar eru því taldir vera ákjósanleg verðbólguvörn um þessar mundir.

Þá er ljóst að mikil eftirspurn er eftir góðmálmum frá Kína en hagkerfið þar óx um tíu prósent á fyrsta ársfjórðungi.

Verð á kopar fór í sögulegt hámark í gær þegar verðið á tonni fór í 6.490 dali og hefur tvöfaldast á einu ári. Þá hefur verð á sinki hækkað um 150 prósent á sama tíma. Væntingar á koparmarkaði um minnkandi birgðastöðu hefur valdið verðhækkunum en Codelco, stærsti koparframleiðandi heims, hefur hafnað þeim sögusögnum að dregið hafi úr afköstum við framleiðslu vegna verkfalla námuverkamanna.

**- eþa**


**GULLSTANGIR** Gull, silfur og kopar hækka Verð á helstu góðmálmum hefur sjaldan eða aldrei verið hærra.

## ALLT HITT

**[ HEILSA FERÐIR NÁM BÍLAR ]**

**Útivist** gengur Ólafsskarðsveg sunnudaginn 23. apríl. Brottför verður frá BSÍ klukkan hálf ellefu. Ferðin er tveggja skóa ferð. Gengnir verða 198 kílómetrar á sex til sjö klukkustundum. Hækkun er 200 metrar.



**Fuglaflensa.is** er góður vefur fyrir þá sem vilja kynna sér sjúkdóminn og varúðarráðstafanir gegn honum. Á vefnum má finna allt milli himins og jarðar um fuglaflensu og hentar vefurinn vel fyrir þá sem huga á ferðalag til landa þar sem sjúkdómurinn hefur greinst.

**Mímir** - símenntun býður upp á skemmtilegt vornámskeið í japönsku þar sem farið verður í grundvallaratriði í japanskri málfræði og orðaforða. Námskeiðið hefst 10. maí og kennari er Yukiko Koshizuka.



**Nagladekkin** ættu nú að vera farin af bílunum enda er notkun þeirra ekki heimil frá 15. apríl til 1. nóvember.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 19. apríl, 109. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.42 | 13.27 | 21.14 |
| Akureyri | 5.19 | 13.11 | 21.07 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**

Auglýsingasími Allt
**550 5880**

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is





Júlía Sigurðardóttir hefur nóg að lesa í uppeldis- og kennslufræðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Í mikilli sjálfsskoðun í kennslufræðinni

***Júlía Sigurðardóttir lauk BA-prófi í mannfræði og sálfræði frá Háskóla Íslands haustið 2004. Núna er hún að klára diplómanám í uppeldis- og kennslufræði frá sama skóla.***

Uppeldis- og kennslufræði er eitt ár eftir BA-próf og Júlía byrjaði í náminu síðasta haust. „Ég hafði val um að taka bara fimmtán einingar og vera í hálfu námi en þá hefði ég einungis haft kennsluréttindi á framhaldsskólastigi svo ég ákvað að taka frekar þrjátíu einingar því þá fæ ég líka réttindi til að kenna á barna- og unglingastigi í grunnskóla," segir hún.

Hluti af uppeldis- og kennslufræðináminu er starfsþjálfun. „Ég fékk Fjölbrautaskólann í Ármúla sem heimaskólann minn og starfsþjálfunin er allan veturinn samhliða fyrirlestrum í háskólanum. Fyrirlestrarnir eru samkvæmt stundatöflu en starfsþjálfunin er skipulögð í samráði við leiðbeinanda sem hver nemandi fær og svo er skyldumæting á fyrirlestra í heimaskólanum einu sinni í viku."

Júlía er mjög ánægð með að hafa ákveðið að fara í kennslufræði. „Þetta er ótrúlega skemmtilegt nám. Starfsþjálfunin er náttúrlega langskemmtilegust en mér finnst allir kúrsarnir mjög áhugaverðir líka."

Júlía segir að það hafi komið henni mest á óvart hvað námið er persónulegt. „Við þurfum að halda dagbók og skila ferilmöppu svo við erum í mikilli sjálfsskoðun og sjálfsgagnrýni."

Júlía segir að ýmislegt komi til greina þegar hún er búin með þetta nám. „Ég gæti til dæmis tekið master í kennslufræði en það er líka margt annað sem mig langar til þess að læra. Mér finnst leikhúsfræði mjög spennandi og svo langar mig til þess að læra brúðuleikhúsgerð og glerblástur."

*emilia@frettabladid.is*

## Hættu fyrir lífið

KRABBAMEINSFÉLAGIÐ HEFUR GEFIÐ ÚT NÝTT FRÆÐSLURIT UM REYKINGAR.




Hættu fyrir lífið, er fræðslurit sem hjálpa á fólki að hætta að reykja.

Krabbameinsfélag Íslands gaf nýlega út ritið Hættu fyrir lífið, sem hjálpa á fólki sem vill hætt að reykja. Bæklingurinn heitir á frummálinu, Giving up for life, og er saminn af Jennifer Percival hjúkrunarfræðingi og ráðgjafa í tóbaksvörnum hjá Royal College of Nursing í Bretlandi. Bæklingurinn er þýddur og staðfærður af Krabbameinsfélagi Reykjavíkur með góðfúslegu leyfi National Health Service (NHS).
Í bæklingnum, sem skipt er niður í nokkra kafla, er svarað nokkrum algengum spurningum. Til dæmis: hvers vegna reyki ég, hvernig get ég hætt, hvernig losna ég við löngunina, hvernig tekst ég á við fyrstu dagana, hvernig forðast ég fall og hvaða áhætta fylgir því að halda áfram að reykja. Hægt er að nálgast bæklinginn á heilsugæslustöðvum og apótekum. Einnig er hægt að panta eintök hjá Lýðheilsustöð og skoða hann á vefsíðu Krabbameinsfélagsins.





**Eigum til afgreiðslu strax**

**Vel útbúna og rúmgóða 7 manna fjölnota fjölskyldubíla**

**MAZDA**

**MPV LX V6**



Framhjóladrfinn
5 þrepa sjálfsk.
V6-24 ventla 200 hestöfl
Fjarst.samlæsingar
ABS bremsukerfi
16" álfelgur
Raf.í rúðum og speglum
LATCH festingar fyrir barnabílst.
Niðurfellanleg aftursæti
Eyðsla innanb. 13.1 L
Eyðsla utanb. 9.4 L
Rennihurðir beggja megin með rafdrifnum rúðum
Hraðastillir
Loftkæling
12V.tengi í farangursrými

X4 ehf.

**Opið virka daga 10-18:30 - Laugard. kl. 12:00 - 16:00**

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

**5.000 kr** greiðast í sekt fyrir hvern negldan hjólbarða sem lögreglan sér á götunni. Þetta gera 20.000 krónur samtals. Nema það séu þrjú hjól undir bílnum, en áfram skröltir hann þó.



















Audi sýndi S4 og A4 með blæju, nokkuð sem Kaninn hafði ekki séð áður.



Tveggja sæta sófi og tveir hægindastólar. Bentley Continental GTC blæjubíllinn.



Saturn Sky Red Line. Ný og aflmeiri vél.

# Síðast en alls ekki síst...

***Bílasýningin í New York markaði lok sýningatímabilsins sem staðið hefur undanfarna mánuði. Óvenjumikið var um for- og frumsýningar í þetta skiptið.***

Þó að bílasýningin í New York sem hófst nýlega sé síðasta stóra sýningin á þessu tímabili hafa rúmlega tíu bílar verið frumsýndir þar. Það er greinilega ekkert lát á sköpunargleði bílaframleiðenda.

Að þessu sinni er ekkert þema á sýningunni og því breiddin í sýningarbílunum mikil. Í stað kringlóttra hugmyndabíla með iPod tengi í vélarhúsinu voru fullkláraðir bílar, tilbúnir í framleiðslu, meira áberandi í New York en á öðrum sýningum á þessu tímabili.

Reyndar lítur einn þeirra enn út fyrir að vera á teikniborðinu en mun að öllum líkindum koma á markað nánast óbreyttur sem árgerð 2008. Hér er átt við Acura MDX. Fyrsta útgáfa sem sýnd var af bílnum er með sex strokka mótor og þrjár sætaraðir og áhugavert verður að sjá hvort þær hugmyndir halda sér.

Í blæjubíladeildinni er engin lognmolla. Audi kynnti opna A4 og S4 fyrir Bandaríkjamönnum þó að Evrópubúar þekki kauða nú þegar. Saturn sýndi nýja útgáfu af Sky blæjubílnum sínum sem er kölluð Red Line. Helsta breytingin er 260 hestafla tveggja lítra vél sem er einnig að finna í Solstice GXP. Hver veit nema tvinn-véla útgáfa af þessum laglega sportbíl sé væntanleg líka? Loks spilaði Bentley út sínu trompi, risastórum fjögurra manna blæjubíl sem heitir Continental GTC. Þessi fallegi hlunkur er búinn sex lítra W12 mótor með tveimur forþjöppum sem skilar 551 hestafli til allra fjögurra hjóla í gegnum sex gíra tiptronic sjálfskiptingu.

Þeir sem búa við þann lúxus að aftursætið skiptir meira máli en vinnuumhverfi ökumanns, eiga eflaust eftir að fagna nýrri og lengri útgáfu af Chrysler 300. Lengingin, sem er upp á fimmtán sentimetra, bætist við þann metra af fótaplássi sem farþegarnir höfðu fyrir og auðveldar þeim enn frekar að láta fara vel um sig þegar þeir halla sætinu aftur og setja fótskemilinn upp.

Í öðrum bás, og kannski öðrum heimi líka, sýndi Pontiac G6 GXP. Með 3,9 lítra V6 mótor og sex gíra handskiptingu er hægt að kreista 270 hestöfl út úr bílnum en á 19 tommu felgum og lækkuðu húsi lítur maður alveg eins vel út á Laugaveginum. Þó að blaðafulltrúar Pontiac leggi mikla áherslu á að G6 GXP sé hugmyndabíll má búast við honum í sölu fljótlega. Hann er einfaldlega of jarðbundinn til að fara ekki á markað.

Loks ber að nefna nýjan bíl frá Jeep sem beðið hefur verið með nokkurri tilhlökkun. Það er fjögurra dyra hugmyndaútgáfa af Wrangler. Mikil óvissa ríkti um hvort bíllinn yrði á sýningunni og gestir tóku honum mjög vel þegar sú varð raunin. Einn skemmtilegasti hluti bílsins er toppurinn sem er hægt að taka af í nokkrum hlutum og býður þannig upp á marga möguleika fyrir þá sem vilja láta vindinn leika um hárið.



Pontiac G6 GXP minnir á Toyota Celica. Vígalegur en þó nógu jarðbundinn til að fara í framleiðslu.



Chrysler 300 Limo. Lengdur um 15 sentimetra til að mæta kröfum viðskiptavina.



Acura MDX concept car var afhjúpaður á sýningunni. Þrátt fyrir framúrstefnulegt útlit er reiknað með að hann fari nánast óbreyttur í framleiðslu 2008.



Acura MDX



Hver vill ekki 115 cm pláss fyrir fætur sína?



Fjögurra dyra Jeep Wrangler birtist nokkuð óvænt á sýningunni.

## HVAÐ ER... HLJÓÐKÚTUR?

Bílvélar eru knúnar áfram með sprengingum. Frá hverri sprengingu kemur hávaði og þegar venjuleg bílvél sprengir 4-6.000 sinnum á mínútu í venjulegum akstri er ljóst að það er ærið verkefni að dempa allan hávaðann.

Hljóð ferðast í bylgjum eins og flestir vita og út frá því einfalda atriði eru hljóðkútar smíðaðir. Hönnun þeirra er þó allt annað en einföld því það krefst jafnmikillar nákvæmni að smíða vel heppnaðan hljóðkút og að fínstilla hljóðfæri, enda ekki svo fjarskyld viðfangsefni ef grannt er skoðað.

Í grunninn eru einfaldir hljóðkútar samsettir úr kút og tveimur rörum. Ytra byrði kútsins er þrefalt og innsta lagið sér um að taka við hluta af höggbylgjunum sem koma úr púströrinu. Í kútnum eru þrjú hólf og rörið frá vélinni liggur í gegnum þau tvö fyrri og inn í aftasta hólfið. Á milli þess og miðhólfsins er gat, og svo annað yfir í fremsta hólfið.

Hljóðið og höggbylgjurnar losna því úr rörinu í aftasta hólfinu, troðast yfir í miðhólfið og áfram í fremsta hólfið í gegnum götin. Á leiðinni brotna bylgjurnar á veggjunum og til verður margvíslegt endurkast. Úr fremsta hólfinu endurkastast þær aftur inn í miðhólfið, á móti þeim sem eftir koma, og þar gerist nokkuð merkilegt: Bylgjurnar vinna hvor á móti annarri og dempa hvor aðra niður. Þetta kann að virðast skáldskapur einn en með einfaldri samlíkingu má gera sér í hugarlund hvernig þetta virkar: Við dælum lofti í blöðru sem liggur á gólfi. Hún þenst út vegna loftþrýstings inni í blöðrunni. Ef við getum aukið loftþrýstinginn beint ofan á blöðruna, umfram það sem er inni í blöðrunni, ætti hún að fletjast út. Þetta er auðvitað mjög erfitt í framkvæmd en einfalt í grundvallaratriðum.



Hljóðkútar byggja á hljóðfræði og eru mikil völundarsmíð.

Það sama á við um hljóðkúta. Þessvegna heyrist einhver hávaði frá öllum bílum.

Aftur að hljóðkútnum. Úr miðhólfinu liggur annað rör sem fer aftur úr kútnum og flytur loftþrýsting og brennslugufur í gegnum púströrið. Þar sem rörin liggja hlið við hlið í miðhólfi kútsins eru þau alsett litlum götum sem sjá um að flytja gufurnar á milli en líka að brjóta hljóðið upp í smærri bylgjur sem margar rekast hvor á aðra og jafnast þannig út. Af öllu þessu má sjá að það er algjört lykilatriði að allar lengdir, mál og staðsetningar hafa mikið um það að segja hversu áhrifaríkur hljóðkútur er.



Nýr Chevrolet Avalanche er einn þeirra bíla sem geta gengið á E85.

# Áfengisandi leysir bensín af hólmi

***Orðin „fyll'ann" öðlast nýja merkingu.***

Það vita allir að áfengi og akstur fara ekki saman. Eða hvað? Dauðleiður á klúðrinu í Miðausturlöndum hefur Bush Bandaríkjaforseti beðið bandaríska þingið um 22 prósenta hækkun á fjárlögum til þróunar á vænlegum arftökum olíu, þar með talið etanóli.

Ætlunin er að innan sex ára verði á boðstólnum samkeppnishæft eldsneyti sem verður að mestu leyti vínandi. Hugmyndin er ekki ný af nálinni og þessi tegund eldsneytis er kölluð E85 vegna blöndunarhlutfallsins, 85 hluta retanóls á móti 15 hlutum af bensíni. Þar sem etanól er ekki eins rokgjarnt og bensín er blandan nauðsynleg til að ræsa mótora og fyrir lausagang. Dísilvélar geta reyndar gengið á E95 sem er aðeins fimm hlutar bensíns.

E85 ku þegar vera notað í Brasilíu og í Bandaríkjunum hafa 5 milljónir bíla, sem geta nýtt bæði hefðbundið eldsneyti og E85, verið framleiddar. Nokkrar bensínstöðvar þar í landi bjóða þetta nýja eldsneyti á sama verði og bensín, eða rúmar 40 krónur lítrann, en vonast er til að verðið lækki umtalsvert í kjölfar aðgerðanna sem Bush hefur mælt fyrir.

Stærsti kosturinn við E85, fyrir utan að vera næstum því hæft til drykkjar, er að hægt er að nota það sem til fellur í til dæmis sykur- og kornrækt. Stærsti ókosturinn er hins vegar sá að það er ekki eins orkuríkt og hefðbundið eldsneyti og því eykst eyðslan.

Nánar má fræðast um E85 á vefslóðinni www.e85fuel.com.


**Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar**



**Partur-Spyrnan-Lyftarar** • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

**Leyfishafanámskeið leigubílstjóra**

Með vísun til laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar, gengst Vegagerðin fyrir námskeiði fyrir leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd
**24. apríl – 4. maí**
Þátttaka tilkynnist fyrir **föstudaginn 21.apríl**
til Ökuskólans í Mjódd í síma **567-0300**

VEGAGERÐIN

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

**HLÍFÐU BÍLNUM**



*Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:*

*Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover*
*Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru*
*Suzuki · Toyota · Volkswagen*

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS

06-010 KC

**www.velaborg.is** **S: 414 8600**

Bobcat





**ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR**

**LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR**

Smámokstursvélar
Smágröfur
Skotbómulyftarar
Úrval af aukahlutum

Vélaborg ehf.

**Reykjavík** Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 **Akureyri** Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

**Lokatækifæri** Nú er síðasta tækifærið til að koma einhverju í verk í náminu áður en lokaorrustan hefst. Þú færð aldrei skírteinið með slóri.



**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar. Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

... næsta 3. vikna hraðnámskeið **15. maí**
**... Akureyri** 3. vikna hraðnámskeið **17. maí**
**Skráning á sumarnámskeið er hafin**
á www.h.is og í síma 586-9400

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

**Frönskunámskeið**
**Námskeið hefjast 2.mai**
**Innritun í síma 552 3870**
**18 - 29. apríl**

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

Alliance Française
Netfang:
alliance@af.is
Veffang:
www.af.is



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

**550 5000**
**Hringdu ef blaðið berst ekki**
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

## HVERNIG VERÐUR MAÐUR... HÚSGAGNASMIÐUR?

### Starfið

Húsgagnasmíði er löggild iðngrein. Húsgagnasmiðir vinna aðallega á verkstæðum við sérsmíði og viðgerðir eða í verksmiðjum við framleiðslu. Húsgagnasmiðir smíða húsgögn og innréttingar og annast alls konar aðra smíðavinnu sem ekki tilheyrir beinlínis því að reisa hús eða mannvirki.

### Námið

Hafa ber í huga að það er mismunandi hve stór hluti námsins er í boði hjá hverjum skóla og aðeins eru fáir skólar sem bjóða upp heilstætt nám í húsgagnasmíði. Sá sem ætlar að læra húsgagnasmíði getur oftast valið um þrjár námsleiðir.

a) Hann getur gert fjögurra ára námssamning við húsgagnasmíðameistara og þarf á þeim tíma að ljúka þremur önnum í bóklegu námi í iðn- eða fjölbrautaskóla.

b) Hann getur lokið tveggja anna námi í grunndeild tréiðna og síðan gert þriggja ára námssamning við húsgagnasmíðameistara og þarf á þeim tíma að ljúka tveimur önnum í bóklegu námi í iðn- eða fjölbrautaskóla.

c) Hann getur lokið tveggja anna námi í grunndeild tréiðna, farið að því loknu í framhaldsdeild húsgagnasmiða í tvær annir og gert tveggja ára námssamning við húsgagnasmíðameistara og þarf á þeim tíma að ljúka einni önn í bóklegu námi í iðn- eða fjölbrautaskóla.

Nám í húsgagnasmíði tekur oftast fjögur ár og lýkur með sveinsprófi og fær sá sem stenst það heimild til þess að bera starfsheitið húsgagnasmiður.



Gömul húsgögn útvarpsstjóra voru fagurlega hönnuð og smíðuð.



Húsgögn geta verið margvísleg og stundum eflaust höfuðverkur hvernig best eigi að smíða þau.

### Helstu námsgreinar

Það sem kennt er í skólanum eru sérgreinar eins og áhalda- og tækjafræði, efnisfræði, grunnteikning, iðnteikning, stílfræði og verktækni. Auk sérgreina eru almennar bóklegar greinar eins og íslenska, enska, danska og stærðfræði. Verkleg þjálfun og tilsögn fer fram hjá meistara í faginu en getur að hluta til farið fram í skóla.

### Að námi loknu

Eftir sveinspróf getur húsgagnasmiður sótt nám í meistaraskóla, sem veitir honum rétt til að stofna fyrirtæki í bygginga- og tréiðnaði. Hann getur hafið nám í tækniskóla og orðið tæknifræðingur. Húsgagnasmiðir geta farið á tæknibraut og tekið stúdentspróf og sótt háskóla, t.d. verkfræði og arkitektúr. Eins getur húsgagnasmiður sótt ýmsa menntun erlendis sem tengist bygginga- og tréiðnaði.

*(Upplýsingar fengnar af www.idan.is )*

# Fræðsla um menningu Sýrlands

***Hjá Mími - símenntun er í boði áhugavert námskeið þar sem hægt verður að fræðast um margar hliðar menningarheims Sýrlands.***

Þann 27. apríl mun Jóhanna Kristjónsdóttir rithöfundur halda námskeið um sögu Sýrlands og er námskeiðið bæði fjölbreytt og fræðandi. Margir þekkja Jóhönnu Kristjónsdóttur af skrifum hennar um Mið-Austurlönd. Því er óhætt að segja að Jóhanna þekki þann menningarheim vel og ætti því að geta veitt mikla innsýn í land og þjóð.

Á námskeiðinu verða meðal annars sýndar ljósmyndir og myndbönd og flutt verður tónlist sem er upprunnin frá Sýrlandi. Einnig verður kynning á helstu ferðamannastöðunum í landinu sem ætti að nýtast þeim vel sem hafa hug á að heimsækja Sýrland á komandi misserum.

Kennt verður í þrjár klukkustundir þann 27. apríl og kostar 3.400 krónur að taka þátt.



Damaskus, höfuðborg Sýrlands.



**Íslenska fyrir útlendinga**
Fyrir byrjendur og lengra komna
Námskeiðin hefjast 24. apríl
**Icelandic for foreigners**
Classes for beginners and advanced students
New courses start on April 24
MÍMIR SÍMENNTUN
Innritun fer fram á Grensásvegi 16a, í síma 580 1800 eða á heimasíðunni www.mimir.is

allt
bílar
Alla laugardaga

# Ferðalangur á Heimaslóð

***Áhugamenn um íslenska ferðamennsku geta kíkt á Ferðalangur á Heimaslóð 2006 á morgun og kynnt sér hvað er í boði fyrir komandi sumar.***



Meðal þess sem í boði verður á Ferðalangi á Heimaslóð 2006 eru siglingar og hvalaskoðunarferðir með Eldingu.

Ferðalangur á Heimaslóð er sannkölluð hátíð fyrir ferðafíkla. Þetta er í þriðja sinn sem þessi viðburður er haldinn og hefur markmið hennar síðustu þrjú ár verið að hvetja almenning til að kynnast þeirri fjölbreytni sem ferðaþjónusta á Íslandi hefur upp á að bjóða. Dagurinn er skipulagður af Höfuðborgarstofu í góðri samvinnu við Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins auk fjölmargra aðila í ferðaþjónustu.

Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri ferðamála hjá Höfuðborgarstofu, segir þennan viðburð vera farinn að festa sig í sessi. „Fólk er farið að kannast við það að margir skemmtilegir ferðatengdir atburðir eru í boði á sumardaginn fyrsta,“ segir Dóra. „Þetta hefur opnað augu fólks fyrir því hversu ferðaþjónustan er fjölbreytt og hana þarf ekki að sækja langt út fyrir höfuðborgina. Það er svo margt sem leynist við túnfótinn sem við höfum kannski ekki kannað nógu vel. Ferðaþjónustan er ekki eingöngu í boði fyrir erlenda ferðamenn heldur einnig fyrir almenning.“



Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri ferðamála hjá Höfuðborgarstofu, segir Ferðalang á Heimaslóð vera kjörið tækifæri fyrir fólk til að kynna sér ný áhugamál og útivist. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á morgun, sumardaginn fyrsta, gefst almenningi kostur á að taka þátt í Ferðalangi á Heimaslóð og munu fjölmörg fyrirtæki og stofnanir í ferðaiðnaðinum kynna þjónustu sína og afþreyingu en auk þess verða í boði ýmsar uppákomur. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Meðal annars verða farnar þrjár stuttar kynnisferðir með hópbílum og leiðsögn út fyrir höfuðborgina og bera ferðirnar heitið „Orka og undirheimar“, „Adrenalín og útivera“ og „Vatnsból og víkingar“. Dagskrárliðirnir „Á ferð og flugi“ og „Sigldur ferðalangur“ eru sérlega áhugaverðir. Þar er boðið upp á stutt útsýnisflug, hestaferðir, kajaksiglingu, sjóstangaveiði og hvalaskoðun og undir heitinu „Hraustur ferðalangur“ verður farið í skemmtilegar gönguferðir. Einnig verður farið í Laugavegsgöngu hina skemmri úr þvottalaugunum og niður Laugaveginn í boði Ferðafélags Íslands, en einnig verður boðið upp á göngu á Hengilinn, álfagöngu og miðborgargöngu.

„Mörg ferðaþjónustufyrirtæki opna sínar dyr upp á gátt á þessum degi og annaðhvort fella niður greiðslur eða veita afslátt af þjónustu sinni,“ segir Dóra. „Þennan dag ættu allir að geta haft efni á útsýnisflugi, hvalaskoðun eða rútuferðum. Við vonumst til að þetta verði til að vekja áhuga fólks á að kynna sér meira hvað er í boði í íslenskri ferðaþjónustu.“

Dagskrána má sjá í heild sinni á www.ferdalangur.is.

*johannas@frettabladid.is*

# Eins og heima hjá sér í Los Angeles

***Svala Björgvinsdóttir söngkona bjó í Los Angeles í rúmt ár og hefur verið mikið þar síðan hún flutti heim aftur.***

Svala var síðast í Los Angeles í fyrrasumar. „Ég fer svo örugglega aftur þangað núna í sumar, en það er ekki alveg ákveðið ennþá,“ segir hún.

Svala fer reglulega til borgarinnar og er mjög hrifin af henni. „Ég bjó í LA í rúmlega ár og myndaði þá sterk tengsl við borgina. Eftir að ég flutti heim aftur hef ég farið þangað á hverju sumri og er alltaf í nokkra mánuði í einu. Veðrið er náttúrlega frábært þarna og veitingahúsin æðisleg og svo er mjög gaman að fara út að skemmta sér. Þegar maður er búinn að búa á einhverjum stað í einhvern tíma þá togar hann alltaf dálítið í mann.“

Á meðan Svala bjó í Los Angeles kynntist hún mörgum sem hún hefur haldið sambandi við eftir að hún kom heim. „Ég á mikið af vinum þarna og þeir hafa oft lánað mér íbúð til að vera í þegar ég hef komið út, sem hefur verið mjög þægilegt. Þegar ég fer í frí er ég ekki mikið fyrir að fara á einhverja ferðamannastaði og í skoðunarferðir. Mér finnst miklu meira frí í því að fara eitthvert



Svala Björgvinsdóttir þekkir vel til í Los Angeles. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

þar sem ég þekki til og er eins og heima hjá mér.“


Ævintýraferð til þriggja landa á slóð Maya indíána

MEXÍKÓ

BLELIZE OG GUATEMALA

Stórkostleg náttúra og dýralíf.
Töfrandi regnskógasvæði.
Hverfum aftur í tíma og rúmi.
Beint flug 25. maí og 8. júní

Trans - Atlantic

Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

Skemmti/óvissu/skoðunarferðir í Köben?

Fyrir íslenska hópa með íslenskum heimamanni. Tekið upp á ýmsu...

Sími: 004525623140
email: finnbogi_thorkell@hotmail.com

Dagsferð á Þyril sumardaginn fyrsta.

Ferð í samvinnu við Ferðalang á heimaslóð 2006. Brottför frá BSÍ kl. 10.30

ÚTIVIST
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

Góðar sumargjafir á frábæru verði

Línuskautar
ABEC 5 legur
St.: 27-29, 30-33, 34-36
4.995

Línuskautar
ABEC 7 legur
St.: 38-44
6.995

Línuskautar
ABEC 7 legur
St.: 37-45
9.995




Hjálmur og hlífar
Olnbogi, úlnliði & hné
2.995
2.995

Nýja SKÁTABÚÐIN
FERÐAVERSLUN
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727


Sorgmædd sál drepur þig hraðar en nokkur sýkill.
-John Steinbeck





KELP
Fyrir húð, hár og neglur
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Vertu fallega sólbrún(n) - innan frá
Vísindalega staðfest. Imedeen Tan Optimizer - hylki verka innan frá og veita gylltan húðlit, sem helst lengur en þig hefur nokkurn tímann dreymt um.
Hylkin undirbúa húðina fyrir sólina, minnka roða og viðkvæmni fyrir sól, verja húðina gegn öldrun af völdum sólar og örva myndun á fallegri sólbrúnku.
IMEDEEN
Fyrir fallegri húð - 2 töflur á dag
www.imedeen.com




Sigrún segir megrun í besta falli gagnslausa og í versta falli skaðlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Megrun er áhættuhegðun

***6. maí er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum í garð feitra. Hann verður haldinn hér á landi í fyrsta sinn í ár. Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur veit meira.***

„Boðskapur dagsins er sá að heillavænlegast sé fyrir fólk að sætta sig við þann líkama sem því var gefinn og efla sjálfstraust sitt og heilsu í honum, í stað þess að keppa alltaf að því að fá öðruvísi líkama," segir Sigrún um megrunarlausa daginn. Hún kveðst ekki ætla að draga úr mikilvægi þess að fólk lifi heilbrigðu lífi, borði hollan mat og hreyfi sig. „Við viljum bara undirstrika að fólk þarf ekkert að vera grannt til að eiga rétt á heilsu og hamingju," ítrekar hún.

Megrunarlausi dagurinn var stofnaður 1992 af Mary Evans Young, fyrrum sjálfsveltisjúklingi til að vekja athygli á skaðlegum áhrifum útlitsdýrkunar og mismununar í garð þeirra sem falla utan hins viðurkennda ramma um æskilegan líkamsvöxt. Síðan þá hefur skipulögð dagskrá verið haldin víða um heim þann 6. maí til að vekja athygli á þeim þjáningum sem hljótast af þráhyggju um grannan vöxt og almennri andúð á fitu. En hvað stendur til að gera hér á landi þennan dag?

„Við ætlum að standa fyrir sýningu á kandadískri heimildarmynd sem er gefin út í tilefni af þessum degi. Hún heitir Dieting: At war with our bodies. Titillinn segir allt um hvað gerist þegar farið er í megrun. Það er lýst yfir stríði við líkamann. Við verðum líka með fyrirlestra um þetta efni og viljum að sem flestir opni augun fyrir því að það er hægt að lifa góðu og heilsusamlegu lífi í margskonar líkömum. Við erum að vekja athygli á því að megrun er áhættuhegðun. Næstum allar átraskanir byrja á megrun og nýlegar langtímarannsóknir meðal unglinga sýna að megrun eykur líkur á þyngdaraukningu. Þó svo einhver geti grennst til frambúðar þá virðist sú ekki niðurstaðan hjá flestum. Þetta er svipað og að spila í happdrætti. Það er alltaf einhver sem vinnur en meirihlutinn tapar."

# Mikilvægt að bólusetja börnin

***Á Íslandi eru börn bólusett við mislingum við átján mánaða og tólf ára aldur en bólusetningin er mjög mikilvæg þar sem mislingar geta verið hættulegir.***

Samkvæmt nýjasta tölublaði Farsóttarfrétta hafa mislingatilfelli komið upp í Bretlandi og Danmörku síðustu vikur og mánuði en engir hinna sýktu hafa verið bólusettir gegn mislingum.

Bólusetningar gegn mislingum eru mikilvægar þar sem mislingar geta verið alvarlegir og orsakað heilabólgu og lungnabólgu og jafnvel dregið fólk til dauða.

Á Íslandi er talið að um það bil níutíu prósent barna séu bólusett við mislingum og enginn hefur greinst með mislinga hér á landi síðan 1997. Mikilvægt er að þátttaka í bólusetningum verði jafn góð áfram því annars er hætt við að mislingar geti einnig borist hingað.


Íslensk börn að leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STAFGANGA Í LAUGARDAL
5 vikna námskeið fyrir byrjendur (10 tímar)
hefst þriðjudaginn 25. apríl kl. 17:30.
Tímar fyrir lengra komna á
þriðjudögum og fimmtudögum kl. 17:30
Skráning og nánari upplýsingar á www.stafganga.is
eða í símum 616 8595 / Guðný Aradóttir - stafgönguþjálfari
694 3571 / Jóna Hildur Bjarnadóttir - stafgönguþjálfari
www.stafganga.is – áhrifarík leið til líkamsræktar


Hreinsiprógram fyrir líkamann
Vaðgelmir fyrir ristilinn - Suttungamjöður fyrir blóðið - Þaraduft fyrir líkamann
JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
Viltu betri líðan?
Vornámskeið hefjast 24. apríl
• Góð alhliða leikfimi m.a. rólegt byrjendanámskeið
• Bakleikfimi fyrir karlmenn
• Jóga
• Vatnsþjálfun, laus pláss í hópa kl.15.05 og 15.50
• Þyngdarstjórnun, stuðningur og aðhald
Fagfólk með sérmenntun og reynslu sér um alla þjálfun. Þægilegt og rólegt umhverfi.
Upplýsingar og skráning á skrifstofu G.Í., Ármúla 5, sími 5303600 • www.gigt.is

vitamin.is

3.600kr
3.900kr
Heitustu vörurnar
Verslun Vitamin.is - Ármúla 32
s. 544 8000 • Opið mán-fös 10-18 & laug 11-15
Verslun Vitamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)
s. 466 2100.
Opið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13.

allt tíska
Alla fimmtudaga

# Tilfellum lekanda fjölgar

***Á fyrsta fjórðungi ársins hafa þrettán greinst með lekanda. Þetta bendir til að tilfellum sé að fjölga.***

Þrettán sjúklingar greindust með lekanda á fyrstu þremur mánuðum ársins. Alls greindust nítján manns með lekanda allt árið 2005. Þetta kemur fram í farsóttarfréttum Landlæknisembættisins og bendir til áframhaldandi fjölgunar tilfella sjúkdómsins á Íslandi.

Milli áranna 2004 og 2005 fjölgaði greindum tilfellum lekanda einnig mikið; tvöfaldaðist á milli ára. Karlmenn hafa verið meirihluti sjúklinga síðustu tvö ár, flestir á aldrinum 20 til 29 ára. Nánast allir sem greinast búa á höfuðborgarsvæðinu og flestir eru greindir á húð- og kynsjúkdómadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss sem annast meðferð og rekur smitleiðir.

Helstu einkenni lekanda eru sviði við þvaglát og útferð frá þvagrás og/eða leggöngum. Algengara er að konur beri einkennalausa sýkingu en mestur hluti karla fær einkenni. Lekandi smitast við samfarir, munnmök og samfarir um endaþarm og geta einkennin því verið hálssærindi eða útferð og eymsli í endaþarmi.

Sýkingin getur leitt til ófrjósemi ef meðferðar er ekki leitað. Bakterían getur einnig borist út í blóðið og í önnur líffæri.


Mikilvægt er að verja sig gegn smiti á kynsjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Í Farsóttarfréttum er einnig rætt um mikilvægi þess að fólk verndi sig gegn smiti og fari reglulega í eftirlit. ■

Heilsuvöru-
markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

Næstu námskeið hjá Maður lifandi
25. apríl Er heilsan í fyrirrúmi?
Örn Jónsson.
26. apríl Heilbrigði og hamingja.
Benedikta Jónsdóttir.
27. apríl Rope yoga 27. - 30. apríl.
02. maí Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?
Haraldur Magnússon.
09. maí Kennsla í notkun jurta og fæði við gigt.
Kolbrún Björnsdóttir.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


Einelti hefur tekið á sig nýja og alvarlegri mynd. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Einelti á tækniöld

***Einelti er nú orðið æði algengt á netinu og gegnum farsíma.***

Einelti hefur þróast með tækninni gegnum árin og nú verða börn ekki aðeins fyrir aðkasti á skólalóðinni heldur einnig í gegnum internetið og gegnum farsímana sína.

Gerð var skoðanakönnun á Bretlandi sem birtist á fréttavef BBC. Sýndu niðurstöður hennar að um fimmtán prósent barna hefðu fengið ógnandi og meiðandi skilaboð í tölvupósti eða með smáskilaboðum í síma. Stúlkur áttu auðveldara með að viðurkenna að hafa lent í slíku einelti og því álykta rannsakendur að hlutfall stráka sem orðið hafa fyrir einelti gegnum síma eða tölvu geti verið mun hærra en fimmtán prósent.

Mikilvægt er að foreldrar og yfirvöld séu meðvituð um þetta form eineltis. Þar sem eineltið er óbeint getur það dreifst hratt um skólann, jafnvel út fyrir hann, enda er mörgu af því sem sett er inn á netið tekið sem sannleika.

Breska skoðanakönnunin stóð yfir í fjögur ár og náði til ellefu þúsund barna. Niðurstöðurnar sýndu ótvírætt að þessi tegund eineltis færðist sífellt í aukana. ■


Það getur verið gott að fá aðstoð við að drepa í síðustu sígarettunni.

# Reykbindindisnámskeið

***Krabbameinsfélag Reykjavíkur hjálpar fólki að hætta að reykja.***

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur um árabil haldið námskeið fyrir einstaklinga eða hópa sem vilja hætta að reykja. Næsta reykbindindisnámskeið hefst miðvikudaginn 26. apríl 2006. Þar fá þátttakendur fræðslu og ráðgjöf til að hætta að reykja ásamt stuðningi til að takast á við reyklausa framtíð. Leiðeinandi er Halla Grétarsdóttir hjúkrunarfræðingur hjá félaginu. Hægt er að skrá sig á hallag@krabb.is eða í síma 540 1900. ■



Fíton/SÍA



ALLT FYRIR HEILSUNA

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is.** Ef þú ert að breyta um lífsstíl er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú **ALLT** sem þú þarft til að öðlast hraustan líkama og heilbrigt útlit. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT** **bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

vísir
NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT
allt

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

### – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Lagning bráðabirgðavegar að stoðvirkjasvæði í Fífladölum**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **17. maí 2006**.

**Skipulagsstofnun**

## Draumur hins djarfa manns

### Ráðstefna haldin í Háskólasetrinu á Ísafirði laugardaginn 22. apríl 2006, kl. 11.00

Sjávarútvegsráðuneytið býður til ráðstefnu um sjómenn og sjómennsku laugardaginn 22. apríl 2006 kl. 11.00

Dagskrá:

| | |
|---|---|
| 11.00 | Setning.<br>Sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson |
| 11.15 | Ritun sögu sjávarútvegs.<br>Jón Þ. Þór sagnfræðingur |
| 11.30 | Af ósýnilegum mönnum - Sjómaðurinn í íslenskum skáldskap.<br>Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur |
| 12.00 | Togaramál - Um málfar og tungutak sjómanna.<br>Ólafur Bjarni Halldórsson |
| 12.30 | **Léttur hádegisverður í boði sjávarútvegsráðherra** |
| 13.15 | „Af ánægju út að eyrum hver einasta kerling hló“ Hugmyndir um sjómannskonur og hugmyndir sjómannskvenna.<br>Unnur Dís Skaftadóttir mannfræðingur |
| 13.45 | Sjómenn og hjátrú.<br>Hlíf Gylfadóttir mannfræðingur |
| 14.15 | Fley og fagrar árar - Sjómenn og sjómennska í dægurlögum.<br>Ásgeir Tómasson fréttamaður |
| 14.45 | Ráðstefnuslit |
| 15.00 | Móttaka í boði sjávarútvegsráðherra í Sjóminjasafninu. |

Ráðstefnustjóri verður Jón Páll Halldórsson.

Villi Valli og Magnús Reynir spila sjómannalög fyrir ráðstefnugesti.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill en þátttakendur eru hvattir til að skrá sig hjá sjávarútvegs-ráðuneytinu í síma 545 8300 eða með tölvupósti á netfangið hulda@hafro.is

Sjávarútvegsráðuneytið

## Fuglesang



!!! VANTAR ÞIG GISTINGU Í DANMÖRKU ?!!!!

Við erum staðsett í Hedensted á Jótlandi og bjóðum uppá huggulega heimagistingu á sveitabæ með stórkostlegu útsýni og friðsælu umhverfi.
Heimagistingin verður opnuð í lok maí n.k.

Nánari upplýsingar á www.fuglesangbb.dk

## Hagyrðingakvöld

Hagyrðingakvöld verður haldið í félagsheimilinu Borg Grímsnesi þann 19. apríl n.k., vetrardagskvöld.

**Hagyrðingar ársins verða:**

Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Reykjavík
Samúel Örn Erlingsson, Kópavogi
Unnur Halldórsdóttir, Borgarnesi
Sigurjón Jónsson, Selfossi
Stjórnandi verður hinn síhressi Ómar Ragnarsson.
Skemmtunin hefst kl. 20.30 og húsið opnar kl. 19.30.

**FUNDIR**

### ÁRSFUNDUR EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA ÍSLANDSBANKA

verður haldinn mánudaginn 8. maí nk. klukkan 17.15 á 5. hæð (Hólum) á Kirkjusandi.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar kynnt.
2. Ársreikningar kynntir.
3. Skýrsla um tryggingafræðilega úttekt kynnt.
4. Fjárfestingarstefna kynnt.
5. Tillaga stjórnar til breytingar á nafni sjóðsins kynnt.
6. Önnur mál.

**Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Íslandsbanka**

**ATVINNA**

## Úra- og skartgripaverslun auglýsir eftir starfsmanni

Upplýsingar í síma 821 1308.

allt bílar
Alla laugardaga

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stór-markaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

allt
ný vöru- & þjónustu-skrá á visir.is

BÍLLINN
TÖLVUR
AFMÆLI
BÓKHALD

vísir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

# SJÓNARHORN




Við Hafnarfjarðarhöfn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




**KOMDU HLUTUNUM Í VERK**

**ALLT** er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú stendur í stórræðum er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú **ALLT** sem þig vanhagar um. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. Þú finnur **ALLT á visir.is**!

vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT allt







AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.

# Ölgerðin ekki seld

Ekkert verður af sölu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar og innflutningsfyrirtækisins Danól. Fyrirtækin tvö voru sett í söluferli í lok febrúar. Var þá tekið fram að þau yrðu seld saman eða hvort í sínu lagi að því gefnu að ásættanlegt verð fengist. „Söluferlinu er lokið, það var mikill áhugi fyrir þessu en það náðist ekki ásættanlegt verð fyrir fyrirtækin og því hefur salan verið slegin af,“ segir Einar F. Kristinsson, annar eigenda Daníels Ólafssonar ehf., sem rekur fyrirtækin.

Einar segir markaðsaðstæður hafa breyst umtalsvert frá því söluferlið hófst og segist geta trúað því að málum hefði lyktað öðruvísi ef söluferlið hefði verið sett af stað hálfu ári fyrr. „En nú spýtum við bara í lófana og horfum björtum augum fram á veginn. Fyrirtækin eru bæði mjög öflug og vel rekin. Ölgerðin tvöfaldaði veltuna á síðustu fjórum árum og Danól er eitt stærsta einstaka fyrirtækið í matvörum á landinu.“

Starfsmannafundir voru í Danól og Ölgerðinni í gærmorgun þar sem lyktir söluferlisins voru kynntar.

- hhs



**ÁFRAM Í EIGU DANÍELS ÓLAFSSONAR EHF.** Ásættanlegt verð fékkst ekki fyrir Ölgerðina og Danól og því hætt við söluna.


Lotus Professional
Heildarlausn fyrir snyrtinguna

Á tilboði í apríl 2006
Skammtarar og tilheyrandi áfyllingar frá Lotus Professional



1.591 kr.
Lotus miðaþurrku skápur Marathon

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf í hvítu fyrir Lotus WC pappír.

4.778 kr.
Lotus miðaþurrku skápur Marathon RVS

Einnig eru á tilboði Lotus sápuskammtari og statíf úr ryðfríu stáli fyrir Lotus WC pappír.

3.982 kr.
Lotus enMotion snertifrír skammtari

Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6205



VOTTAÐ ÍSLAND?
Hagur fyrir verkfræði- og arkitektafyrirtæki

RÁÐSTEFNA 27. APRÍL
GRAND HÓTEL KL. 13 –17

Markmið með ráðstefnunni er að varpa ljósi á auknar kröfur um vottuð gæðastjórnunarkerfi á sviði ráðgjafar og hönnunar.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar– og viðskiptaráðherra setur fundinn

Fyrirlesarar verða:
Landsvirkjun, Guðmundur S. Pétursson
Veikasti hlekkurinn
Framkvæmdasýsla ríkisins, Óskar Valdimarsson
Frá afurðaeftirliti til vöktunar vinnuferla
Vegagerðin, Rögnvaldur Gunnarsson
Eftirlit með framkvæmdum
Skipulags- og byggingarsvið Rvk, Magnús Sædal
Hugmyndir um gæðakerfi í frumvarpi til mannvirkjalaga
Verkfræðideild HÍ, Helgi Þór Ingason
Árekstrar gæðakerfa
Verkfræðistofan Hönnun, Tryggvi Jónsson
Vottað gæðastjórnunarkerfi: ávinningur ráðgjafa
Batteríið Arkitektar, Jón Ólafsson
Kröfur verkkaupa
BSI á Íslandi, Árni Kristinsson
Leiðin að vottun gæðakerfis

Fagráðstefna



Að erindum loknum verða pallborðsumræður.
Léttar veitingar við ráðstefnuslit. Verð kr. 6.800

FOCAL SOFTWARE & CONSULTING
Nánari upplýsingar og skráning á heimasíðu FOCAL: www.focal.is






ERTU BURÐAR-
DÝR FYRIR
UNGLINGINN?



KAUPUM EKKI ÁFENGI
FYRIR FÓLK UNDIR
LÖGALDRI.

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

# skoðun

## SKOÐUN
**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Skipan dómara í Hæstarétt.

# Pólitísk endurgjaldssjónarmið

Skipun nýs dómara í Hæstarétt hefur trúlega komið fæstum á óvart sem á annað borð þekkja til. En með þeirri ákvörðun veitingavaldsins var umsögn Hæstaréttar sniðgengin þriðja skiptið í röð.

Í Hæstarétti eiga aðeins að sitja allra fremstu menn í lögum. Þeir sem þangað veljast þurfa á hverjum tíma, eftir því sem kostur er, að endurspegla reynslu á sviði dómstarfa, fræðimennsku og lögmennsku.

Þó að þannig standi á að við þrjár skipanir í röð hafi verið gengið framhjá áliti Hæstaréttar eða meirihluta hans verða þær sannarlega ekki allar lagðar að jöfnu. En framhjá hinu verður ekki horft að einvörðungu þarf tvær skipanir af þessu tagi í viðbót til þess að þeir skipi meirihluta í réttinum sem teknir hafa verið framfyrir þá sem Hæstiréttur sjálfur hefur talið fremsta.

Í þessu ljósi er ekki óeðlilegt að til íhugunar komi hvort taka eigi til endurskoðunar þann feril sem liggur til grundvallar þessum mikilvægu ákvörðunum. Það kann að vera nauðsynlegt í þeim tilgangi að endurvekja traust. Á hinn bóginn er ljóst að það er ekki einfalt mál.

Til þess að gæta allrar sanngirni má ef til vill líta svo á að síðasta skipunin hafi verið einhvers konar endurgjald fyrir þær tvær síðustu. Í því sambandi er vert að hafa í huga að þeir tveir dómarar sem síðast voru skipaðir mæltu með að sá kostur væri opinn fyrir ráðherra meðan meirihlutinn taldi annan umsækjanda afgerandi hæfastan.

Afstaða meirihluta réttarins verður ekki hrakin með rökum. Hæfasti umsækjandinn fékk ekki embættið. Um það verður varla deilt. En ákvörðun veitingavaldsins mun þó ekki sæta gagnrýni með sama hætti og við fyrri skiptin tvö.

Þó að jafnréttissjónarmið eigi ekki við að lögum í þessu tilviki þar sem einn umsækjandi var augljóslega hæfastur munu einhverjir af gagnrýnendum fyrri skipana ugglaust vísa til slíkra sjónarmiða. Hitt mun þó sennilega skipta meira máli í reynd að pólitískir andstæðingar veitingavaldsins líta á nýja hæstaréttardómarann jákvæðari pólitískum augum en hina fyrri.

Þannig verður sjónarmiðið um pólitískt endurgjald mikilvægara þeim hagsmunum að skipa hæfasta umsækjandann. Vissulega er það svo að dómurinn má ekki missa traust fyrir þær sakir að þar sitji menn of einhæfra lífsskoðana. Í því ljósi má segja að niðurstaðan nú sé skiljanleg.

En þann lærdóm má helstan draga af röð þriggja síðustu skipana dómara í Hæstarétt hversu fráleitt það væri að færa skipun dómara inn í sali Alþingis. Tillögur í þá veru hafa oftsinnis verið fluttar. En næsta augljóst er að slík breyting myndi einvörðungu leiða til þess að endurgjaldssjónarmiðið yrði allsráðandi við ákvarðanir um þessi efni.

Þvert á móti er mikilvægt að koma skipunum hæstaréttardómara út úr ferli víxlverkana pólitískra endurgjaldssjónarmiða. Hvernig sem á þessi mál er litið þarf að koma því svo fyrir á nýjan leik að hæfnissjónarmiðin sitji í fyrirrúmi.

Ýmsar leiðir geta komið þar til álita. Ekki er til að mynda einsýnt að Hæstiréttur eigi einn að hafa hlutverk matsmiðs með höndum. Til álita kæmi að fela það hlutverk hæfustu mönnum á helstu starfssviðum lögfræðinga. En umfram allt er mikilvægt að endanleg ábyrgð á ákvörðunum verði bæði skýr og persónuleg þó að hún yrði hugsanlega meira bundin en nú er. Í raun ætti því ekki að vera þörf grundvallarbreytinga í þessu efni.


Kosningaskrifstofa
ungs fólks opnar
Frá kl. 20:00 í kvöld í
Aðalstræti 6
við Ingólfstorg
Grill
Léttar veitingar
Tónlist
Trúbadorinn Helgi Valur
Jazz tríóið D
DJ-Guffi
Gleðilegt sumar! Allir velkomnir
Ungir sjálfstæðismenn í Reykjavík
D.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ellefu starfsdagar eftir

Fundur verður á hæstvirtu Alþingi í dag, sá fyrsti síðan á þriðjudag í síðustu viku. Eins og svo margir aðrir í samfélaginu taka þingmenn sér frí frá störfum á morgun og fagna sumarkomunni. Þráðurinn verður svo tekinn upp á ný á föstudag en þá verða fundir í nefndum þingsins. Hið sama er uppi á teningnum á laugardag - sem er óvenjulegt - því þingið starfar alla jafna ekki um helgar. Nefndarstörfin halda áfram á mánudag og hefðbundnir þingfundir eru á dagskrá út vikuna. Vinnuvikan þar á eftir hefst með verkalýðsdeginum á mánudag, fundur verður á þriðjudag, eldhúsdagur á miðvikudag og þingfrestun fimmtudaginn 4. maí. Samantekið eiga þingmenn því eftir ellefu starfsdaga þetta starfsárið.



### Unnið á laugardegi

Síðast þegar þingið starfaði á laugardegi urðu viðskipti Guðjóns Arnars Kristjánssonar Frjálslynda flokknum og Sigurðar Kára Kristjánssonar Sjálfstæðisflokknum fréttnæm. Vatnalögin voru til meðferðar og körpuðu þeir um hvort eðlilegt væri að þingheimur kæmi saman á laugardegi til að ræða málið. Lyktaði málum þannig að Guðjón rak hramminn í öxl Sigurðar. Ólíklegt er að nokkuð slíkt gerist á laugardag enda nefndafundir á dagskrá og sitja tvímenningarnir ekki í sömu nefndunum.

### Economist heitir þekkingu

Hið virta efnahags- og viðskiptatímarit The Economist efnir til ráðstefnu um íslenska efnahagskerfið í Reykjavík þann 15. maí. Nokkrir stórlaxar úr íslensku viðskiptalífi taka þátt, þau Halldór Kristjánsson Landsbankanum, Hannes Smárason FL Group, Jón Ásgeir Jóhannesson Baugi og Svafa Grönfeldt Actavis. Einnig verða á ráðstefnunni háttsettir stjórnendur hjá alþjóðlegu fyrirtækjunum Alcoa, Boeing og DHL, auk sérfræðinga Economist. Þá verður efnt til rökræðna um efnahagsástandið við stjórnmálamennina Árna Mathiesen, Halldór Ásgrímsson og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur. Athygli vekur að Economist heitir þátttakendum því að sérfræðingar blaðsins muni veita hagnýta viðskiptaþekkingu um gengi íslensku krónunnar og má heita tími til kominn að slíkri þekkingu verði miðlað til Íslendinga.



**bjorn@frettabladid.is**

# Eru stjórnmál markaðsvara?

## Í DAG
AUGLÝSINGAHERFERÐIR STJÓRNMÁLAFLOKKA



**ÓLAFUR HANNIBALSSON**

*Stórskuldugur stjórnmálaflokkur er stórháskalegur lýðræðinu því að hann verður háður þeim sem hann skuldar.*

Ísland er eina landið í Evrópu, sem engar reglur hefur sett um starfsemi stjórnmálaflokka, fjárreiður þeirra, tilhögun kosningabaráttu og fjármögnun útgjalda við hana. Á blaðamannafundi, sem Þjóðarhreyfingin – með lýðræði gekkst fyrir rétt fyrir páskana kom meðal annars fram að öll lönd Evrópu nema tvö höfðu hagað því svo, ýmist með setningu laga eða með samkomulagi stjórnmálaflokka, að auglýsa ekki í sjónvarpi tiltekinn dagafjölda fyrir kosningar, gjarnan þrjár vikur til mánuð. Í ýmsum löndum er því þannig fyrir komið að ljósvakamiðlum er bannað að selja stjórnmálaflokkum auglýsingapláss. Mörg þeirra skikka hins vegar alla þá ljósvakamiðla, sem háðir eru starfsleyfum stjórnvalda, til að flytja stuttar dagskrár stjórnmálaflokkanna, sem þeir framleiða þá sjálfir. Í Grikklandi og Finnlandi, þar sem engar reglur giltu, höfðu flokkarnir þó með þegjandi samkomulagi ákveðið að hagnýta sér ekki þann möguleika að kaupa aðgang að sjónvarpi.

Að baki þessum reglum býr sú ósk allra sannra lýðræðissinna að jafna hinn lýðræðislega leik eftir því sem kostur er, koma í veg fyrir að einstakir flokkar geti skekkt leikinn sér í hag með því að hagnýta sér fjárhagslega yfirburði til að kaffæra boðskap annarra en koma sínum boðskap í staðinn á framfæri í þeim miðlum, sem allir eru sammála um að séu sterkustu áróðursmiðlarnir.

Í útvarpsviðtölum á Bylgjunni skömmu eftir blaðamannafund Þjóðarhreyfingarinnar, tóku forvígismenn nær allra framboðanna í Reykjavík vel í þá áskorun hreyfingarinnar, að þeir auglýsi ekki fyrir þessar kosningar í ljósvakamiðlum – að því tilskildu að um það næðist allsherjar samkomulag allra flokkanna sem að framboði standa. Einn flokkur skar sig þó úr. Það var Framsóknarflokkurinn. Fulltrúi hans taldi þessi tilmæli hlægileg og gamaldags. Nútímalegur flokkur eins og Framsóknarflokkurinn hlyti, eins og allir sem bjóða fram sína „vöru“, að beita áhrifaríkustu aðferðum sem í boði væru til þess að ná til væntanlegra kaupenda. Á þessu sjónarmiði var svo hnykkt í grein á hrifla.is. Reynt var að gera framtak okkar í Þjóðarhreyfingunni tortryggilegt með gamaldags íslenskum hundakúnstum í stað pólitískrar rökræðu: Þjóðarhreyfingin væri bara skæruliðadeild Samfylkingarinnar, sem öfundaði Framsókn af skilvirkni auglýsingaherferða sinna!

Hvers vegna skyldu nær öll lýðræðisríki Evrópu vera svo „gamaldags“ að meina stjórnmálaflokkum að kaupa auglýsingar í sjónvarpi? Og meina ljósvakamiðlum að þiggja fé af stjórnmálaflokkum fyrir auglýsingar? Hvers vegna skyldu Bretar setja hámörk á þær fjárhæðir sem flokkunum er leyfilegt að verja til kosningabaráttu? Hvers vegna skyldu stjórnmálaflokkarnir vera bókhaldsskyldir og skyldir til að opinbera upplýsingar um öll framlög til kosningabaráttu sinnar yfir ákveðnu marki? Hvers vegna skyldi alls staðar nema hér vera gerð sú grundvallarkrafa til allrar stjórnmálastarfsemi, að tengsl peninga og stjórnmála skuli vera gagnsæ og uppi á borðinu?

Núorðið fá stjórnmálaflokkar, sem náð hafa svo langt að koma fulltrúum sínum á þing, veruleg fjárframlög af skattpeningum almennings. Því á almenningur heimtingu á því að fjárreiður flokkanna séu opinberar svo sem hverjar aðrar fjárreiður ríkisins. Stjórnmálaflokkar eru nú víðast hvar orðinn kjarninn í starfsemi þjóðþinga. Stórskuldugur stjórnmálaflokkur er stórháskalegur lýðræðinu, því hann verður háður þeim, sem hann skuldar. Sama gildir um hvern þann flokk sem gerist háður einstökum auðkýfingum eða stórfyrirtækjum um rekstrarfé til starfsemi sinnar eða kosningabaráttu. Það eru líka rökin fyrir því að veita þeim framlög af almannafé. Valdaflokkar eru í þeirri aðstöðu að þeir geta oft úthlutað eftirsóttum gögnum og gæðum. Sú úthlutun á að vera hafin yfir grun um að annað en verðleikar liggi að baki ákvörðun um úthlutun gæðanna. Það er ekki aðeins krafa skattborgaranna, heldur er það líka stjórnmálaflokkunum sjálfum fyrir bestu.

Þetta held ég að ungir framsóknarmenn ættu að athuga, áður en þeir slá því föstu að þeir séu svo „nútímalegir“, að þeir eigi að vera lausir undan öllum reglum sem reynslan hefur kennt siðuðum samfélögum í kringum okkur að eru ekki aðeins nauðsynlegar, heldur einnig óhjákvæmilegar, eigi stjórnmálamenn og stjórnmálaflokkar að halda lágmarkstiltrú og trausti kjósendanna í landinu.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason. RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**PIERRE CURIE (1859-1906) LÉST ÞENNAN DAG**



*„Radíum gæti orðið mjög hættulegt í höndum glæpamanna.“*

***Pierre Curie og Marie kona hans fengu nóbelsverðlaun, meðal annars fyrir rannsóknir sínar á radíum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 19. APRÍL 1943

# *Uppreisn gyðinga hefst í Varsjá*



GYÐINGAHVERFIÐ Í VARSJÁ

Á þessum degi árið 1943 hófst uppreisn í gyðingahverfinu í Varsjá. Nasistar komu hverfinu á koppinn árið 1940 og fluttu þangað gyðinga sem lifðu við sérlega bág kjör. Sumarið 1942 bjó hálf milljón gyðinga á 340 hektara svæði í Varsjá sem var umkringt hlöðnum veggjum og gaddavír.

Í júlí 1942 hófu SS-sveitinar svo brottflutning fá gyðingahverfinu til útrýmingarbúðanna í Treblinka. Meira en fimm þúsund gyðingar voru fluttir á degi hverjum fram í september og voru þá einungis 55 þúsund íbúar eftir í hverfinu.

Brottflutningunum fylgdi vitaskuld mikil óánægja og fóru þeir fáu íbúar sem eftir voru í hverfinu að taka sig saman og skipuleggja varnir. Í byrjun janúar 1943 kom Himmler, foringi SS-sveitanna, í heimsókn í gyðingahverfið og ákvað að átta þúsund gyðingar til viðbótar skyldu fluttir til Treblinka. Um leið og þetta spurðist út fóru varnarsveitirnar í gang og gyðingarnir sem eftir voru börðust og földu sig. Tilraunum þýsku hermannanna lauk nokkrum dögum seinna án árangurs.

Þetta fór vitaskuld í taugarnar á yfirmönnum SS-sveitanna og Himmler ákvað í tilefni afmælis Hitlers hinn 20. apríl að hefja endanlegan brottfluttning allra gyðinga frá hverfinu. Uppreisnin hófst á nýjan leik og börðust gyðingarnir hetjulega við vel vopnaða þýska hermenn. Andspyrnan stóð í fjórar vikur, þangað til síðasti gyðingurinn var fluttur til útrýmingar í Treblinka.

## MERKISATBURÐIR

1246 Haugsnessfundur er háður í Skagafirði með þeim afleiðingum að um hundrað manns féllu og er þetta talin mannskæðasta orrusta Íslandssögunnar.

1917 Leikfélag Akureyrar er stofnað sem áhugamannafélag.

1923 Alþýðubókasafn Reykjavíkur tekur til starfa og heitir það nú Borgarbókasafn Reykjavíkur.

1954 Börn í Akureyrarkirkju fermast í hvítum kyrtlum en það hafði ekki verið til siðs hér á landi.

1956 Leikkonan Grace Kelly giftist Rainier þriðja af Mónakó.

1961 Innrásinni við Svínaflóa lýkur.

1995 168 deyja í sprengingu í Alfred P. Murrah-byggingunni í Oklahoma-borg.



†

*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Hjördísar Óskarsdóttur**

frá Hrísey.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og starfsfólks Landspítala - Háskólasjúkrahúss.

**Bjarni Sigurgrímsson**
**Hafsteinn Ómar Ólafsson** **Lára Jónsdóttir**
**Margrét Ólafsdóttir** **Sigurjón Sigmundsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær faðir minn, afi, langafi og sambýlismaður,*

**Valdimar Þ. Einarsson**

skipstjóri og útgerðarmaður,

verður jarðsunginn föstudaginn 21. apríl kl. 13.00 frá Áskirkju.

**Guðjón Valdimarsson**
**María Svava Guðjónsdóttir** **Emil Örn Víðisson**
**Alma Emilsdóttir**
**Valdimar Örn Emilsson**
**Halla Steingrímsdóttir.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gísli K. Sigurðsson**

bifreiðarstjóri, Mjósundi 15, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 21. apríl kl. 13.00.

**Marta Ormsdóttir**
**Sigurður Gíslason** **Ásbjörg Joana Skorastein**
**Kristín Gísladóttir** **Ellert V. Harðarson**
**Júlíus Aron Ellertsson**
**Rakel Ósk Ellertsdóttir**



†

*Ástkær sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Sigurður Gíslason**

Fífumóa 3e, Njarðvík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 15. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 21. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast Sigurðar er bent á Björgunarsveitina Suðurnes.

**Gísli Sigurðsson** **Árný Dalrós Njálsdóttir**
**Njáll Trausti Gíslason** **Heiða Adólfsdóttir**
**Gísli Árni Gíslason** **Anna Rún Oddsdóttir**
**Jóhann Gíslason.**



**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR** Síðan í október hafa þær Þuríður Helga Kristjánsdóttir, Þorgerður Egilsdóttir, Tinna Ásgeirsdóttir og Brynja Björk Hinriksdóttir séð um rekstur kaffihússins Tíu dropa á Laugavegi. Á myndina vantar Brynju Björk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR: OPNAÐ Á NÝ EFTIR BREYTINGAR

# Gamli tíminn mætir þeim nýja

Kaffihúsið Tíu dropar er rótgróinn staður með ungum áherslum. Í október tóku fjórar ungar konur; Þuríður Helga Kristjánsdóttir, Þorgerður Egilsdóttir, Tinna Ásgeirsdóttir og Brynja Björk Hinriksdóttir, við rekstri Tíu dropa sem er í kjallaranum á Laugavegi 27 en kaffihúsið er eitt það elsta í miðbæ Reykjavíkur. Í vikunni opnuðu þær á ný eftir breytingar sem heppnuðust sérlega vel að sögn Þuríðar Helgu.

„Staðurinn er bjartari núna og miðuðu breytingarnar að því að koma stemningunni betur á framfæri,“ segir Þuríður Helga. Á veggjum kaffihússins hanga myndir með sál og í gluggunum sitja enn munir með sögu. Því þarf enginn að óttast að yfirbragð staðarins hafi breyst þó að ferskar pensilstrokur hafi farið um veggina.

„Við höfðum allar fjórar verið lengi í þessum bransa og þekktum því allar til reksturs svona kaffihúss,“ segir Þuríður Helga um ástæður þess að vinkonurnar ákváðu að hella sér út í reksturinn. „Svo sáum við bara kaffihúsið auglýst og okkur fannst þetta spennandi verkefni.“ Tvær konur höfðu rekið kaffihúsið áður en þær stöllur tóku við og því má segja að sannkallað kvennaveldi ríki á Tíu dropum.

Þuríður Helga viðurkennir að hafa ekki oft farið inn á kaffihúsið áður en þær tóku við rekstrinum. „Allir vita hvar Tíu dropar eru en það eru kannski ekki margir sem ákveða að koma við. Stefnan á næstunni er að gera staðinn sýnilegri og í rauninni löngu kominn tími til að gera það.“ Aðspurð segist Þuríður Helga ekki óttast samkeppnina við önnur kaffihús á Laugaveginum. Tíu dropar sé kaffihús með sérstöðu og andrúmsloft sem hvergi sé að finna annars staðar. „Það er alltaf gaman að koma í vinnuna á morgnana,“ bætir hún brosandi við.

Fastakúnnahópinn er mjög stór og segir Þuríður Helga að það hafi komið þeim skemmtilega á óvart. „Þetta er allskonar fólk. Hingað kemur mikið af fólki á miðjum aldri sem er kannski að vinna hérna í kring og fær sér morgunmat eða hádegismat.“ Hún segir því að varlega verði farið í breytingar svo allir verði ánægðir.

Hefðbundnar íslenskar kaffiveitingar hafa löngum verið sérstaða Tíu dropa og ætla vinkonurnar áfram að bjóða upp á það. „Við ætlum samt að fara í breytingar á matseðli og í sumar kemur kannski prentaður matseðill,“ segir Þuríður Helga. Einnig hefur sú nýbreytni verið tekin upp eftir andlitslyftinguna að viðskiptavinum er boðið upp á þráðlausa nettengingu.

Því má með sanni segja að gamli tíminn mæti þeim nýja á kaffihúsinu Tíu dropum. ■

## ANDLÁT

**Anna Eggertsdóttir,** Álakvísl 27, lést mánudaginn 17. apríl.

**Fanney Sigurlaugsdóttir**, Helgubraut 27, Kópavogi, lést sunnudaginn 16. apríl.

**Guðrún Guðmundsdóttir** (Bíbí), Hjarðartúni 7, Ólafsvík, lést að kvöldi laugardagsins 15. apríl.

**Lára Jakobsdóttir**, Syðri-Reykjum, Biskupstungum, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 14. apríl.

**Líney Arndís Pálsdóttir** lést laugardaginn 15. apríl.

**Njáll Símonarson**, Bólstaðarhlíð 68, lést á Landspítala Fossvogi laugardaginn 15. apríl.

**Sigrún Magnúsdóttir** lyfjafræðingur lést á líknardeild LSH í Kópavogi aðfaranótt föstudagsins langa 14. apríl.

**Sigurður Breiðfjörð Halldórsson**, Akurbraut 11, Innri Njarðvík, lést á páskadag, 16. apríl, á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Sveinn Mýrdal Guðmundsson**, Elliheimilinu Grund, Hringbraut 50, lést á heimili sínu föstudaginn langa 14. apríl.




Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.**
**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


## JARÐARFARIR

13.00 **Gestur Guðjónsson**, Hjallabraut 33, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju.

13.00 **Helgi Jóhannesson,** fyrrverandi aðalgjaldkeri, Hæðargarði 29, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Unnur Erlendsdóttir**, Lyngbrekku 11, Kópavogi, verður jarðsungin frá Digraneskirkju.

13.30 **Ingi Steinar Guðlaugsson**, frá Miðsamtúni, verður jarðsunginn frá Möðruvöllum í Hörgárdal.

14.00 **Hreggviður Hermannsson** læknir, Nónvörðu 14, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Sigþrúður Jórunn Tómasdóttir** verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**




Office 1 Superstore

Pantanir 550 4111 • Fax 550 4101 • www.office1.is • pontun@office1.is • Office 1 Skeifunni 17 • Office 1 Smáralind • Office 1 Akureyri • Office 1 Ísafirði • Office 1 Egilsstöðum • Office 1 Vestmannaeyjum

# Allt fyrir skrifstofuna undir 1 þaki!

Office 1 Superstore á Íslandi býður fjölbreytta og vandaða þjónustu. Við hlustum á viðskiptavini okkar og gerum okkar besta til þess að mæta kröfum þeirra. Fyrirtækjaþjónusta Office 1 er gott dæmi um þetta, enda sýna viðtökur viðskiptavina það svo um munar.




AÐEINS FJÓRAR STÚLKUR EFTIR!

...og nú kemur í ljós hver þeirra hreppir titilinn. Fjórar stúlkur, ein keppni og aðeins ein sem sér draum sinn rætast og fer til Las Vegas og tekur þátt í stærstu bikinifyrirsætukeppni í heimi, Miss Hawaiian Tropic.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS


## STUÐ MILLI STRÍÐA Frí(páska)helgi hins vinnandi manns

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** HAFÐI ÞAÐ NÁÐUGT UM PÁSKAHELGINA



Ég hafði það einstaklega náðugt um páskahelgina eins og vafalaust flestir aðrir, nema náttúrulega þeir sem voru að ferma. Ég upplifði reyndar páskahátíðina á svolítið öðruvísi hátt en vanalega. Í ár hafði ég ekkert til að stressa mig á, ólíkt fyrri páskum. Hér áður fyrr notaði maður nefnilega páska„fríið“ nær eingöngu til þess að klára að gera ritgerðir og önnur verkefni sem voru í vanskilum, svona rétt áður en prófatörnin hófst. Núna er öldin hins vegar önnur þar sem ég er kominn út á vinnumarkaðinn en í fyrsta skiptið á ævi minni hef ég eytt vetrinum í vinnu í stað þess að sitja á skólabekk.

Þessi fyrsti vinnuvetur minn varð einnig til þess að önnur hátíð, jólin, urðu allt annað en sól og sæla líkt og áður fyrr. Jólin eru nefnilega hátíð skólafólks. Nemar geta nær algjörlega slappað af vegna þess að ein önn er liðin og önnur að fara að taka við (nema hjá krökkum í MA). Jólin eru því fátt annað en millibilsástand sem fer í það að hlaða batteríin og það eina sem maður hafði áhyggjur af var hvort maður næði ekki örugglega tólf tíma svefni. Þessi afslöppun var langt frá því að vera minn raunveruleiki í desember þar áður. Í raun fékk ég ekkert frí því jólin voru yfir helgi og þess vegna varð jóla„fríið“ lítið meira en létt og laggott helgarfrí. Tólf tíma svefns áhyggjurnar fékk ég hins vegar aftur núna um páskana.

Ég er því að upplifa allt öðruvísi stemningu núna í vetur. Hvernig gat ég til dæmis dregið andann með svona litlar mánaðartekjur? En að minnsta kosti er ég búinn að komast að því að páskarnir eru hátíð vinnandi fólks en jólin eru hátíð námsmanna. Má þá ekki markaðsetja þessar hátíðir sem slíkar? Eða er kannski löngu búið að gera það? Markaðshyggjan er löngu búinn að leggja undir sig nútímaþjóðfélag, er það ekki annars?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Överli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Pú og pa** Eftir SÖB




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



Tvöfaldur pottur 2

# 330 milljónir

110+210

1. vinningur

ENNEMM / SIA / NM21344

BÓNUS-VINNINGUR 16 MILLJÓNIR

## Kaupir Íslendingur vinningsmiðann?

**Hugsaðu stórt, farðu í víking**

Potturinn stefnir í 110 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 210 milljónir og bónusvinningurinn í 16 milljónir.

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

lotto.is

Vertu með fyrir kl. 16.

**!** **Kl. 20.00**
*Halla Steinunn Stefánsdóttir barokkfiðluleikari og Karl Nyhlin lútuleikari leika barokktónlist í Norræna húsinu. Á efnisskránni verða meðal annars hermiverk eftir Biber, Schmelzer, Pandolfi og Farina.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ávísun á meiri lestur

Vika bókarinnar hefst í dag og munu bókaormar vísast fagna því með margvíslegum hætti. Í tilefni þessa mun Félag bókaútgefenda senda 1000 króna bókaávísun inn á hvert íslenskt heimili sem landsmenn geta nýtt upp í bókakaup sín. Benedikt Kristjánsson, framkvæmdastjóri Félags bókaútgefenda, segir að engin formleg dagskrá verði á þeirra vegum þetta árið en ávísunin sé gjöf þeirra og Glitnis til lesenda. Síðustu ár hefur félagið staðið að útgáfu gjafabókar sem fylgt hefur með kaupum á íslenskum bókum en þetta árið geta lesendur valið sjálfir hvernig þeir nýta sér þessa kjarabót en ávísunin er gild til 3. maí. „Með þessu móti erum hvorki við né bóksalar að ákveða fyrir lesendur hvað þeir eiga að kaupa eða lesa. Við vonum eins og ætíð að þetta verði nýtt, til dæmis til hagsbóta fyrir börnin,“ segir Benedikt og áréttar að margoft hafi komið fram að lengi búi að fyrstu gerð þegar kemur að börnum og lestri. „Ef við berum gæfu til þess að byrja snemma að lesa fyrir börn, helst strax í móðurkviði, þá gengur þeim börnum yfirleitt betur í lífinu sem alast upp við lestur. Lesturinn eykur til dæmis málþroska, tjáningu og skilning,“ segir Benedikt


**BENEDIKT KRISTJÁNSSON** Átaksverkefni í Viku bókarinnar

Næstkomandi sunnudag er dagur bókarinnar samkvæmt UNESCO en hérlendis er heilli bókaviku fagnað því dagurinn skarast oft á við aðra frídaga og segir Benedikt að bókavikan sé kjörin afsökun til að minna enn frekar á gildi lesturs og kærkomið tækifæri til þess að fjalla um bækur frá öllum sjónarhornum. **-khh**

### > Ekki missa af...

Leikritinu Forðist okkur í Borgarleikhúsinu, síðustu sýningar á merku verki Hugleiks Dagssonar og leikhópsins Common Nonsense.

Galakvöldi Óperukórs Hafnarfjarðar í Gullhömrum í Grafarholti í kvöld. Glitrandi stemning og góðir gestir.

Tónleikum Skagfirsku Söngsveitarinnar í Reykjavík í Langholtskirkju á morgun kl. 17.00. Einsöng syngja Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Baldvin Júlíusson.


**FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR** Ýmislegt gengur á hjá íslenskum fjölskyldum. FRÉTTABLAÐIÐ/ E.ÓL

# Sirkusinn áfram

Leikritið Íslenski fjölskyldusirkusinn sem Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð sýnir hefur hlotið frábærar viðtökur áhorfenda og nú hefur félagið ákveðið að bæta við sýningum. Aðeins þrjár aukasýningar verða haldnar, allar í þessari viku en sú fyrsta verður annað kvöld.

Sýningin hefur vakið mikla athygli fyrir sérstaka nálgun á leikhúsformið, og efni hennar þykir stinga á mörgum kýlum sem leynast undir fallegu yfirborði íslensks fjölskyldulífs. Verkið er allt samið í spuna á æfingatímanum, undir handleiðslu leikstjórans Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur og skapar hver leikari sínar persónur sjálfur.

Sýnt er í Verinu í Loftkastalanum við Seljaveg og er hægt að panta miða í síma 848 5448 eða með tölvupósti midasala@gmail.com.

**- khh**




# Engin dramatík í vistaskiptum Auðar

Auður Jónsdóttir, rithöfundur, hefur fært sig frá Máli og menningu yfir til JPV útgáfu sem mun framvegis gefa bækur hennar út.

„Það er ekkert dramatískt við þessi umskipti, þetta var algjörlega að mínu frumkvæði,“ segir Auður sem er búsett í Kaupmannahöfn. „Ég hef verið hjá Eddunni síðan 1998 eða frá því ég var unglingur og nú er ég einfaldlega að leggja í nýtt ferðalag,“ segir Auður og líkir umskiptunum við það að fá sér nýja skó eða fara í klippingu. Slíkt sé öllum hollt.

„Það er búið að vera yndislegt að vera hjá Eddunni og ég á eftir að sakna fólksins þar. Það má eiginlega segja að Mál og menning hafi verið minn menntaskóli og nú er ég að útskrifast,“ segir Auður sem segist þó hlakka mikið til þess að vinna með Jóhanni Páli og það sé aldrei að vita nema hún verði eilífðarstúdent hjá honum.

Auður hefur búið í Kaupmannahöfn undanfarin ár ásamt eiginmanni sínum, Þórarni Leifssyni myndlistarmanni, og unir hag sínum vel þar. Hún vinnur nú að nýrri skáldsögu þar sem aðalsögusviðið er stórborg. „Ég veit ekki hvenær hún verður tilbúin, líklega ekki fyrir næstu jól, ég tek mér þann tíma sem þarf,“ segir Auður sem hyggur á ferðalag til Barcelona í sumar ásamt eiginmanni og stjúpdóttur í leit að innblæstri í mannþrönginni.

Jóhann Páll Valdimarsson, útgáfustjóri JPV, er hæstánægður með að hafa fengið Auði í sínar raðir og segir það mikið fagnaðarefni að fá jafn góðan höfund og Auði í þann öfluga hóp rithöfunda sem útgáfan hefur á sínum snærum. JPV mun einnig sinna erlendum réttindamálum Auðar en JPV hefur náð góðum árangri erlendis undanfarið og er skemmst að minnast sölu á Öxinni og jörðinni, eftir Ólaf Gunnarsson og Valkyrjum Þráins Bertelssonar til stórra evrópskra forlaga auk þess sem


**AUÐUR JÓNSDÓTTIR** Hefur sagt skilið við Eddu útgáfu og fært sig yfir til JPV-útgáfunnar sem mun héðan í frá gefa út bækur hennar.

Tími Nornarinnar eftir Árna Þórarinsson var á dögunum seld til Hollands fyrir hærri upphæðir en áður hafa sést í kaupum á íslenskum reyfurum.


**JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON** Tekur Auði Jónsdóttur fagnandi en rithöfundurinn hefur ákveðið að færa sig frá Máli og menningu yfir til JPV.

Auður er fædd árið 1973 og hefur þegar sent frá sér þrjár skáldsögur, Fyrsta skáldsaga hennar, Stjórnlaus lukka, var á sínum tíma tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og síðasta skáldsaga hennar, Fólkið í kjallaranum, hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2004 og var ennfremur tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2005.

Auður hefur einnig sent frá sér þrjár barnabækur en ein þeirra, Skrýtnastur er maður sjálfur, er bók fyrir börn um Halldór Laxness, afa Auðar. Hún var kosin besta barnabókin í kosningu íslenskra bóksala 2002 og hlaut viðurkenningu Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræðinga, sem besta fræðibókin handa börnum 2002 og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

**-snæ/þþ**

# Baltasar vann frönsk verðlaun

Kvikmyndin A Little Trip to Heaven eftir Baltasar Kormák vann til verðlauna á hinni árlegu spennumyndahátíð í Cognac í Frakklandi.

The Cognac International Thriller Film Festival er ein af helstu kvikmyndahátíðum sem haldnar eru í Frakklandi ár hvert. Lauk henni sunnudagskvöldið 10. apríl með verðlaunaafhendingu þar sem A Little Trip to Heaven hlaut alþjóðlegu gagnrýnendaverðlaun hátíðarinnar (FIPRESCI). Þess má geta að myndin vann einnig til alþjóðlegra gagnrýnendaverðlauna á kvikmyndahátíðinni í Gautaborg í febrúar.


**A LITTLE TRIP TO HEAVEN** Kvikmynd Baltasars Kormáks vann verðlaun á franskri kvikmyndahátíð.

Notaðu þessa
ÞjóðarGjöf
til bókakaupa *

KR. ~~1.000,–~~ 9.000,–

KRÓNUR ~~Eitt~~ níu þúsund 00/100

GILDISTÍMI 19. apríl til 3. maí 2006

þjóðargjöf til bókakaupa

Þessi ávísun er gjöf til bókakaupa frá bókaútgefendum, bóksölum og Glitni. Hvaða bók langar þig í?

Þú getur notað þessa ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur, þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur.

**OPIÐ**
á morgun sumar-
daginn fyrsta frá kl.10

# Hjá okkur gildir þjóðargjöfin sem
# 9.000 kr. afsláttur
# af bókinni Matarást



Fullt verð
15.990

+




= 6.990 kr.

*Gildir sem 9000 kr. afsláttur af bókinni Matarást, annars sem 1000 kr. afsláttur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3000 kr.

Gildir til 2. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Lítum okkur nær

Menn eiga það til að leita langt yfir skammt því oft virðist grasið grænna í næstu sýslu eða nágrannalandi þegar kemur að skipulagi ferða og frítíma. Höfuðborgarstofa og Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins taka nú höndum saman í þriðja sinn og kynna ferðatengda þjónustu á höfuðborgarsvæðinu á sumardaginn fyrsta. Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir munu opna sínar dyr í tilefni dagsins og kynna þá afþreyingu sem í boði er í borginni og nágrenni hennar en dagskrárliðir eru ýmist ókeypis eða með verulegum afslætti.

Á og við höfuðborgarsvæðið má til dæmis velja á milli þriggja stuttra kynnisferða með hópbílum og leiðsögn á íslensku út fyrir borgina en einnig verður boðið upp á skipulagðar gönguferðir, til dæmis Laugavegsgöngu hina skemmri úr þvottalaugunum og niður Laugaveginn í boði Ferðafélags Íslands, göngu á Hengilinn, álfagöngu og miðborgargöngu. Í dagskrárliðunum „Á ferð og flugi“ og „Sigldur, ferðalangur“ er boðið upp á stutt útsýnisflug, hestaferðir, kajaksiglingu, sjóstangaveiði og hvalaskoðun og mun hafnarsvæðið í miðborg Reykjavíkur verða með líflegasta móti.

Margt fleira er í boði og dagskrána hægt að nálgast á www.ferdalangur.is en henni verður að auki dreift í öll hús á höfuðborgarsvæðinu í dag. **- khh**



**VIÐEYJARSIGLINGAR Á SUMARDAGINN FYRSTA** Það er margt í boði innan borgarmarkanna.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

16 17 18 **19** 20 21 22

### Miðvikudagur

#### TÓNLEIKAR

- 20.00 **Kvartett Sigurðar Flosasonar** heldur útgáfutónleika í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur** ásamt **Kristjönu Stefánsdóttur** söngkonu.
- 20.00 **Marilee Williams**, **Haukur Páll Haraldsson** og **Donald Wages** flytja amerískar söngperlur í **Salnum** í **Kópavogi**.

#### SKEMMTANIR

- 23.00 **Upplyfting** spilar á **Kringlukránni**.

#### FYRIRLESTRAR

- 12.15 **Guðmundur A. Guðmundsson** , fuglafræðingur **Náttúrufræðistofnun Íslands**, flytur fræðsluerindi: „Margæsir á ferð og flugi“ á **Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar**, í sal **Möguleikhússins** við Hlemmtorg í Reykjavík.

#### FUNDIR

- 12.00 Opinn hádegisfundur **Vísindafélags Íslendinga** og **Reykjavíkurborgar** um fuglaflensu í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur**.

#### DANSLIST

- 20.00 **DANSleikhúsið** sýnir **Fallinn engil** eftir **Irmu Gunnarsdóttur** og **I'm FINE** eftir **Höllu Ólafsdóttur** og **Nödju Hjorton**. Sýnt er í Borgarleikhúsinu.

#### UPPÁKOMUR

- 21.00 Söngkonan **Margrét Sigurðardóttir** syngur og bregður á leik í margmiðlunarsýningunni **The Big Cry** í **Kassanum** við **Lindargötu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



**KVARTETT SIGURÐAR FLOSASONAR OG KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR SÖNGKONA** Útgáfutónleikar í Tjarnarsal Ráðhússins í kvöld og opnun Jazzhátíðar Garðabæjar á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

# Hátíðardjass í Garðabæ

**Jazzhátíð Garðabæjar verður nú haldin í fyrsta sinn með formlegum hætti og hefst með tónleikum að kvöldi sumardagsins fyrsta.**

Garðabær hefur fóstrað marga af þekktari djasstónlistarmönnum þjóðarinnar um lengri eða skemmri tíma og munu níu fornir og nýir Garðbæingar verða í forgrunni á hátíðinni, þar á meðal Björn Thoroddsen, Haukur Gröndal, Óskar Guðjónsson og Sigurður Flosason. Sá síðastnefndi er núverandi bæjarlistamaður Garðabæjar og einn af skipuleggjendum dagskrárinnar. „Þetta er fyrsta reglulega djasshátíðin í Garðabæ sem síðan verður vonandi vísir að árvissum viðburði,“ segir Sigurður en hann er sjálfur aðfluttur Garðbæingur. Hann segir að tónlistarlífið sé gott í bænum. „Hér er gróskumikið mannlíf og það koma margir góðir tónlistarmenn úr Garðabæ,“ útskýrir Sigurður og áréttar að hátíðin gangi nú út á að stefna þessu góða fólki saman hvort sem það er innfætt eða aðflutt.

„Áherslan á hátíðinni er á nýja Garðbæinga og á fjölbreytta djasstónlist. Djasstónlist hefur mjög breitt svið og það ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við erum til dæmis með mjög hefðbundna og aðgengilega tónlist en líka ansi framsækna og fríska músík og allt þar á milli.“

Alls verða sex tónleikar haldnir, tvennir hvern dag og fara þeir allir fram í sal Tónlistarskólans í Garðabæ í Kirkjulandi 11. Að kvöldi sumardagsins fyrsta ríður Kvartett Sigurðar Flosasonar á vaðið ásamt Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu og fagnar útkomu nýs geisladisks, Hvar er tunglið?, en þar má finna frumsamin lög eftir Sigurð við texta Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. Að þeim tónleikum loknum munu systkinin Ragnheiður og Haukur Gröndal flytja íslensk þjóðlög í nýjum útsetningum.

Á föstudaginn verður dagur gítarsins en kl. 20 hefjast sólótónleikar Hilmars Jenssonar þar sem hann leikur eigin tónsmíðar á kassagítar. Síðan munu þeir Björn Thoroddsen og Jón Rafnsson taka við og leika ásamt sveiflukóngi danska klarinettsins, Jörgen Svare.

Dagskránni lýkur á laugardag með kokteil af slagverksspuna og leikhústónlist þar sem Matthías Hemstock og Pétur Grétarsson troða upp kl. 15.00 og flytja ófyrirsjáanlega slagverks- og raftónlistarblöndu en bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir fylgja þeim síðan eftir með þjóðlegri leikhústónlist úr leikritinu um Sölku Völku kl. 16.15.

Forsala miða á dagskrána er í útibúi Glitnis í Garðabæ en almenn miðasala verður við inngang klukkustund fyrir tónleika.

**kristrun@frettabladid.is**

# Geimóperan heldur áfram

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**



**THE FLAMING LIPS:**

AT WAR WITH THE MYSTICS

**Niðurstaða:** Enn önnur frábær plata frá The Flaming Lips. Þó þessir menn þrammi sinn stíg ekki varlega virðast þeir ekki getað misstigið sig. Álíka súr og síðasta plata með nokkrum popplögum á milli.

Það er alltaf hálfgert ævintýri að hlusta í fyrsta skipti á plötur The Flaming Lips. Þetta er svo vandvirk sveit að bara það að fá diskinn sjálfan í hendurnar er spennandi. Svo, áður en maður setur sjálfan diskinn í, er það ágætis fimm mínútna veisla að lesa yfir lagaheitin. Hvaða sveit önnur kemst upp með það að kalla lögin sín My Cosmic Autumn Rebellion eða The Wizard turns on the giant silver flashlight and puts on his werewolf moccasins?

Tónlistin er alveg í takt við þessi súru lagaheiti. Mig grunar að liðsmenn The Flaming Lips eigi sér lítið líf utan tónlistarinnar. Það kæmi mér ekkert á óvart ef þeir byggju allir saman í hljóðverinu og litu ekki dagsins ljós fyrr en þeir hefðu klárað plötu.

Þessi tók tvö ár í vinnslu og er framúrskarandi í útsetningum og vinnslu. The Flaming Lips er gædd þeim einstaka hæfileika að geta gefið hverju lagi líf fyrir sig. Það er að segja, nánast hvert einasta lag er í öðrum hljóðheimi en það sem á undan var. Þannig hljómar upphafslagið, The Yeah yeah yeah song, eins og The Boy least likely to á sýru og The Sound of failure minnir mig alltaf á undarlegan hátt á Led Zeppelin lagið frábæra No quartet.

Önnur lög eru nokkuð beint áframhald af síðustu plötu Flaming Lips, Yoshimi battles the pink robots. Nokkuð daðrað við fönk og elektróník hér og þar en alltaf ofan á þann rokkgrunn sem sveitin hefur. Lagasmíðar eru nokkuð svipaðar, undarlega laglausar laglínur ofan á nýstárlegan hrærigraut hljóða frá annarri plánetu þar sem öllum reglum hefur verið hent út um gluggann.

Textarnir eru svo kafli út af fyrir sig. Sérvitringurinn Wayne Coyne býður upp á heimsspekilegar vangaveltur um eðli mannsins, eins og í fyrsta útvarpsslaganum, eða heilabrot um tilvist guðs. Allt þetta með grípandi popptóna sveimandi undir. Hér og þar er svo minnst á dægurhetjur á borð við Britney Spears, Gwen Stefandi eða Donald Trump. Textarnir eru reyndar líka góð lesning yfir róandi tebolla.

The Flaming Lips hefur aldrei fengið þá virðingu meðal almennings sem hún eiga skilið að fá. Ég leyfi mér að efast um að það séu margar jafnháþróaðar sveitir og þessi að æla út jafn mögnuðum plötum með nokkurra ára millibili. Ég er byrjaður að trúa því að liðsmenn The Flaming Lips séu ekki mennskir. Að minnsta kosti ekki lengur. Þetta hljómar stundum af fullkomið. Vélmennin hafa tekið hetjur okkar yfir og stjórna núna ferðinni. Ég kvarta ekki, því þetta er eðalplata. Ef þetta væri fyrsta plata hljómsveitar, hefði sú sveit getað íhugað heimsyfirráð.

**Birgir Örn Steinarsson**


SUMARGJAFIR FYRIR BÖRNIN

20% AFSLÁTTUR AF BARNASETTUM



BARNASETT 4-7 ÁRA
VERÐ: 5.520,-
VERÐ ÁÐUR: 6.900,-

BARNASETT 7-10 ÁRA
VERÐ: 7.120,-
VERÐ ÁÐUR: 8.900,-

BARNASETT 10-12 ÁRA
VERÐ: 10.320,-
VERÐ ÁÐUR: 12.900,-

Hole in One
GOLFVERSLUN

Opnunartími:
Mán - fös..................10 - 18
Laugardaga..............10 - 16
Sunnudaga................12 - 16

HOLE IN ONE • BÆJARLIND 1-3 • SÍMI: 577 4040 • WWW.HOLEINONE.IS

kaldaljós 2006

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Myndband á umferðareyju

Nýverið lauk upptökum á myndbandi við lagið Þorkell eftir hljómsveitina Mammút. Tökur fóru fram á umferðareyju við tjörnina í miðbænum.

„Það gekk ágætlega. Við náðum að taka upp áður en það byrjaði að rigna,“ segir Guðrún Ísaksdóttir, bassaleikari Mammút. Myndbandið er væntanlegt til sýningar í næsta mánuði.

Fyrsta plata Mammút, sem er samnefnd sveitinni, kom út á dögunum á vegum Smekkleysu. Sveitin, sem var stofnuð í lok ársins 2003, varð í fyrsta sæti í Músíktilraunum árið 2004 og hefur vakið sívaxandi athygli allar götur síðan. Hún hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda fyrir tónleika sína, meðal annars frá David Fricke hjá tímaritinu Rolling Stone, hinu breska tónlistartímariti Music Week og bresku heimasíðunni playlouder.com.

Guðrún segir einfalda ástæðu fyrir því að sveitin hafi ekki gefið út plötu strax að loknum Músíktilraunum. „Við vorum með svo lítið af efni og það var eiginlega enginn tími. Það var ágætt að bíða bara,“ segir hún og bætir því við að efnið á nýju plötunni sé mjög fjölbreytt og spanni undanfarin tvö ár. Liðsmenn sveitarinnar semja lögin í sameiningu.

Útgáfutónleikar sveitarinnar voru haldnir í byrjun þessa mánaðar og gengu frábærlega að sögn Guðrúnar. Næsta haust eru síðan fyrirhugaðir tónleikar erlendis og eru New York, London og Skandinavía líklegir ákvörðunarstaðir.

Þeim sem vilja kynnast sveitinni nánar er bent á heimasíðuna www.myspace.com/mammut.


**MAMMÚT** Hljómsveitin Mammút hefur gefið út sína fyrstu plötu.

# Leitin að Sigurskáldinu heldur áfram

Í dag birtast næstu tvö ljóðin í Sigurskáldinu 2006, ljóðakeppni Fréttablaðsins og Eddu útgáfu, og lýkur þar með annari umferð. Í gær fengu lesendur tækifæri til að gera upp á milli ljóða Fjöllistahópsins Pjöllu og Ástu Heiðrúnar Elísabetar Pétursdóttur en nú stendur valið á milli ljóða Óttars Martins Norðfjörð og Atla Bollasonar en það er á valdi lesenda hvor þeirra kemst áfram í undanúrslit keppninnar um Sigurskáldið. Þó svo að ummæli dómnefndar fylgi með, er það á ykkar valdi lesendur góðir að velja það ljóð sem ykkur þykir skara fram úr.

Í kvöld standa eftir fjögur ljóð sem keppa í undanúrslitum á fimmtudag og föstudag. Úrslitaslagurinn fer svo fram um helgina og sjálft Sigurskáldið verður krýnt í lok Viku bókarinnar.



**ÓTTAR MARTIN NORÐFJÖRÐ**
Fæddur 1980.

### Þegar afarnir fyrirfara sér

Þegar mistökin verða ekki tekin aftur. Þegar ömmurnar gráta. Þegar afarnir fyrirfara sér. Það hjálpar okkur enginn. Þetta verður ekki aftur tekið. Við fengum okkar tækifæri. Þegar heimurinn hrynur. Þegar gráturinn er einn eftir. Þú heyrir öskur, sérð fólk á hlaupum. Hvert ætlið þið að hlaupa? Þegar plánetan verður þögul. Þegar mistökin verða ekki aftur tekin. Þegar ömmurnar gráta. Þegar afarnir fyrirfara sér.

**Kristján B. Jónasson:**
Útþurrkun samfélagsins eins og við þekkjum það í sterku ljóði. Segir meira en allar fuglaflensufréttir samanlagðar.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Skemmtilega bölsýnn drungi svífur yfir vötnum og er dregin upp sterk mynd í flottum heimsósóma enda segir það sig sjálft að það er fokið í flest skjól þegar afarnir farga sér.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Þegar afarnir fyrirfara sér
Þetta er eins og lokakafli í mjög sorglegu lagi, þar sem endurtekningarnar rífa dramatíkina upp. Heimsendaljóð sem framkallar gæsahúð.



**ATLI BOLLASON**
Fæddur 1983.

### [án titils]

í dag
er himinninn vatn
og skýin spegilmyndir snævi þakinna fjalla.

mér sýndist ég sjá
engil á skíðum.

**Kristján B. Jónasson:**
Skýr mynd sem lýkur upp þeim dásemdum sem blasa við þegar maður horfir á heiminn og uppgötvar að hann er fyrst og fremst fallegur.

**Þórarinn Þórarinsson:**
Ósköp fallegt en dæmigert ljóð en einhverra hluta vegna skíðaði engillinn fram hjá mér án þess að ég áttaði mig á hvert hann væri að fara.

**Ragnheiður Eiríksdóttir:**
Náttúrufegurð með tilkomumiklum lýsingum í bland við eitthvað yfirnáttúrulegt. Saman myndar þetta eitthvað hreint, mjúkt og umfaðmandi.

## HVERNIG VELUR ÞÚ LJÓÐ?

Til að kjósa þitt ljóð sendir þú einfaldlega SMS skeyti, eitt eða fleiri.

Ef þú kýst ljóð **Óttars** sendir þú SMS skeytið **JA L3** í númerið 1900*.

Ef þú kýst ljóð **Atla** sendir þú SMS skeytið **JA L4** í númerið 1900*.

* Hvert skeyti kostar 99 krónur.



Dregið verður úr innsendum SMS skeytum á hverjum degi. Vinningshafi dagsins fær bókina Skuggi vindsins eftir Carlos Ruiz Zafón.




# Fyrsta undur ársins

**[UMFJÖLLUN]**
**TÓNLIST**


**TAPES N´TAPES: THE LOON**
**Niðurstaða:** Loksins skilar árið af sér plötu sem maður heldur varla vatni yfir. Frumraun Tapes N´Tapes er afbragð, tært og fullkomið indírokk!

Það virðist vera að mótast hefð í indírokkinu fyrir því að tvær eða þrjár súpergrúbbur skjótast fram á sjónarsviðið, fastmótaðar og óvenjulega þróaðar á ári hverju. Þannig buðum við velkomnar nokkrar frábærar sveitir inn á iPod-ana okkar, á borð við Interpol, Arcade Fire og nú síðast Clap Your Hands Say Yeah. Næsta unga undur er þessi sveit hér, Tapes N´Tapes. Þessi frumraun þeirra, The Loon, er hreint afbragð.

Mig grunar að við eigum örri tæknibyltingu í hljóðupptökum síðustu árin að þakka fyrir þetta. Nú geta rokksveitir gert plötur í hæsta gæðaflokki sjálfar, inni í stofu hjá sér ef þær vilja, án afskipta frá smeykum útgáfustjórnum plötufyrirtækja sem þora ekki að taka áhættu af ótta við að standa ekki við fjárhagsáætlun ársins. Þetta þýðir að það er ekki búið að vatnsblanda afurðina áður en hún ratar til eyrna okkar. Því ef plata hljómsveitarinnar er góð, eiga plötufyrirtækin eftir að keppast um hana, og samþykkja þannig hæstu kröfur hljómsveitarinnar. Það er langt síðan hljómsveitir höfðu svona gott tækifæri til þess að gera nákvæmlega það sem þeim sýnist og ekkert annað.

Það er ekkert nýtt við hljóm Tapes N´Tapes. Örlítið af Pixies hér, smá af Modest Mouse eða Talking Heads þar og hugsanlega örlítill keimur af The Shins. Þetta er nýbylgjurokktónlist, þar sem kassagítarinn sér um að hamra hljómum á hlustandann í stað rifinna rafmagnsgítara. Lögin eru það fáránlega grípandi og elskuleg að það hljóta að vera örlög þessarar sveitar að verða risastór. Þessi frumraun þeirra verður að minnsta kosti ein af plötum ársins, sama hversu fínt ár er framundan. Ég trúi ekki öðru.

Frábær flutningur, frábær lög, frábær söngur og textar. Frábær partíplata, indírokk gerist ekki mikið betra en þetta. Þefið uppi eintak, strax! Ef plötubúðirnar eru ekki að standa sig, mæli ég með iTunes. Skemmtið ykkur vel.

**Birgir Örn Steinarsson**

## Veldu **Ford**Escape 4x4

*Nýtt tákn um gæði*

**Kauptu nýja bílinn á gamla genginu**

*Nú er rétta tækifærið til að fá nýjan bíl á góðu verði.*
*Hver veit hvað það endist lengi? Sumarbíllinn er í Brimborg.*

**Komdu núna**



# Sjálfskiptur. 153 hestöfl.
# Kauptu. 2.690 þús.

**Vertu á stæðilegri bíl. Escape.** Nýr og fallegri Ford Escape. Skoðaðu vinsæla sportjeppann frá Ford. Afl, rými og ríkulegur búnaður ásamt frábærum aksturseiginleikum og hagstæðu verði gera það að verkum að ánægðir eigendur Toyota RAV4 og Honda CR-V skipta um bíl. Veldu Ford Escape. Kjörin eru góð. Þú leigir Ford Escape eða kaupir og þú færð vestrænan sportjeppa í fullri stærð. Berðu saman bíla: Ford Escape og Toyota RAV4. Komdu í Brimborg, vertu á nýjum Escape.



*Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is*

## Veldu stæðilegri sportjeppa.
## Skiptu um bíl. Komdu í dag. Vertu á Ford Escape.



Ford Escape XLS
2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.690.000 kr.
Bílasamningur 36.650 kr.
Rekstrarleiga 49.250 kr.



Ford Escape XLT
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.120.000 kr.
Bílasamningur 42.480 kr.
Rekstrarleiga 56.620 kr.



Ford Escape XLT Sport
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.250.000 kr.
Bílasamningur 44.250 kr.
Rekstrarleiga 58.820 kr.



Ford Escape Limited
3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.460.000 kr.
Bílasamningur 47.110 kr.
Rekstrarleiga 62.390 kr.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Escape er söllúga.







## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Keira Knightley** segist sjá svolítið eftir því að hafa fundið frægðina svo snemma. Hún lék í sinni fyrstu mynd, Bend it like Beckham, þegar hún var sautján ára og varð fljótt fræg. „Pabbi minn segir stundum við mig að hann vildi að ég hefði orðið svona fræg fimm árum síðar. Þá hefði ég getað verið að gera hvað sem mig langaði til núna og enginn hefði vitað af því. Það er eins og ég þurfi að vera fullkomin núna. Það að láta 20 ára stúlku vera fyrirmynd annarra stúlkna er algjörlega fáránlegt að mínu mati,“ sagði Keira.



**Kærustuparið Tom Cruise** og **Katie Holmes** eru nú án nokkurs vafa orðin skrítnasta par heimsins en Cruise hefur tilkynnt að hann hyggist borða fylgjuna og naflastrenginn eftir fæðinguna. „Ég ætla að borða fylgjuna og strenginn á staðnum. Ég held að það sé gott og næringarríkt,“ sagði leikarinn, sem einnig viðurkenndi að samband þeirra hefði fengið hann til að átta sig á því að einnar nætur gaman væri hræðilegt. „Til þess að eiga gott kynlíf þarf maður að eiga í góðu sambandi við manneskjuna, annars er það skítt.“



Leikarinn **Ewan McGregor** hefur ættleitt fjögurra ára stúlku frá Mongolíu ásamt konu sinni Eve Mavrakis en fyrir eiga þau tvær dætur, Esther og Clöru. „Ég get staðfest það að Ewan og kona hans hafa ættleitt stelpu, en ég get ekkert meira sagt,“ sagði talsmaður McGregors en leikarinn fór til Mongolíu árið 2004 þegar hann var á mótorhjólaferðalagi með vini sínum, Charley Boorman.



Tískuáhugafólk í Hong Kong blótar nú leikkonunni **Renee Zellweger** í sand og ösku þar sem blaðrið í henni varð til þess að upp komst um eitt besta leyndarmálið í borginni. Það er búðin Jenny's Bags sem hefur í áraraðir selt Chanel-töskur á ólöglegan hátt og lágu verði. Zellweger heimsótti búðina og blaðraði svo um hana í blöðin og þá komst upp um hina ólöglegu starfsemi. „Núna þarf Jenny að færa sig um set á hverjum degi. Þetta er hræðilegt þar sem alla langar í nýjustu Chanel-töskuna og vilja ekki þurfa að eyða aleigunni í hana,“ sagði íbúi í Hong Kong.






ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 3:50-6-8-10:10 | |
| FAILURE TO LUNCH VIP | KL. 5-8-10:10 | |
| FIREWALL | KL. 3-5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| ÍSÖLD 2 ísl. tal | KL. 3-5-7 | |
| V FOR VENDETTA | KL. 8:10-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 9 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 3-5:30-8 | |
| LASSIE | KL. 5 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 8-10 | |
| WHEN A STRANGER CALLS | KL. 8 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 10 | B.I. 16 |

AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 6-8-10 | |
| FIREWALL | KL. 8-10 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 5:50 | |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170




KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FAILURE TO LUNCH | KL. 6-8:15-10:20 | B.I. 16 |
| FIREWALL | KL. 6-8:15-10:30 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 8:15-10:30 | B.I. 16 |
| EIGHT BELOW | KL. 6 | |

KRINGLAN S: 588-0800




| | | |
|---|---|---|
| FIREWALL | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BASIC INSTINCT 2 | KL. 10 | B.I. 16 |
| THE MATADOR | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 | |
| LASSIE | KL. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919


# Opus Dei segja svei

Kaþólsku samtökin Opus Dei krefjast þess að tekið verði fram í upphafi kvikmyndarinnar DaVinci-lyklinum að um skáldskap sé að ræða. Myndin byggir á samnefndri skáldsögu eftir Dan Brown og hefur farið sigurför um heiminn.

Opus Dei-samtökin voru stofnuð árið 1928 til að stuðla að vegsemd andans í daglegu lífi, en í DaVinci-lyklinum er þeim lýst sem skuggalegri leynireglu sem svífst einskis til að halda sannleikanum um Jesú Krist leyndum.

Þetta er hrein firra að sögn talsmanna Opus Dei og hefur valdið samtökunum talsverði armæðu og allt frá útgáfu bókarinnar hafi þau ítekað þurft að gefa út tilkynningar til að hrekja efni bókarinnar. Biðja þeir því Sony Pictures, sem framleiðir DaVinci-lykilinn, að árétta í upphafi að myndin sé skáldskapur og öll líkindi við raunveruleikann sé tilviljun ein.



**SÍLAS MUNKUR** Í DaVinci-lyklinum gerir Opus Dei meinlætamunkinn Sílas út af örkinni til að vinna myrkraverk.

Myndin um DaVinci-lykilinn verður frumsýnd hérlendis sem og ytra 19. maí. ■

# Déjà Vu í tónleikaferð

Færeyska hljómsveitin Déjà Vu, sem spilar á færeyskum degi á Nasa á laugardaginn, byrjar tónleikaferð sína um Ísland í kvöld.

Fyrstu tónleikarnir af sex verða á Græna hattinum á Akureyri en þeir síðustu á Ránni í Keflavík 25. apríl.

Fyrsta plata Déjà Vu, A Place To Stand On, frá síðasta ári var valin plata ársins hjá dagblaðinu Dimalætting. Er tónlistin drifin áfram af grípandi kassagítarlínum og ljúfum hljómborðstónum.



**TÓNLEIKAFERÐ DÉJÀ VU**

| | | |
|---|---|---|
| 19.4. | Græni hatturinn | Akureyri |
| 20.4. | Græni hatturinn | Akureyri |
| 21.4. | Grandrokk | Reykjavík |
| 22.4. | NASA | Reykjavík |
| 23.4. | Grandrokk | Reykjavík |
| 25.4. | Ráin | Keflavík |

# Ennþá algjör töffari

**[UMFJÖLLUN]**

TÓNLIST

Ég er ekki svo viss um að margir sem sátu í Háskólabíói á föstudagskvöldið og fylgdust með því sem Ray Davies hafði fram að færa hafi hlustað mikið á nýjustu plötu hans, Other People´s Lives. Miðað við undirtektirnar þegar Davies spilaði gömlu slagarana þá voru það þeir sem fólkið kom til að heyra. Nýju lögin voru að mínu mati mörgum klössum á eftir þeim gömlu í gæðum en þó er vel skiljanlegt að hann hafi lagt áherslu á þau þar sem hann þarf jú að selja plötuna. Þau voru þó ekki alslæm enda Ray einn besti texta- og lagahöfundur allra tíma en lögin skorti hráleikann og húmorinn sem einkennir gömlu Kinks-lögin enda þau nýju leikin af þaulvönum og lærðum hljóðfæraleikurum sem voru afar færir en ljáðu lögunum litla sál. Þetta sást best þegar Davies og félagar léku Kinks lagið Set Me Free og gítarleikarinn flinki gjörsamlega drap það í fæðingu með því að spila laglínuna á gítarinn sinn svo úr því varð hroðalegur lyftutónlistar-fílingur.

Hin Kinks-lögin sem Davies tók voru þó afbragðs vel framkvæmd og komu manni heldur betur í fíling. Meðal þeirra voru til dæmis All Day And All Of The Night, Lola, I'm On An Island, Tired Of Waiting For You, You Really Got Me, Village Green, Dead End Street og fleiri. Ég lokaði stundum augunum og ímyndaði mér að ég væri komin aftur í tímann, Davies



væri með bróður sinn með sér, þeir væru með sítt hár og í útvíðum gallabuxum og hrikalega sætir á skringilegan breskan hátt. Þegar hann svo spilaði Sunny Afternoon hringdi ég í pabba og leyfði honum að hlusta á uppáhalds Kinks-lagið sitt í beinni. Kinks-aðdáendur fengu því talsvert fyrir sinn snúð þó svo að persónulega hafi ég saknað svolítið laga eins og Autumn Almanac, Death Of A Clown sem og ljúfari laga eins og Days og No Return. Einnig fannst mér vanta betri bakraddarsöngvara þar sem ein sænsk „kántrí“ söngkona kemur varla í staðinn fyrir Dave Davies og hina Kinksarana.

Þó svo að ég hafi nánast þurft að þrauka í gegnum nýju lögin á meðan ég beið eftir þeim gömlu voru tónleikarnir á heildina litið þrælskemmtilegir. Ray var í þvílíku stuði að þegar ég fílaði ekki lögin sem hann spilaði var nóg að horfa og dást að dásamlega skemmtilegum danshæfileikum og gífurlegri útgeislun hans. Sjálfur virtist hann skemmta sér svo stórkostlega vel að ekki var hægt annað en að hrífast með. Húrra fyrir karlinum, hann er ennþá algjör töffari. **Borghildur Gunnarsdóttir**


VOR Í KRAMHÚSINU

**NÝ NÁMSKEIÐ EFTIR PÁSKA:**

Afró
Salsa
Kúban
Karabískir
Tangó
Balkan
Magadans
Jazz Funk
Housedans
Astangajóga
Kripalujóga
Dansjóga
Músíkleikfimi

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860

KRAMHÚSIÐ







## Ásthildur og Dóra spiluðu

Landsliðskonurnar Ásthildur Helgadóttir og Dóra Stefánsdóttir voru báðar í liði Malmö sem tapaði fyrir meistaraliði Umeå í fyrstu umferð sænsku úrvalsdeildarinnar sem fram fór í fyrradag. Ásthildur mun leika fyrstu leiki Malmö áður en hún kemur heim til að spila með Breiðablik í sumar en Dóra gekk sem kunnugt er í raðir Malmö í haust.

**sport**
sport@frettabladid.is

HEIMIR ÖRN ÁRNASON OG GUÐLAUGUR ARNARSSON: FRAMLENGJA SAMNINA SÍNA HJÁ FYLKI

# *Rétt blanda af sterkum leikmönnum*

Tveir af lykilmönnum Fylkis verða að öllu óbreyttu áfram hjá liðinu á næstu leiktíð. Varnarjaxlinn Guðlaugur Arnarsson og stórskyttan Heimir Örn Árnason hafa framlengt samninga sína við Árbæjarliðið um eitt ár en Heimir gæti þó enn fengið boð um að spila erlendis. Fari svo munu Fylkismenn ekki standa í vegi fyrir honum.

„Þetta er óráðið ennþá en það er ólíklegt að af þessu verði. Þetta ætti þó endanlega að koma fljótlega í ljós fljótlega en við höfum verið að tala saman," sagði Heimir Örn við Fréttablaðið í gær en hann hefur verið í viðræðum við danska félagið Holstebro. Samningstilboð liðsins var þó ekki upp á marga fiska en ekki er loku fyrir það skotið að Heimir fari á endanum til Danmerkur, hvort sem það verður núna eða á næsta ári.

Fylkir hefur komið liða mest á óvart í DHL-deild karla en það var endurreist frá grunni fyrir tímabilið og hafði ekki lifað á forni frægð hvað handboltann varðar. Sigurður Valur Sveinsson hefur leitt liðið áfram en gríðarlega sterk vörn hefur verið lykillinn að góðum árangri liðsins en Sigurður var sjálfur ekki þekktastur fyrir varnarleikinn á árum áður.

Fylkir hefur fengið á sig 600 mörk í vetur, 29 færri en topplið Fram. Guðlaugur hefur farið þar fremstur í flokki en hann kom einmitt til liðsins frá Safamýraliðinu.

„Við erum með rétta blöndu af mönnum sem kunna að spila vörn og erum með marga sterka leikmenn. Við erum með bestu vörnina í deildinni og það er án efa aðalmálið hvað okkur varðar, ef við bætum sóknina þá er þetta allt upp á við. Við stefnum að sjálfsögðu enn hærra," sagði Heimir.



### > Þjálfari meistaranna á lausu

Einar Árni Jóhannsson, sem er nýbúinn að gera Njarðvík að Íslandsmeisturum, er með lausan samning hjá félaginu og því frjálst að semja við hvaða lið sem er kjósi hann svo. Einar Árni sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði áhuga á því að halda starfi sínu hjá Njarðvík áfram en boltinn væri nú hjá stjórn Njarðvíkur. Ekki er búist við öðru en Njarðvík bjóði Einari Árna nýjan samning.








# Úr Hólminum í Breiðholtið

**Körfuboltaþjálfarinn Bárður Eyþórsson hefur látið af þjálfun Snæfells í Stykkishólmi eftir fimm frábær ár. Hann mun taka við liði ÍR samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Bárður segist kveðja Hólminn sáttur.**

**KÖRFUBOLTI** Bárður Eyþórsson hefur með árangri sínum með Snæfelli síðustu ár skipað sér á bekk með allra færustu þjálfurum Íslands. Hann hefur stýrt Snæfelli í fimm ár og á þeim tímamótum hefur hann tekið þá ákvörðun að breyta um umhverfi. Hann tilkynnti forráðamönnum Snæfells í gær að hann myndi ekki endurnýja samninginn við félagið en Snæfellingar bundu miklar vonir við að halda Bárði áfram.

„Ég get staðfest það að ég verð ekki í Hólminum næsta vetur," sagði Bárður við Fréttablaðið í gær aðspurður um stöðu mála. „Þetta er erfið ákvörðun enda hef ég átt frábæran tíma hjá Snæfelli og virkilega notið þess að vinna fyrir félagið. Það eru aftur á móti komin fimm ár síðan ég tók við liðinu og mér finnst kominn tími á nýja áskorun. Ég skil við Snæfell í góðu og er stoltur af því starfi sem ég vann hjá félaginu."

Aðspurður hvað tæki við var Bárður þögull sem gröfin en bæði ÍR og KR höfðu falast eftir kröftum hans. Heimildir Fréttablaðsins herma að Bárður hafi samþykkt að taka við liði ÍR og verður að öllum líkindum tilkynnt um ráðninguna fyrir helgi.

Kemur þessi ákvörðun Bárðar nokkuð á óvart enda flestir sem áttu von á því að hann myndi reyna fyrir sér í Vesturbænum. Heimildir Fréttablaðsins herma að KR-ingar hafi ekki sótt það fast að fá Bárð til starfa og því hafi val hans í raun ekki verið svo erfitt. KR-ingar ku vera að horfa út fyrir landsteinana eftir nýjum þjálfara og því hafi þeir ekki reynt svo stíft að fá Bárð til starfa.



**Á LEIÐ Í BREIÐHOLTIÐ** Bárður Eyþórsson er tilbúinn í nýja áskorun og hefur því sagt skilið við Snæfell og er á leið til ÍR að því er heimildir Fréttablaðsins herma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ráðning Bárðar til ÍR mun eflaust virka sem vítamínsprauta á félagið en fyrir er efnilegur mannskapur sem Bárður fær að vinna með. Er ekki ólíklegt að einhverjir leikmenn muni fylgja þjálfaranum snjalla í Breiðholtið og spurning hvort Sigurður Þorvaldsson snúi á fornar slóðir og leiki aftur með ÍR?

Algjör óvissa ríkir með þjálfaramálin í Hólminum og spurning hvað gerist á næstu vikum og hvort félaginu takist að halda í alla sína leikmenn þar sem Bárður sé farinn.

henry@frettabladid.is






Schumacher tjáir sig um þrálátan orðróm þess efnis að hann sé að hætta:

# Framtíðin enn í mikilli óvissu

**FORMÚLA-1** Framtíð Michael Schumacher, Formúlu-1 ökuþórs hjá Ferrari, er enn í lausu lofti. Sögusagnir ganga ýmist um það að Schumacher gangi til liðs við Reanult eftir tímabilið, framlengi samning sinn við Ferrari eða hætti hreinlega í Formúlunni.

„Við erum ekki að setja neina pressu á hann. Ég er viss um að Michael mun ákveða sig fyrir sumarið, mjög líklega í mai," sagði Ross Brown, tækistjóri hjá Ferrari um fyrrverandi heimsmeistarann sem ku vera orðinn langþreyttur á misjöfnum Ferrarifáknum sem hefur ekki gengið stöðuglega síðan hann varð heimsmeistarið árið 2004.



**AFSLAPPAÐUR** Fyrrverandi heimsmeistarinn er ekkert að stressa sig á hlutunum.

Flavio Briatore, yfirmaður hjá Reanault, er talinn hafa mikinn hug á að fá Schumacher til liðsins í stað núverandi heimsmeistara, Fernando Alonso, sem gengur til liðs við McClaren á næsta ári.

- hþh






**HUGGULEGT** Það var ekki huggulegt hnéð á Cech eftir áreksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Petr Cech:

# Óttaðist að vera fótbrotinn

**FÓTBOLTI** Tékkneski markmaðurinn Petr Cech, óttaðist að vera fótbrotinn eftir að hafa lent í samstuði við samherja sinn William Gallas um helgina. Tíu spor þurfti að sauma í Cech sem yfirgaf völlinn en meiðsli hans eru ekki jafn alvarleg og talin voru í fyrstu.

„Þetta var gríðarlega sárt, ég hélt að ég væri fótbrotinn en sem betur fer gat ég staðið upp,“ sagði þessi frábæri markmaður sem verður til í slaginn fyrir leikinn mikilvæga gegn Liverpool í undanúrslitum FA-bikarkeppninnar á laugardaginn. Sæti hans í byrjunarliðinu er þó alls ekki tryggt þar sem Carlo Cudicini hefur spilað flesta leiki í keppninni til þessa.

„Það er undir stjóranum komið, Carlo hefur staðið sig frábærlega og með hann í markinu höfum við komist í undanúrslitin. Núna þurfum við bara að komast aðeins lengra, við höfum styrkinn til að fara alla leið,“ sagði Cech. - hþh




**ÁTTU STERA?** Barry Bonds þarf að horfa upp á skilti eins og þetta í hvert sinn sem hann lítur upp í stúku. Hann er einfaldlega hataður af öllum nema áhangendum San Fransiskó og þarf að þola hátt baul í hvert einasta skipti sem hann stígur inn á völlinn í útileikjum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES.

Barry Bonds er ekki í miklu uppáhaldi meðal áhorfenda:

# Tannkremi hent í Barry Bonds

**HAFNABOLTI** Hafnaboltaleikmaðurinn Barry Bonds hjá San Fransiskó Giants hefur ekki átt sjö dagana sæla í deildarkeppninni í Bandaríkjunum eftir að bók sem greindi frá áralangri steranotkun hans kom út fyrir skemmstu þar í landi. Bonds hefur mátt þola endalaust baul frá aðdáendum andstæðinga Arizona hverju sinni og nú er svo komið að sumir áhorfenda varpa í hann alls kyns lauslegum hlutum. Bonds hefur nokkrum sinnum fengið senda sprautu í átt að sér en það var ekki fyrr en á mánudaginn, þegar veg-leg tannkremstúpa lenti nokkrum sentímetrum frá Bonds, að ákveðið var að grípa í taumana.

Sá sem stóð að tannkremskastinu, 23 ára stuðningsmaður Arizona, hefur verið kærður fyrir uppátækið og má jafnvel eiga von á fangelsisvist verði hann fundinn sekur. „Þetta er klárlega eitthvað sem við viljum ekki sjá í hafnaboltanum,“ sagði Randy Winn, samherji Bonds og sá sem stóð næst honum þegar tannkremið kom fljúgandi. „Þetta hefur gengið alltof langt. Bonds er að ganga í gegnum erfiða tíma um þessar mundir en fólk má ekki gleyma að hann er mannlegur eins og við öll. Öllu má nú ofgera,“ segir Winn.

Bonds er líklega einn hataðasti maður Bandaríkjanna eftir að upp komst um viðskipti hans við Balco-fyrirtækið alræmda, sem framleiddi stera sem sáust ekki í lyfjaprófunum. Með steranotkuninni breyttist Bonds úr meðalgóðum leikmanni í einn þann besta sem uppi hefur verið. Telja flestir hafnaboltaáhugamenn í Bandaríkjunum að hann eigi ekki skilið að stunda íþróttina áfram eftir steranotkunina. - vig



**FYRIRGEFÐU** Arca var miður sín eftir að hafa meitt Shearer. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Alan Shearer:

# Hættir hjá Newcastle í vor

**FÓTBOLTI** Alan Shearer, fyrirliði Newcastle, mun ekki gerast þjálfari hjá liði sínu á næsta tímabili eins og margir höfðu spáð. Shearer kveðst vilja eiga nokkur ár fyrir sjálfan sig eftir leikmannaferilinn. „Einhvern tímann mun ég snúa mér að þjálfun. Bara ekki strax.“

Shearer segist annars ekki kenna Argentínumanninum Julio Arca um meiðslin sem hann hlaut í viðureign Newcastle og Sunderland í Englandi um helgina. Líklegt er talið að Shearer sé með trosnuð liðbönd sem myndi þýða að hann hefði leikið sinn síðasta leik. „Hann datt bara ofan á mig. Þetta var óhapp og ég ber engan kala til hans. Svona gerist á hverjum degi í boltanum,“ sagði Sheraer. - vig



**LANGBESTAR** Leikmenn í kvennaliði Arsenal sjást hér fagna meistaratitlinum í Englandi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Kvennaboltinn í Englandi:

# Arsenal tapaði ekki leik

**FÓTBOLTI** Arsenal varð öruggur meistari í úrvalsdeild kvenna í Englandi og tapaði ekki leik allt tímabilið. Liðið vann Doncaster örugglega, 5-3, í síðasta leik tímabilsins á sunnudaginn og náði þannig einum glæsilegasta árangri í sögu enskrar kvennaknattspyrnu. Þetta er fimmti meistaratitill Arsenal á síðustu sex árum en auk þess á liðið eftir að spila gegn Leeds í úrslitum bikarsins þann 1. maí nk.

Arsenal hefur haft mikla yfirburði í kvennaboltanum í Englandi mörg síðustu ár og fari svo að liðið vinni bikarinn þá verður það 24 stóri titill liðsins á síðustu 15 árum. „Það er alltaf jafn gaman að vinna titla. Vonandi verður árangurinn sá sami næstu 15 ár,“ sagði Vic Akers, stjóri liðsins, eftir að titilinn var í höfn. - vig

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

16 17 18 **19** 20 21 22

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.00 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Leikur Villarreal og Arsenal í beinni útsendingu.
- 20.35 **Meistaradeildin með Guðna Bergs** á Sýn.
- 20.55 **Sænsku nördarnir** á Sýn.
- 22.20 **Íþróttakvöld** á Rúv.
- 22.35 **Formúlukvöld** á Sýn.






**FRENCESCO TOTTI** Verður til í slaginn fyrir HM. Hér er hann í leiknum gegn Empoli þar sem hann meiddist á ökkla. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Francesco Totti:

## Ótrúlega skjót endurkoma

**FÓTBOLTI** Francesco Totti, fyrirliði Roma, er byrjaður að æfa aftur eftir að hafa brotið bein í ökklanum á sér í leik gegn Empoli. Totti var borinn af velli þann 19. febrúar og var talið að hann yrði frá í þrjá til fjóra mánuði og jafnvel að hann yrði tæpur fyrir HM í sumar.

Totti hefur bundið enda á allar þær martraðir Ítala en han er byrjaður að æfa aftur með Roma og sýndi gamalkunna takta á sinni fyrstu æfingu þegar hann lék við hvern sinn fingur.

Totti verður að öllum líkindum til í slaginn eftir vikutíma og hefur því nægan tíma til að koma sér í sitt gamla góða form fyrir Heimsmeistaramótið í Þýskalandi. **- hþh**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Meistaradeildin:*

AC MILAN-BARCELONA0-1
0-1 Ludovic Giuly (57.).

*Þýski handboltinn:*

GROSSWALDSTADT-GUMMERSBACH32-20
Einar Hólmgeirsson var markahæstur í liði Grosswaldstadt með sjö mörk og Alexander Petterson skoraði fimm. Guðjón Valur Sigurðsson skoraði fimm mörk, og var markahæstur hjá Gummersbach og Róbert Gunnarsson skoraði þrjú.

*Enska úrvalsdeildin:*

WIGAN-ASTON VILLA3-2
1-0 Jimmy Bullard (25.), 1-1 Juan Pablo Angel (53.), 2-1 - Henri Camara (56.), Henri Camara (60.), 3-2 Liam Ridgewell (67.).

# Katalónsk afgreiðsla hjá Barcelona á San Siro

**Barcelona er í kjörstöðu eftir sigur gegn AC Milan í undanúrslitum meistaradeildar Evrópu á Ítalíu í gærkvöldi. Franski miðjumaðurinn Ludovic Giuly skoraði eina mark leiksins með glæsilegum hætti eftir sendingu frá Ronaldinho.**

**FÓTBOLTI** Alberto Gilardino hefur verið sterklega gagnrýndur fyrir slælega frammistöðu undanfarið og ekki mun gagnrýnin minnka eftir dauðafærið sem hann klúðraði í byrjun leiks. Gilardino fékk boltann óvænt í markteignum, dró hann til sín en þrumaði boltanum í stöngina og út og Börsungar sluppu þar með skrekkinn.

AC Milan hringdi viðvörunarbjöllum Barcelona hátt og vel með þessu og í næstu sókn tóku þær aukaslag þegar Clarence Seedorf átti frábæra sendingu á úkraínsku markamaskínuna Andryi Shevchenko sem skallaði boltann beint á Victor Valdez úr úrvalsfæri. Eftir rólega byrjun jókst sóknarþungu heimamanna en þetta voru hættulegustu færi Milan í fyrri hálfleiknum.

Á hinum enda vallarins þurfti Dida ekki að taka almennilega á stóra sínum. Ronaldinho var allt í öllu í sóknarleik Barcelona en komst lítið áfram gegn ógnarsterki vörn Milan, sem þó var snauð af Paolo Maldini sem var lítillega meiddur og því ekki í byrjunarliðinu. Ronaldinho reyndi hvað hann gat en samherjar hans virtust ekki vera vel með á nótunum.



**MAGNAÐ AFREK** Sigur Barcelona á AC Milan, á San Siro, verður að teljast magnað afrek. Spænska liðið er í kjörtðu fyrir síðari leikinn sem fer fram á Nou Camp. NORDICPHOTOS/AFP

Knattspyrnan hefur oft sýnt að þar er skammt stórra högga á milli. AC Milan átti frábæra sókn snemma í síðari hálfleik þegar boltinn barst inn fyrir vörn Barcelona á Kaká sem var einn gegn Valdez markmanni, en hann kaus að senda boltann á Gilardino sem áttaði sig ekki nógu fljótt á hlutunum og færið rann út í sandinn.

Skömmu síðar kom síðan stórkostlegt mark hjá Barcelona. Það þarf engum að koma á óvart hver var arkitektinn að markinu, sjálfur Ronaldinho. Hann sýndi gríðarlegan styrk sinn og jafnvægi þegar hann hélt tveimur mönnum frá sér áður en hann sendi hárnákvæma sendingu inn í vítateiginn þar sem Ludovic Giuly stakk sér á milli tveggja varnarmanna og þrumaði boltanum upp í samskeytin. Glæsilegt mark hjá Katalónunum.

Færin voru Barcelona þrátt fyrir að heimamenn hafi haldið boltanum meira. Ronaldinho átti skot í innanverða stöngina og út eftir snarpa skyndisókn og Dida þurfti svo að hafa sig allan við til að halda skoti frá Andreas Iniesta. Massimo Ambrosini brenndi af úr dauðafæri og allt kom fyrir ekki hjá Milan.

Þrátt fyrir að reyna sitt besta náðu Milan ekki að jafna metin. Vörn Barcelona var upp á sitt besta á meðan lykilmenn á borð við Shevchenko og Kaká náðu sér ekki almennilega á strik og eru Barcelona því í mjög góðum málum. **hjalti@frettabladid.is**



**STÓRKOSTLEGUR** Ronaldinho sýndi snilli sína enn og aftur í leiknum gegn Milan. Hann lagði upp sigurmarkið á einkar glæsilegum hátt. NORDICPHOTOS/AFP



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Var markahæstur í leiknum í gær.

Þýski handboltinn í gær:

## Slæmt tap hjá Gummersbach

**HANDBOLTI** Grosswallstad burstaði Gummersbach í sannkölluðum Íslendingaslag sem fram fór í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gærkvöldi. Groswallstad sigraði með 12 marka mun, 32-20, og lyfti sér upp í 7. sæti deildarinnar. Með tapinu eru möguleikar Gummersbach á meistaratitlinum svo gott sem úr sögunni en liðið er með jafnmörg stig og Kiel og Flensburg en hefur leikið þremur leikjum meira.

Einar Hólmgeirsson skoraði mest allra á vellinum í gær eða sjö mörk en Alexander Petterson skoraði fimm. Hjá Gummersbach skoraði Guðjón Valur Sigurðsson fimm mörk og Róbert Gunnarsson þrjú. Munurinn á liðunum í gær lá í markvörslunni en Chrischa Hannawald var með 21 skot varin hjá Grosswallstad á meðan markmenn Gummersbach voru samtals með fjögur skot varin eða 11% markvörslu. **- vig**

## ÚR SPORTINU

Fabio Aurelio mun líklega ganga til liðs við Liverpool í sumar. Þessi knáði vinstri bakvörður hefur ákveðið að yfirgefa Valencia, þar sem hann spilaði undir stjórn Rafael Benítez. „Ég mun fara frá Valencia í sumar. Ég hef ekki fengið að spila mína stöðu, sem er vinstri bakvörður og ég er orðinn langþreyttur á því. Ég hef ekki ákveðið hvaða lið ég mun ganga til liðs við,“ sagði Brasilíumaðurinn.

Fimm þjóðir hafa sótt um að halda heimsmeistaramótið í handknattleik árið 2009. Á næsta ári fer mótið fram í mekka handboltans, Þýskalandi, en engu verður til sparað til að gera mótið það glæsilegasta í sögu íþróttarinnar. Alþjóða handknattleikssambandsins mun ákveða á fundi í ágúst hver hreppir hnossið. Króatía, Tékkland, Grikkland, Rúmenía og Danmörk sendu inn umsóknir um keppnishaldið.




Fyrri leikur Arsenal og Villarreal í undanúrslitum meistaradeildarinnar er í kvöld:

# Spútniklið meistaradeildarinnar mætast

**FÓTBOLTI** Arsenal og Villarreal leiða saman hesta sína í meistaradeild Evrópu á Highbury í kvöld en þetta er í fyrsta skipti sem liðin mætast. Villarreal er að keppa í fyrsta skipti í meistaradeildinni og Arsenal hefur aldrei komist jafn langt í keppninni og nú.

Vörn Arsenal og Thierry Henry eru lykillinn að frábærum árangri Arsenal. Liðið hefur aðeins fengið á sig tvö mörk í keppninni, og haldið marki sínu hreinu í átta leikjum í röð. Emmanuel Eboue, Philippe Senderos, Kolo Toure og Mathieu Flamini hafa myndað vörn Arsenal og er Arsene Wenger stórhrifinn af fjórmenningunum.

„Efniviðurinn er til staðar, þeir hafa allt til að gera það sama og forverar þeirra. Það er gott fordæmi sem þeir þurfa að fylgja eftir,“ sagði Wenger og minnti á Lee Dixon, Tony Adams, Steve Bould og Nigel Winterburn sem mynduðu eitt allra besta varnarpar í sögu Arsenal. Þeir fengu aðeins á sig átján mörk á tímabilinu 1990/1991 þegar Skytturnar urðu enskir meistarar.

Eboue og Flamini eru aðeins 22 ára gamlir og hafa fyllt vel í skörð Laurens og Ashleys Cole sem venjulega fylla bakvarðarstöðurnar. Að sama skapi hefur Senderos spilað í stað Sol Campbell en allir hafa þeir verið mikið meiddir. Þá hefur Toure stjórnað vörninni eins og herforingi en hann segir verkefni Arsenal, að komast í úrslitaleik meistaradeildarinnar, alls ekki auðvelt.

„Þetta er keppni sem Arsenal hefur ekki náð að setja mark sitt á. Við stefnum að sjálfsögðu á úrslitaleikinn og að reyna að vinna hann, en það verður alls ekki auðvelt þar sem við mætum mjög góðu liði í undanúrslitunum. Villarreal á skilið að vera komið í undanúrslitin – en það eigum við líka,“ sagði Toure. **- hþh**



**STANSLAUS GLEÐI** Leikmenn Arsenal hafa fagnað mörgum góðum sigrinum í meistaradeildinni í vetur og eru nú aðeins einu skrefi frá sjálfum úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


FM957
www.minnsirkus.is
Sígild samtímatónlist

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Just keep it still back there lady or we're going to have to, you know, shoot you."**

**Svar:**
Carl úr Fargo frá 1996

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON SÁLGREINIR BRESKA LÖGGU Á ÞRIÐJUDÖGUM

# *Utanáliggjandi geðvonska*

Breska löggutvíeykið Dalziel og Pascoe er alveg að bjarga mér frá því að drepast úr leiðindum yfir sjónvarpinu á þriðjudagskvöldum. Raunveruleikaþættir eru eitur í mínum beinum þannig að Amazing Race á Stöð 2 gerir ekkert fyrir mig og einhverra hluta vegna hef ég ekki orðið háður Prison Break á sömu stöð.



**ANDY DALZIEL** Undir hrjúfu yfirborðinu leynist besta skinn enda er geðvonskan utanáliggjandi.

Stöð 2 er þó hótinu skárri en Skjár einn en ég get varla ímyndað mér hverskonar mannvonska býr að baki hjá dagskrárstjórum sem raða þremur „kellingaþáttum" á eitt og sama kvöldið. How Clean is Your House, Heil og sæl og Innlit/útlit í einum rykk er svo lamandi skammtur að hann gæti drepið meðalhraust naut.

Ríkiskassinn bjargar því sem bjargað verður með Dalziel and Pascoe. Þættirnir eru ósköp keimlíkir þeim aragrúa glæpaþátta sem Bretar framleiða af mikilli list. Frumleikinn er ekkert að bera þetta ofurliði en þetta eru engu að síður þættir sem óhætt er að stóla á. Aðalgaurinn Dalziel minnir um margt á fýlupúkana Frost og Taggart. Þetta er lífreynd lögga sem hefur sopið nokkra fjöruna og þjösnast jafnt á yfirmönnum sínum sem undirmönnum. Hann er semsagt stöðluð steríótýpa sem er engu að síður býsna góð fyrir sinn hatt. Það sem gerir Dalziel svo jafn heillandi og raun ber vitni, fyrir utan bráðskemmtilegan leik Warrens Clarke og kostulegt útlit hans, er sú staðreynd að hann er besta skinn. Geðvonskan er utanáliggjandi og ristir ekki djúpt. Dalziel er í raun besta skinn, fínn húmoristi og hefur húmor fyrir sjálfum sér. Svona fýlupúkar eru iðulega þegar vel er að gáð skemmtilegustu menn enda pirringurinn bara leikur. Hluti af varnarkerfi viðkvæmrar sálar og endalaus uppspretta skemmtilegheita.

Dalziel er frábær persóna, góður kall og til fyrirmyndar þar sem utanáliggjandi geðvonska skaðar engan og er í raun mannkostur.



▶ 20.30 *Keppni*

PROJECT RUNWAY



▶ 20.50 *Spjall*

OPRAH



▶ 21.00 *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ 21.00 *Lífsstíll*

QUEER EYE FOR THE STRAIGHT GUY



▶ 18.30 *Fótbolti*

VILLARREAL – ARSENAL

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (43:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (29:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (53:65)** (Ducktails)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.30 Tískuþrautir (8:12)** (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**21.15 Svona er lífið (8:13)** (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri sem eiga erfitt með að hugsa um annað en stelpur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn í San Marínó um helgina.

**23.00** John Adams **23.55** Í Drungadal (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.35** Kastljós **2.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.15** 20/20 **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir** Sveppi, Auddi, Pétur Jóhann eru í banastuði um þessar mundir og láta gamminn geysa.
**20.05 Veggfóður (12:18)** Vala Matt er snúinn aftur á Stöð 2, þar sem hún hóf feril sinn í íslensku sjónvarpi.
▶ **20.50 Oprah (52:145)** Í þættinum í kvöld er aðalgesturinn Meg Ryan, sem hefur ekki veitt viðtal í tvö ár.
**21.35 Medium (5:22)** (Miðillinn) Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi. 2005.
**22.20 Strong Medicine (4:22)** Ný sería af þessum vönduðu spítalaþáttum.

**23.05** Stelpurnar **23.30** Abandon (Bönnuð börnum) **1.05** The Reunion **2.45** The Stepfather (1:2) (B. börnum) **3.55** The Stepfather (2:2) (B. börnum) **5.05** The Simpsons **5.30** Fréttir og Ís-land í dag **6.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.25 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**19.30 My Name is Earl (e)** (Monkeys In Space)
**20.00 Friends (13:24)** (Vinir 8)
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **21.00 My Name is Earl** Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu.
**21.30 Invasion (15:22)** (Nest) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst.
**22.15 Bikinimódel Íslands 2006**
**22.45 Bak við böndin**

**23.15** Þrándur bloggar **23.20** Friends (13:24) (e) **23.45** Sirkus RVK (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Heil og sæl (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 The Drew Carey Show (e)** Drew Carey frá Cleveland, Ohio er líklega ein skrítnasta sjónvarpspersóna sem sækir SKJÁEINN heim.
**20.00 Homes with Style** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt utan sem innan.
**20.30 Fyrstu skrefin**
▶ **21.00 Queer Eye for the Straight Guy**
**22.00 Law & Order: SVU** Þáttaröð sem segir frá lífi og glæpum í sérdeild í New York-lögreglunni.
**22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð** Gamall kærasti Carrie býður henni út að borða og ástarlífið hjá Möröndu blómstrar.

**23.20** Jay Leno **0.05** Close to Home (e) **0.50** Cheers (e) **1.20** Fasteignasjónvarpið (e) **1.30** Óstöðvandi tónlist

## SÝN

*besta sætið*

**7.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.20** Meistaradeildin með Guðna Bergs **7.40** Meistaradeildin með Guðna Bergs **8.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

**18.00** Meistaradeildin með Guðna Bergs

▶ **18.30 Meistaradeild Evrópu** (Villarreal – Arsenal) Bein útsending frá undanúrslitum í Meistaradeild Evrópu.
**20.35 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**20.55 Sænsku nördarnir** (FC Z) 15 nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu eða snerta fótbolta mynda knattspyrnulið og mæta besta liði Svíþjóðar eftir þrjá mánuði.
**21.45 Meistaradeild Evrópu** (Villarreal – Arsenal)

**23.25** Meistaradeildin með Guðna Bergs **23.45** US Masters

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Eurotrip (Bönnuð börnum) **8.00** Beethoven's 5th **10.00** The Curse of the Pink Panther **12.00** Duplex **14.00** Beethoven's 5th **16.00** The Curse of the Pink Panther **18.00** Duplex **20.00 Eurotrip** (Evrópurispa) Rómantísk gamanmynd þar sem allt getur gerst. Bönnuð börnum. **22.00 30, Still Single: Contemplating Suicide** Bönnuð börnum. **0.00** Fourplay (Bönnuð börnum) **2.00** Cheech and Chong's Next Movie (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** 30, Still Single: Contemplating Suicide (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Good Girls Gone Bad **13.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** Good Girls Gone Bad **17.30** 10 Ways **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Hollywood Nights Gone Bad **22.30** Child Stars Gone Bad **23.00** E! News **23.30** Child Stars Gone Bad **0.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Wigan – Aston Villa frá **16.00** Charlton – Portsmouth frá 17.04

**18.35 Birmingham – Blackburn (b)**
**20.45 Everton – Tottenham frá 15.04**
**22.45 Arsenal – WBA frá 15.04** Leikur sem fór fram síðastliðinn laugardag.

**0.45** Dagskrárlok


event

James Sewell Ballet



AUSTURBÆ 5. MAÍ
MIÐASALA HAFIN!

20% afsláttur í A svæði fyrir viðskiptavini í Gullvild Glitnis

GLITNIR

# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Arsenal-Villarreal **Sýn** kl. 18.30

## *Spútnikliðin mætast*



Seinni undanúrslitaleikur meistaradeildar Evrópu fer fram í kvöld en í gær áttust við stórliðin Barcelona og AC Milan. Í kvöld er hins vegar komið að Arsenal og Villarreal að kljást í fyrri leik liðanna um sæti í úrslitum meistaradeildarinnar, þar sem ekki einungis er barist um heiðurinn heldur einnig gríðarlegar fjárhæðir. Liðin tvö eiga nefnilega ekki öruggt meistarardeildarsæti víst heima fyrir og þess vegna gæti sigur verið þeirra eina von um sæti í þessari gullnámu knattspyrnuliða á næsta ári. Bæði liðin hafa reyndar komið nokkuð á óvart í meistaradeildinni í vetur og hafa bæði lið staðið sig mun betur á þeim vettvangi en í deild-arkeppninni í heimalandinu. Því verður hart barist í kvöld en leikurinn fer fram á heimavelli Arsenal, Highbury, og mun þetta vera seinasti Evrópuleikur sem þar fer fram.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7 | | | | 2 | |
| 1 | | 3 | | | 5 | | | |
| | | 2 | | | 8 | 9 | 1 | |
| | 3 | 6 | | | | | | 4 |
| | | | | 1 | | | | |
| 5 | | | | | | 7 | 8 | |
| | 4 | 9 | 1 | | | 6 | | |
| | | | 2 | | | 4 | | 1 |
| | 8 | | | | 4 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 3 | 6 | 1 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 8 | 1 | 5 | 4 | 9 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 4 | 1 |
| 1 | 4 | 6 | 3 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 |
| 5 | 2 | 4 | 1 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 |
| 9 | 3 | 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 2 | 6 |
| 6 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 5 |



**09.00** *Fréttir*

FRÉTTAVAKTIN FYRIR HÁDEGI

NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/markaðurinn/íþrótt-ir/veður/ leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar **14.00** Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir

**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45** **Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00** **Fréttir**
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgun-vaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Bóka-þátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarp-að á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnús-dóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying







## HRÓSIÐ

*...fá eigendur og rekstraraðilar verslunarinnar 12 Tóna en ný búð mun opna í Kaupmannahöfn í lok maí.*

## ÞRÍR SPURÐIR VIKA BÓKARINNAR HÓFST Í DAG

# *Hvað ertu að lesa?*



**Fróðlegur „non-fiction“**

„Ég er að lesa bók sem heitir The Temple and the Lodge sem er eftir sömu höfunda og gerðu The Holy Blood and the Holy Grail og fjallar um frímúraraeregluna. Ég les mjög mikið af svona „non-fiction“. Þessi bók byrjar í kringum árið 1300 þegar krossfararnir voru upp á sitt besta. Þetta er mjög fróðlegt eins og allt sem þeir skrifa.“

**Stefán Máni Sigþórsson, rithöfundur.**



**Herra Ómögulegur frábær**

„Síðasta bók sem ég las var í gærkvöldi [fyrrakvöld] og heitir Herra Ómögulegur. Þetta er frábær bók og það fannst okkur báðum, mér og syni mínum.“

**Bryndís Loftsdóttir hjá Eymundsson.**



**Spenntur fyrir Steinunni**

„Það er eitt og annað sem er í bígerð að fara að lesa. Ég er til dæmis búinn að vera á leiðinni að lesa Í fylgd með fullorðnum eftir Steinunni Ólínu. Ég er mjög spenntur og held að það sé frábær bók.“

**Björgvin Franz Gíslason, leikari.**



**LÁRÉTT**
**2** niður **6** frá **8** leyfi **9** sunna **11** til **12** splæs **14** eggjárn **16** borðaði **17** viljugur **18** hópur **20** ryk **21** sóða.

**LÓÐRÉTT**
**1** afturendi **3** tveir eins **4** mergð **5** óhróður **7** pedali **10** draup **13** gogg **15** stefna **16** árkvíslir **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 ofan, 6 af, 8 frí, 9 sól, 11 að, 12 stang, 14 skeri, 16 át, 17 fús, 18 lið, 20 im, 21 agða.

**LÓÐRÉTT:** 1 rass, 3 ff, 4 aragrúi, 5 níð, 7 fótstig, 10 lak, 13 nef, 15 ismi, 16 ála, 19 ðð.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Njarðvík.
2. Voyager of the Seas.
3. Varmaeldi ehf.

Upplýsingar í síma 580 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284
Lottó
Vinningstölur laugardaginn 15.4.2006
16 22 27 34 35
Einfaldur 1. vinningur nk. laugardag
Bónus tala 26
Jókertölur vikunnar
Jóker 2 9 7 7 6
Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA LOTTÓ Alltaf á miðvikudögum
Vinningstölur miðvikudaginn 12.4.2006
Aðaltölur
8 13 16 28 33 37
Bónustölur 17 39
Ofurtala 44
Tvöfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag
Jókertölur vikunnar
8 7 6 1 8
Fyrsti vinningur gekk út.
Birt með fyrirvara um prentvillur



**ÆVINTÝRALEG TÓNLEIKAFERÐ** Baggalútsmenn reyndu að kenna Rússum að meta kántrítónlist en þar í landi hlusta menn mikið á teknó. Sveitin náði þó að selja einhverja diska í Pétursborg og bolir merktir sveitinni ruku út. MYND: GUÐMUNDUR FREYR VIGFÚSSON

BAGGALÚTSMENN: KOMNIR HEIM FRÁ RÚSSLANDI

# Fengu óvænta innsýn í heilbrigðiskerfið

Hljómsveitin Baggalútur er nýkomin heim úr ævintýralegri tónleikaferð til Pétursborgar. Ferðin gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig en ferðasagan mun birtast landanum í formi heimildarmyndar í haust.

„Heimsfrægð er kannski ekki innan seilingar en þetta var samt afar skemmtileg ferð,“ segir Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason, spurður um gengi sveitarinnar í Pétursborg. „Rússar eru mikið fyrir teknótónlist og hlusta vart á annað en það er ekki ólíklegt að kántríbylgja eigi eftir að ríða yfir landið eftir heimsókn okkar þangað.“

Baggalútsmenn flugu til Helsinki í byrjun mánaðarins en þaðan var keyrt til Pétursborgar þar sem hljómsveitin dvaldi í fimm daga og spilaði í þremur klúbbum. „Bílferðin til Rússlands var nokkuð skrautleg því bílstjórinn skildi enga ensku svo það var lífsins ómögulegt að fá hann til þess að taka pissu- eða sjoppustopp,“ segir Bragi.

Fyrstu tónleikar hljómsveitarinnar voru í klúbbnum Jakata. „Þar var einhver viskíkynning í gangi og gestir voru uppstrílaðir og áttu ekki von á að heyra kántrítónlist á staðnum þannig að við komum þarna eins og skrattinn úr sauðaleggnum,“ segir Bragi. Næstu tónleikar voru betur heppnaðir en þeir voru haldnir í einum aðalklúbbi Pétursborgar, Griboedov, sem gegndi áður hlutverki neðanjarðarbyrgis. „Þeir tónleikar voru ljómandi skemmtilegir. Við vorum búnir að láta þýða textann við lagið „Pabbi þarf að vinna“ yfir á rússnesku og það féll afskaplega vel í kramið hjá Rússunum sem voru farnir að syngja með.“ Síðustu tónleikar sveitarinnar fóru fram á litlum sveittum bar, Fish Fabrique, en af þeim tónleikum missti Bragi reyndar þar sem hann var svo óheppinn að slasast illilega þegar hann var að príla yfir girðingu. „Ég fékk skurð á læri og var lagður inn á sjúkrahús og dvaldi þremur dögum lengur í landinu en restin af sveitinni,“ segir Bragi og ber sig vel þrátt fyrir meiðslin og bætir við: „Þetta var klaufalegt óhapp sem veitti mér óvænta innsýn í rússneskt heilbrigðiskerfi. Sem betur fer varð Kiddi eftir hjá mér enda gríðarlegt vesen sem fylgdi því að fá vegabréfsáritunina framlengda.“ Bragi segir ferðina í heild hafa verið mikið ævintýri en með í för var myndatökumaður sem festi allt á filmu. Nú tekur við heljarinnar klippivinna en með haustinu má reikna með að heimildarmynd úr ferðinni verði tilbúin til sýningar. Má þar meðal annars sjá hljómsveitarmeðlimi á sviði, missa af sjónvarpsviðtali í rússneska sjónvarpinu, borða ólystugan rússneskan mat, þvælast um borgina í Lödu-leigubifreiðum og skoða menningarverðmæti.

**- snæ**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Danir fengu að njóta orðfimi **Gerðar Kristnýjar Guðjónsdóttur** rithöfundar um páskahelgina, en þá birtist grein eftir hana í danska dagblaðinu Weekendavisen undir fyrirsögninni „Dús við drottninguna“. Samskipti frændþjóðanna er viðfangsefnið og leitast Gerður við að skýra fyrir Dönum „þær margræðu tilfinningar sem Íslendingar bera í brjósti til grannþjóðar sinnar“, eins og segir á heimasíðu Eddu útgáfu. Fyrirsögn greinarinnar vísar til þess þegar Gerði var brigslað um að hafa auðmýkt Margréti Þórhildi Danadrottningu á blaðamannafundi hér á landi um árið, eftir að hún þú-aði Margréti fram og til baka í spurningum sínum. Gerður áréttar að ekki hafi bágum mannasiðum verið um að kenna, heldur hafi íslensk skólayfirvöld ekki ætlað okkur svo stórt að komast í tæri við danska bláblóðunga og þess vegna ekki haft fyrir því að kenna þéringar og aðrar kóngakveðjur í grunnskóla, með þessum bagalegu afleiðingum. **-bs**



Þúsundþjalasmiðurinn **Friðrik Weisshappel** er ekki við eina fjölina felldur. Nýlega birti Fréttablaðið viðtal við hann og félaga hans þar sem hann sagði frá því að hann væri að opna sitt annað kaffihús í Kaupmannahöfn en fyrir rekur hann Laundromat café á Norðurbrú. Friðrik lætur sér kaffihúsareksturinn hins vegar ekki duga því nýlega tók hann þátt í leiksýningu í borginni undir nafninu „Status N“. Sýningin var óvenjuleg að því leyti að 30 íbúar á Norðurbrú voru fengnir til þess að taka þátt í henni þar sem þeir léku sjálfan sig en verkið fjallaði um lífið á Norðurbrú. Þótti Friðrik standa sig með prýði en hlutverk hans fólst meðal annars í því að bjóða kaffi og segja hjartnæma sögu um gamlan mann og brjóstsykur.

# Fleiri snafsategundir fyrir sælgætisgrísi

Rauði Ópalsnafsinn frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar hefur svo sannarlega verið vinsæll á börum landsins í vetur, ekki síst eftir athugasemdir leikstjórans Quentins Tarantino sem líkti honum við eitur. Nýlega kom á markaðinn ný bragðtegund af snafsinum fræga, blár Ópal, með mentolbragði. Þá er einnig komin ný tegund af Tópassnafsinum sem nú er einnig fáanlegur fjólublár með kunnuglegu pipar- og lakkrísbragð. Eins og marga sælgætisgrísi rekur líklega minni til þá hurfu bláu Ópaltöflurnar af markaðnum ekki alls fyrir löngu en þeir geta ekki endurnýjað kynnin við bláa Ópalinn í fljótandi formi. Nýi Ópalsnafsinn á nefnilega ekkert sammerkt með gamla góða bláa Ópalnum nema merkið, sem er blátt. „Liturinn er hvítskýjaður og bragðið minnir á hálsbrjóstsykur,“ segir Bjarni Brandsson á markaðsdeild Ölgerðarinnar.

Að hans sögn hefur Ölgerðin varla undan að svara erlendum fyrirspurnum um Ópalskotin, sérstaklega frá Bandaríkjunum en enn sem komið er er ekki hægt að fá snafsinn á þarlendum börum. „Þessi athugasemd Tarantinos hefur kveikt forvitni fólks. Það hefur verið mikið skrifað um snafsinn í erlendum tímaritum og íslensku sendiráðin hafa fengið mikið af fyrirspurnum,“ segir Bjarni. Ölgerðin hefur þó enn ekki sent Tarantino flösku af bláa Ópalsnafsinum enda ekki víst að sá falli honum endilega betur í geð en sá rauði. „Við erum hins vegar búnir að láta prenta boli með athugasemd Tarantinos: „This must taste like poison“ sem við erum að fara að dreifa á bari landsins.“

**- snæ**




**BLÁR ÓPAL OG FJÓLUBLÁR TÓPAS** Bjarni Brandsson á markaðsdeild Ölgerðarinnar hampar hér grænum Tópas og rauðum Ópal en nú hafa tvær nýjar bragðtegundir bæst við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Boðið verður upp á leiðsögn um háskólaþorpið, skemmtun fyrir börnin og kaffi og vöfflur að lokinni heimsókn.

- Allar deildir háskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum aðilum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja.
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapar skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða Nemendagarða verður til sýnis.
- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis s.s. líkamsrækt, baðsvæði, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg munu kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi, kakó og vöfflur á Kaffi Bifröst.

**Allir velkomnir.**

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**





NFS ICELANDAIR
27.-30. apríl
Á NASA við Austurvöll.
www.riteofspring.is




**BAKÞANKAR**


GERÐAR KRISTNÝJAR


## *Til hamingju Ísland!*

Fimleikar eru ein erfiðasta og fallegasta íþrótt sem til er. Þeir útheimta kraft, fimi, snerpu og líka þor, enda ekki fyrir kjarklausa að fara heljarstökk á jafnvægisslá. Fimleikar hafa getið af sér margar goðsagnir og nægir þar að nefna Olgu Korbut frá Hvíta-Rússlandi sem hætti sér í svo flóknar en um leið svo fallegar æfingar að áhugi heimsins á íþróttinni jókst til muna, Rúmenann Nadiu Comaneci sem sló í gegn á ólympíuleikunum árið 1976, aðeins 14 ára gömul, og bandarísku stúlkuna Mary Lou Retton sem gerði það gott á ólympíuleikunum árið 1984. Mary Lou naut þjálfunar Bela Karolyi sem þjálfaði líka Nadiu og náði að flýja frá Rúmeníu á undan henni.

**HETJURNAR** eru auðvitað mun fleiri og enn get ég heyrt Bjarna Fel fyrir mér fara með nöfn þeirra Natalíu Sjabasnikóvu og Helenu Múkíni. Það voru stórir dagar þegar Bjarni lagði boltann til hliðar og sýndi frá fimleikamótum. Í huga mínum voru keppnisstúlkurnar stjörnur. Þess vegna var ég bæði glöð og stolt þegar ég heyrði að Sif Pálsdóttir úr Gróttu hefði orðið Norðurlandameistari í fimleikum kvenna. Þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingar vinna þennan titil og því ástæða til að gleðjast.

**ÞAÐ** var magnað að heyra Sif lýsa því í útvarpsviðtali hvernig hún undirbýr sig andlega fyrir keppnir en kvöldið fyrir mót fer hún í gegnum allar æfingarnar í huganum. Hún sagði líka frá því að lengi hefði hún óttast að tapa og leitaði af þeim sökum til sálfræðings. Þegar síðan kom að því að hún tapaði gerðist ekki neitt. Það var alls ekki jafnhræðilegt og hún hafði haldið. Af þessu sést vel hvað Sif hefur lagt mikið á sig fyrir íþróttina og nú hefur erfiðið skilað sér í Norðurlandameistaratitli. Í fyrstu beið ég eftir því að hún yrði hyllt í Smáralindinni eins og ekki þykir tiltökumál þegar fegurðardrottning kemur heim með kórónu og tekur glaðbeitt við hamingjuóskum frá æðstu mönnum þjóðarinnar en það hefur enn ekki gerst.

**SAMFÉLAGIÐ** rúmar nefnilega ekki alla þá fjölbreytni sem þjóðin býr yfir. Það er fyrirfram gefið hverjum á að hampa og hvernig það er gert. Söngkonur, handbolta- og fótboltakarlar, fegurðardrottningar, leikarar og sjónvarpsfólk eru á meðal þeirra sem eiga vísan stað í hjarta þjóðarinnar. Þrotlausar æfingar við eina erfiðustu íþrótt heims „gleymast furðufljótt þegar skellur á niðdimm nótt“, eins og segir í textanum.

**ÉG** tek mér hins vegar það bessaleyfi að óska Sif til hamingju með árangurinn og þjóðinni fyrir að hafa eignast þessa afrekskonu.


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



www.toyota.is




## Næst ekur þú Avensis

Stundum er afskaplega erfitt að bæta við. Avensis er þannig bíll. Hann hefur einfaldlega allt sem þú þarft. Hvort sem um er að ræða afl, tæknibúnað, aksturseiginleika eða þægindi. Avensis uppfyllir og fer fram úr væntingum þínum.

Avensis er hugarsmíði þess bílaframleiðanda sem hefur komist í fremstu röð Formúlu 1 á aðeins fimm árum. Við væntum mikils á komandi keppnistímabili og í kjölfar fyrstu keppninnar í Bahrain bjóðum við 42" Panasonic plasmasjónvarp að verðmæti 250.000 kr. með öllum Avensis sem afhentir eru fyrir 20. júní n.k.

**Verð frá 2.350.000 kr.**

## Panasonic 42" plasmasjónvarp

að verðmæti **250.000** kr. fylgir öllum **Avensis**

TODAY TOMORROW TOYOTA

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Reykjanesbæ<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 421-4888 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 |